

# ÁRSSKÝRSLA 2011



*Íslandsbanki*

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	Lykiltölur	2
<b>2</b>	Ávarp stjórnarformanns	4
	2.2 Stjórnarhættir	6
	2.3 Bankastjórn	12
<b>3</b>	Ávarp bankastjóra	14
<b>4</b>	Þróun efnahagsmála	16
<b>5</b>	Yfirlit um starfsemi	18
	5.2 Viðskiptabankasvið	26
	5.3 Fyrirtækjasvið	30
	5.4 Markaðir	34
	5.5 Eignastýring	36
<b>6</b>	Framkvæmdastjórn	40
<b>7</b>	Mannauður	42
<b>8</b>	Samfélagsleg ábyrgð	44
<b>9</b>	Ársreikningur	51

# 1 Lykiltölur

## Heildarafkoma ársins 2011






ISK m	2011	2010
Hreinar vaxtatekjur	31.225	34.874
Hrein virðisbreyting	( 1.220)	13.993
Hreinar þóknatekjur	5.966	7.380
Aðrar rekstrartekjur	4.480	(687)
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>40.451</b>	<b>55.560</b>
Rekstrarkostnaður	( 19.870)	( 17.866)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	( 17.873)	-
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	( 965)	( 607)
Áhrif hlutdeildarféлага	39	-
Hagnaður fyrir skatta	1.782	37.087
Tekjuskattur	( 75)	( 7.214)
Bankaskattur	( 682)	( 221)
Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi	1.025	29.652
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti	841	( 283)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>1.866</b>	<b>29.369</b>

## Efnahagur og afkomutölur

ISK m	2011	2010
Heildareignir	795.915	683.222
Heildarútlán	608.049	546.031
Heildarinnlán	525.788	433.396
Eigið fé	123.703	121.463

## Kennitölur

Afkoma eiginfjár	1,5%	28,5%
Grunnkostnaðarhlutfall	56,0%	43,7%
Vaxtamunur	4,5%	5,0%
Eiginfjárhlutfall A	19,1%	22,6%
Eiginfjárhlutfall B	22,6%	26,6%
Hlutfall heildarinnlána af heildarútlánum	86,5%	77,5%
Hlutfall innlána viðskiptamanna af útlánum til viðskiptamanna	82,0%	63,5%
Meðalstöðugildi - samstæða	1.344	1.080
Meðalstöðugildi - móðurfélag	1.003	933



## 2 Ávarp stjórnarformanns

Miklar breytingar hafa átt sér stað innan Íslandsbanka frá því að hann var stofnaður á haustdögum 2008. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með því metnaðarfulla uppbyggingarstarfi sem farið hefur fram á þeim tíma. Stjórn bankans hefur tekið virkan þátt í því starfi með stjórnendum og starfsmönnum.



Friðrik Sophusson

### Heilbrigður grunnrekstur í erfiðu árferði

Grunnrekstur Íslandsbanka styrktist á árinu 2011 og meira jafnvægi er nú í rekstri hans. Sterk eiginfjárstaða bankans hefur gert honum kleift að starfa í því óvissuástandi sem ríkt hefur hér á landi en vonandi sér fyrir endann á því ástandi fyrr en síðar. Kaup Íslandsbanka á öllu hlutafé í Byr auka hagkvæmni í rekstri bankans og efla þjónustu hans. Sameiningin var einnig mikilvægt framlag til hagræðingar á íslenskum fjármálamarkaði. Þá lagði Íslandsbanki sitt lóð á vogaskálarnar í enduruppbyggingu fjármálamarkaðarins hér á landi með útgáfu á sértrygðum skuldabréfum í Kauphöll Íslands en bankinn var sá fyrsti til að gefa út verðbréf eftir hrun.

### Brýn viðfangsefni

Rekstarumhverfi fyrirtækja hér á landi er vissulega stöðugra í dag en það var á fyrstu árunum eftir hrun. Hjá Íslandsbanka hefur fjárhagur um 3000 fyrirtækja verið endurskipulagður og ættu þau þannig að vera betur í stakk búin til að ráðast í ný verkefni og fjárfestingar. Þegar lítið er til hlutfalls eftirgjafar skulda og leiðréttinga af heildarútlánunum til fyrirtækja er það um 17% af upphaflega lánasafninu en hjá einstaklingum er hlutfallið um 26%. Hins vegar er ljóst að áframhaldandi réttaróvissa um lögmæti einstakra lánategunda mun draga endurreisnarstarfið á langinn með tilheyrandi afleiðingum.

Skattaumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur breyst mikið síðustu þrjú ár. Þótt vissulega sé þörf fyrir aukna tekjuöflun ríkissjóðs eftir efnahagsáfallið 2008 er mikilvægt að stjórnvöld gæti höfs í þessum eignum og þyngi ekki starfsemi fjármálafyrirtækja með séríslenskum sköttum sem eru í engu samræmi við skattlagningu á alþjóðavettvangi. Nýir skattar og ný gjöld á fjármálastarfsemi lenda fyrr eða síðar á viðskiptavinum bankanna og tefja uppbyggingarstarfið.

Þó svo að aðstæður í atvinnulífi hafi batnað frá hruni standa íslensk fyrirtæki og stjórnvöld frammi fyrir viðfangsefnum sem þau geta ekki vikið sér undan að takast á við. Afar brýnt er að stjórnvöld móti skýra og trúverðuga stefnu um afnám gjaldeyrishafta sem verður framfylgt á næstu misserum. Gjalddeyrishöftin stuðla vissulega að stöðugleika til skemmri tíma en ljóst er að þau eru atvinnu- og efnahagslífinu skaðleg til lengri tíma lítið. Hættan er sú að íslensk fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum gefi starfsemi sína á Íslandi upp á bátinn og flytji hana úr landi. Sömuleiðis vinna höftin gegn bráðnaðsynlegri erlendri fjárfestingu hér á landi. Stjórnvöld og Seðlabanki Íslands verða því að leita eftir viðtæku samstarfi við innlenda og erlenda aðila um að losa hagkerfið úr viðjum gjaldeyrishafta eins fljótt og unnt er.

### Góðir stjórnarhættir og uppbygging trausts

Kröfur til stjórnarmanna í fyrirtækjum, ekki síst fjármálafyrirtækjum, hafa verið stóruaukar á undanförunum árum. Stjórn Íslandsbanka hefur á liðnu starfsári lagt áherslu á að bæta stjórnarhætti bankans. Meðal annars var hleypt af stökkunum verkefni í því skyni að kortleggja ákvarðanatökufærla innan bankans. Markmiðið er að tryggja að fyrir hendi séu kerfi og ferlar sem lágmarka áhættu, styðja við góða stjórnarhætti og að stjórnkerfi bankans sé ávallt í samræmi við það sem best gerist.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á regluverki íslensks fjármálamarkaðar, það verið styrkt og framlög til eftirlitsaðila aukin umtalsvert. Mikilvægt er að fylgjast náið með þeirri miklu vinnu sem fram fer á alþjóðlegum vettvangi í tengslum við endurskoðun á eftirliti og regluverki fjármálageirans. Það er brýnt að íslenskt regluverk sé í samræmi við það sem gerist í nágrannaríkjum okkar.

Eitt mikilvægasta verkefni fjármálageirans er að endurheimta traust almennings, fyrirtækja og erlendra fjárfesta. Öllum er ljóst að það tekur tíma og krefst staðfestu og fyrirhafnar. Allt starf Íslandsbanka miðar að því að veita stórum sem smáum viðskiptamönnum fyrirmyndarþjónustu og skapa sterk tengsl við þá til lengri tíma. Þess vegna fagnar bankinn því að viðskiptavinir hans skuli samkvæmt mælingum vera ánægðustu viðskiptamenn banka hér á landi.

### **Eignarhald Íslandsbanka**

Íslandsbanki er í 95% eigu ISB Holding sem er óháð eignarhaldsfélag en íslenska ríkið á 5% hlut í bankanum. Meirihluti stjórnarmanna í Íslandsbanka er óháður eigendum bankans og voru fengnir til starfa vegna sérþekkingar þeirra og reynslu í fjármálastarfsemi og stjórnun. Eigendur Íslandsbanka hafa ekki skipt sér af daglegum ákvörðunum, en sýnt yfirstjórn bankans skilning og stuðning í þeim fjölmörgu verkefnum sem eru til úrlausnar. Núverandi eigendur hafa lýst því yfir að þeir ætli sér ekki að verða framtíðareigendur bankans. Eigendur, stjórn og stjórnendur bankans hafa því fengið til liðs við sig sérfræðinga til að skoða aðkomu innlendra og erlendra fjárfesta að Íslandsbanka. Sú vinna sækist vel en þó er ljóst að vegna óvissuástands á erlendum fjármálamálamörkuðum má gera ráð fyrir að breyting á eignarhaldi bankans taki lengri tíma en ella.

### **Mannauður**

Stjórn hefur á undanförunum árum átt ánægjulegt samstarf og samskipti við fjölmarga starfsmenn Íslandsbanka. Nýir liðsmenn bættust í hópinn á síðasta ári þegar starfsmenn Byrs gengu til liðs við bankann og býð ég þá velkomna til starfa. Starfsfólk bankans hefur tekist á við fjölmargar áskoranir á undanförunum árum. Sérstaklega ber að nefna framlinufólkið sem starfar oft við erfiðar aðstæður. Kannanir hafa þó sýnt að starfsánægja er mikil og starfsandi góður í Íslandsbanka og það hefur verið afar ánægjulegt að fylgjast með því hvernig starfsmenn bankans hafa nálgast verkefni sín af jákvæðni og fagmennsku.

### **Þátttaka í samfélagsverkefnum**

Íslandsbanki vill hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Bankinn lítur á sig sem mikilvægan þátttakanda í verðmætasköpun þjóðarinnar með því að veita fjármagni til arðsamra verkefna. Íslandsbanki vill einnig styðja við bak viðskiptavina sinna, hvort sem um er að ræða heimili eða fyrirtæki. Stefna bankans í samfélagsmálum grundvallast þannig á því að rekstur bankans sé heilbrigður í viðum skilningi þess orðs. Aðeins þannig getur bankinn látið gott af sér leiða. Íslandsbanki hefur á liðnu ári tekið þátt í fjölda samfélagsverkefna um allt land og er fjallað sérstaklega um þau í þessari ársskýrslu.

### **Öflugt atvinnulíf er forsenda endurreisnar**

Ekkert skiptir meira máli en að byggja upp heilbriggt og gott atvinnulíf, sem tryggir hagvöxt og leggur grunn að góðum lífsskjörum þjóðarinnar. Stjórnvöld verða að tryggja stöðugleika og vinna þarf gegn tортryggni í garð viðskipta og fjárfestinga, sem eru þjóðinni nauðsynleg til að fjölga störfum og vinna bug á atvinnuleysinu. Hagvöxtur sem einungis byggir á aukinni einkaneyslu er ekki sjálfbær. Efling atvinnulífsins er forsenda þess að allir fái tækifæri við hæfi til að taka þátt í endurreisn efnahags íslensku þjóðarinnar. Íslandsbanki hefur ekki látið sinn hlut eftir liggja í þessum efnum og mun áfram leggja sitt af mörkum í framtíðinni.

*Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka*

## 2.2 Stjórnarhættir


Góðir stjórnarhættir stuðla að því að trúnaður og traust ríki milli hluthafa, stjórnar, stjórnenda, starfsmanna og annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í bankanum. Skýr rammi um stjórnarhætti styrkir innviði, eykur ábyrgð í stjórnun og rennir þannig styrkari stoðum undir arðsemi hans.

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við almennar leiðbeiningar um stjórnarhætti sem lúta eftirliti opinberra stjórnvalda, laga og regna. Meðal þeirra eru lög um hlutafélög, lög um fjármálafyrirtæki, reglur Kauphallar og leiðbeiningar um stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði, Kauphöll Íslands á Íslandi og Samtökum atvinnurekenda.

Stjórnun og yfirráð yfir Íslandsbanka skiptast á milli hluthafa, stjórnar og forstjóra í samræmi við þann ytri lagaramma sem lýst er að ofan auk samþykktu bankans og annarra tilmæla stjórnarinnar.

### Hluthafafundir

Í samræmi við lög um hlutafélög og samþykktir bankans fara hluthafar með æðsta vald í málefnum bankans á hluthafafundum. Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Á aðalfundi taka hluthafar ákvarðanir um starfsemi og stjórnun bankans á komandi ári. Þar með talið eru kosningar í stjórn bankans, val á endurskoðendum, ársreikningar eru lagðir fram til samþykktar fyrir liðið ár, starfskjarastefna er lögð fram til samþykktar sem og ákvörðun um arðgreiðslur auk breytinga á samþykktum bankans, þegar við á.




#### Stjórnskipulag Íslandsbanka

##### Ytri starfsrammi

Lög, reglugerðir, leiðbeiningar og kauphallarreglur.

##### Innri starfsrammi

Samþykktir, verklagsreglur, siðareglur, fyrirmæli, verklýsingar og gildi.



### Skipurit Íslandsbanka

Heimild til setu á hluthafafundum hafa hluthafar eða fulltrúar þeirra auk ráðgjafa. Á hluthafafundum fylgir almennt eitt atkvæði hverjum hlut og ræður fjöldi atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum bankans eða landslögum.

Aðalfundur Íslandsbanka er haldinn í Reykjavík. Fundargerðir aðalfundar má finna á vef bankans, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

### Samþykktir

Samþykktir Íslandsbanka kveða á um innri málefni bankans og stjórnun hans. Samþykktirnar hafa að geyma ákvæði um nafn bankans, hlutafé, hluthafafundi, kosningu stjórnar, skyldur og ábyrgð stjórnar og forstjóra.

### Stjórn

Í stjórn bankans sitja sjö aðilar og jafnmargir varamenn sem kosnir eru á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans né aldurstakmörk.

Stjórnarmenn félaga sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins verða að undirgangast hæfismat. Þetta ferli var innleitt af Fjármálaeftirlitinu til þess að styrkja eftirfylgni með reglum um hæfi stjórnarmanna og, sem er ekki

síður mikilvægt, til þess að gera þá meðvitaða um þá þekkingu og ábyrgð sem krafist er af þeim sem stjórnarmönnum. Fjármálaeftirlitið hefur skipað ráðgefandi nefnd sem boðar stjórnarmenn til viðtals um þekkingu þeirra og skoðanir á málefnum er tengjast starfsemi bankans sem og ábyrgð þeirra sem stjórnarmanna. Allir stjórnarmenn Íslandsbanka hafa staðist þetta mat. Upplýsingar um stjórnarmenn er að finna í kafla 2.3.

Stjórn Íslandsbanka fer með æðsta vald bankans á milli hlutahafafunda nema þegar samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn bankans ber ábyrgð á eftirliti með starfseminni, skipulagi hennar og almennri fjárhagsstöðu bankans í samræmi við ytri og innri lagareglur. Starf stjórnar felur meðal annars í sér en takmarkast ekki við að:

- Samþykkja helstu þætti í skipuriti bankans
- Skipa forstjóra bankans (einn eða fleiri)
- Skipa forstöðumann innri endurskoðunar
- Ákveða hvaða starfsmenn megi skuldbinda bankann og setja reglur um slíkar heimildir
- Samþykkt stefnuskjala um helstu áhættuþætti í starfsemi bankans, í samráði við forstjóra
- Samþykkja endanlegar afskriftir á eignum og lánnum bankans
- Setja ramma um og hafa eftirlit með áhættustýringu bankans og skilgreina áhættuvilja hans.
- Bera endanlega ábyrgð á innra eftirliti



- Fjalla um önnur málefni sem kveðið er á um hverju sinni í lögum um fjármálafyrirtæki eða lögum um hlutafélög
- Leggja fram tillögur til aðalfundar um ráðstöfun hagnaðar

Stjórn bankans hélt 19 fundi á árinu 2011. Auk þeirra skyldna sem lýst er að ofan fór stjórn bankans yfir og samþykkti til að mynda fimm ára viðskiptaáætlun bankans, skýrslu um innra mat á eiginfjárbörð og starfskjaramál.

#### Stjórnarformaður

Stjórnarformaður er kosinn á hluthafafundi. Stjórnin kys varaformann úr hópi stjórnarmanna. Stjórnarformaður skipuleggur og leiðir starf stjórnarinnar og boðar stjórnarfundum. Stjórnarformaður skal hafa regluleg samskipti við forstjóra, tryggja að stjórnin fái fullnægjandi upplýsingar og aðgang að skjölum og ganga úr skugga um að stjórnin ljúki hinu skyldubundna sjálfsmati á starfi sínu á ári hverju.

Auk hinna reglulegu stjórnarfunda ber einnig að halda stjórnarfundum óski stjórnarmaður eða forstjóri eftir því. Ályktun sem lögð er fram á stjórnarfundum er aðeins samþykkt með meirihluta atkvæða og verður þá bindandi fyrir bankann.

#### Forstjóri

Forstjóri, sem stjórn bankans skipar, er ábyrgur fyrir daglegri stjórn á rekstri hans í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar. Það er einnig hlutverk forstjóra að tryggja að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir og viðeigandi lög.

#### Undirnefndir stjórnar

Í samræmi við starfsreglur stjórnar hefur hún tilnefnt sérstakar vinnunefndir sem allar eru skipaðar stjórnarmönnum. Nefndirnar eru: endurskoðunarnefnd; nefnd um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál; áhættunefnd stjórnar og lánanefnd stjórnar. Hver nefnd fyrir sig miðlar svo upplýsingum um starf sitt til stjórnar.

#### Endurskoðunarnefnd stjórnar

Endurskoðunarnefnd, skipuð þremur stjórnarmönnum, aðstoðar stjórn bankans við að hafa eftirlit með reikningshaldi og endurskoðun á meiriháttar bókhalds- og reikningsskilamálum, skilvirkni innra eftirlits í bankanum, skipulagi áhættustýringar sem og regluvörslu. Nefndin hefur meðal annars með höndum:

- Mat á upplýsingagjöf stjórnenda varðandi fjárhagsleg málefni
- Að leggja fram tillögu um val á óháðum endurskoðendum, mat á sjálfstæði þeirra og öðrum verkefnum sem endurskoðendur framkvæma
- Eftirlit með endurskoðun á ársreikningum og samstæðureikningum
- Yfirferð áætlana um endurskoðun, starfsemi, starfsmannahald og skipulag innri endurskoðanda samstæðu
- Yfirferð endurskoðunarskýrslna og mikilvægra niðurstaðna auk framlagðra tillagna er varða endurskoðun
- Mat á því hvort reikningar séu í samræmi við upplýsingar sem nefndarmenn búa yfir og hvort að þær endurspegli viðeigandi endurskoðunarvenjur
- Önnur mál sem stjórnin felur nefndinni

#### Nefnd stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál

Nefnd um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál, skipuð fjórum stjórnarmönnum, ber ábyrgð á því að aðstoða stjórn bankans við að setja fyrirtækinu markmið og veita yfirsýn yfir samband bankans við stjórnendur og stjórn, hluthafa og aðra hagsmunaaðila með það að markmiði að skýra ábyrgð. Nefndin ber einnig ábyrgð á því að aðstoða stjórnina við að meta árangur stjórnarmanna. Önnur ábyrgðarsvið fela í sér að:

- Leggja skýrar línur um ábyrgð og ábyrgðarskyldu
- Útbúa leiðbeiningar til þess að tryggja yfirstjórn fullnægjandi yfirsýn
- Aðstoða stjórn við setningu markmiða er varða starfssvið nefndarinnar

- Veita almenna leiðsögn og stefnu um laun og önnur starfskjaramál starfsmanna, skipun eða brottrekstur forstjóra og kaupréttaráætlanir starfsmanna
- Ráðleggja stjórn um hvernig best sé að ráðstafa mannaúði bankans

### Áhættunefnd stjórnar

Áhættunefnd stjórnar, skipuð þremur stjórnarmönnum, ber ábyrgð á því að endurskoða aðferðir við áhættustýringu sem notaðar eru af framkvæmdastjórn í starfsemi bankans og leggja fram lýsingu til stjórnar á helstu áhættum sem bankinn stendur frammi fyrir. Nefndin ber einnig ábyrgð á að endurskoða reglur settar af stjórninni um áhættustýringu. Nefndin leggur fyrir stjórn tillögur, meðal annars, um:

- Áhættuvilja
- Innra mat á eiginfjárbörf
- Fjárhagsleg markmið sem skipta máli fyrir áhættustýringu
- Útlánaheimildir eftir áhættustigi
- Takmörk á eign í eigin hlutabréfum
- Takmörk á stórum áhættuskuldbindingum
- Takmörk á gjaldmiðla-, lausafjár- og vaxtaáhættu
- Notkun áhættumælinga við verðlagningu á útlánunum
- Leiðbeiningar á takmörkunum á hámarks-lánaskuldbindingu til einstakra lántakanda eftir áhættuflokki og verðlagningu útlána

### Lánanefnd stjórnar

Lánanefnd stjórnar, skipuð fjórum stjórnarmönnum, tekur fyrir og gerir tillögur til stjórnar um lánamál sem fela í sér útlánaheimildir til viðskiptavina eða afskriftir sem eru umfram heimildir áhættunefndar bankans. Nefndin ber meðal annars ábyrgð á að:

- Endurskoða útlánastefnu
- Veita yfirsýn yfir endurskipulagningu lánasafns bankans og hvernig stjórnendur framkvæma hana

### Skipulag nefnda áhættustýringar

Áhættunefnd, efnahagsnefnd, fjárfestingaráð og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar

út ítarlegar leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans. Skipan nefnda er ákveðin af bankastjóra en erindisbréf þeirra og vinnureglur eru samþykktar af stjórn.

### Áhættunefnd

Áhættunefnd fer með stjórn og eftirlit útlánamála og annarrar mótaðilaáhættu í samræmi við lánastefnu og útlánareglur bankans. Nefndin ber einnig ábyrgð á samþjöppunaráhættu á samstæðugrundvelli. Áhættunefnd getur veitt undirnefndum valdheimildir og ákvarðar útlánaheimildir einstakra starfsmanna. Áhættunefnd og sérhver undirnefnd hennar tekur afstöðu til einstakra lánamála er varða útlán eða mótaðilaáhættu í samræmi við heimildir sínar. Ákvörðunum varðandi áhættuskuldbindingar, sem eru umfram þær heimildir sem nefndin hefur, skal vísað til æðri nefndar með viðeigandi heimildir. Lánveitingum sem eru umfram heimildir áhættunefndar skal vísa til stjórnar. Áhættunefnd ber einnig ábyrgð á að samþykkja vörur og þjónustu samkvæmt formlegu vörusamþykktarferli bankans.

### Efnahagsnefnd


Efnahagsnefnd hefur umsjón með öðrum fjárhagslegum áhættum eins og markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og vaxtaáhættu í fjárfestingabók. Efnahagsnefnd ákveður og setur viðmið fyrir þessa áhættuþætti og markar stefnu bankans varðandi markaðsáhættu og lausafjáraáhættu. Nefndin hefur einnig yfirumsjón með ráðstöfun eigin fjár og innri verðlagningu.

### Fjárfestingaráð

Fjárfestingaráð tekur ákvarðanir varðandi kaup eða sölu hluta í fyrirtækjum sem og aðrar tegundir fjárfestinga til dæmis í fjárfestingarsjóðum og fasteignum.

### Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn stýrir stefnu bankans varðandi rekstraráhættu á samstæðugrundvelli. Stefna bankans um rekstraráhættu fjallar um hvernig rekstraráhætta er skilgreind, metin, mæld, hvernig eftirliti er háttað og hvernig



Skipurit áhættustýringarnefnda

rekstraráhætta er takmörkuð. Þar að auki hefur framkvæmdastjórnin eftirlit með orðsporsáhættu, viðskiptaáhættu og stefnumótunaráhættu.

### Áhættuskýrsla

Til viðbótar við ársskýrslu sína gefur Íslandsbanki út víðtæka áhættuskýrslu. Áhættuskýrslan veitir ítarlegar upplýsingar um skipulag áhættustýringar hjá bankanum, fjármagnsskipan, eiginfjármat, stórar áhættuskuldbindingar og áhættumat. Áhættuskýrslan er aðgengileg á vef bankans.

### Endurskoðun samstæðunnar

#### Innri endurskoðun

Innri endurskoðun samstæðunnar veitir Íslandsbanka sjálfstæða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjafarþjónustu sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Hún hjálpar bankanum að meta og bæta skilvirkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna. Ennfremur leiðir innri endurskoðun samstæðunnar innri rannsóknir á meintu misferli í starfseminni. Verksvið innri endurskoðunar er að ákvarða hvort ferli sem bankinn beitir við áhættustýringu, eftirlit og stjórnun, samkvæmt ákvörðun og framsetningu stjórnenda, séu fullnægjandi og tryggja að:

- Áhættuþættir séu skilgreindir með viðeigandi hætti og að þeim sé stýrt með virkum hætti
- Komið sé auga á álitafni af lögfræðilegum toga og þau meðhöndluð með viðeigandi hætti
- Störf starfsmanna séu í samræmi við stefnu bankans, staðla, verklagsreglur og gildandi lög og reglur

- Verkefnum sé lokið og áætlanir og markmið náist.
- Hugað sé að gæðamálum og stöðugum umbótum í eftirlitsferli bankans.
- Mikilvægar upplýsingar um fjármál, stjórnun og rekstur séu réttar, áreiðanlegar og berist tímanlega.
- Aðfanga, þar með talið aðfanga sem sótt eru utan bankans, sé aflað með hagkvæmum hætti, notkun þeirra sé skilvirk og meðferð þeirra trygg.

Forstöðumaður innri endurskoðunar er skipaður af stjórn og stýrir deildinni samkvæmt umboði frá henni. Innri endurskoðandi ber ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Íslandsbanka þ.e. bæði innan bankans og dótturfélaga og þar með talið verkefnum sem hefur verið úthýst. Innri endurskoðun samstæðu ber ekki ábyrgð á innra eftirliti eða framkvæmd þess.

#### Endurskoðandi bankans

Eins og kveðið er á um í samþykktum bankans og lögum um fjármálafyrirtæki þá skulu endurskoðendur bankans kosnir á aðalfundi bankans, til fimm ára í senn. Á aðalfundi bankans árið 2010 var Deloitte hf. kosið sjálfstætt endurskoðunarfélag Íslandsbanka. Deloitte er löggilt endurskoðunarfélag og sjálfstæður lögaðili sem tilheyrir neti fyrirtækja undir nafninu Deloitte Touche Tohmatsu.

#### Regluvarsla

Regluvörður Íslandsbanka er skipaður af forstjóra og hefur sjálfstæða stöðu í skipuriti bankans. Stjórn bankans verður að staðfesta skipun regluvarðar og

sækir regluvarslan umboð sitt frá stjórn. Íslandsbanka ber að starfrækja regluvörslu, annars vegar sem fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfavíðskipta og hins vegar sem útgefandi skráðra fjármálagerninga. Hlutverk regluvörslu er að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana Íslandsbanka sem miða að því að bankinn, stjórn og starfsmenn starfi ávallt í samræmi við gildandi lög, reglugerðir, innri reglur bankans og viðhafi ávallt heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Stjórn bankans hefur heimild til að fela regluvörslu frekari en framangreind hlutverk, séu þau í samræmi við lögbundnar skyldur. Regluvörður sendir forstjóra og stjórn Íslandsbanka skýrslu árlega.


Áhættu tengda þeirri starfsemi bankans sem regluvarsla hefur eftirlit með (e. compliance risk) er hægt að skilgreina sem áhættu á að viðurlögum sé beitt, bankinn verði fyrir fjárhagstjóni eða að orðspor bankans skaðist vegna þess að viðeigandi lögum og reglugerðum hefur ekki verið fylgt. Regluvarsla í samstarfi við innri endurskoðun framkvæmir sérstakt hæfispróf sem lagt er fyrir framkvæmdastjórn og lykilstarfsmenn. Regluvarsla Íslandsbanka hefur meðal annars eftirlit og/eða umsjón með:

- Að gildandi lögum, reglugerðum og innri reglum Íslandsbanka um fjárfestavernd, skv. II kafla laga um verðbréfavíðskipti, sé ávallt fylgt í starfsemi bankans
- Viðskiptum með virka eignarhluti eiganda, stjórnenda og starfsmanna
- Að aðskilnaður starfssviða og kerfa (kínamúrar) séu í samræmi við gildandi lög og reglur
- Að setja saman og viðhalda innherjalistum vegna innherja Íslandsbanka
- Halda utan um og tilkynna viðskipti fruminnherja með fjármálagerninga bankans
- Meðhöndlun innherjaupplýsinga í starfsemi Íslandsbanka
- Að kvartanir viðskiptavina séu meðhöndlaðar í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Að reglum Íslandsbanka um ráðstafanir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverkja sé ávallt fylgt í starfsemi bankans.

- Að stefnu Íslandsbanka um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sé ávallt fylgt í starfsemi bankans.
- Að þátttaka starfsmanna í atvinnurekstri sé í samræmi við gildandi lög og innri reglur Íslandsbanka
- Móttöku tilkynninga frá starfsmönnum vegna gruns um markaðsmisnotkun
- Fræðslu til stjórnar og starfsmanna vegna þeirrar starfsemi sem regluvarsla hefur eftirlit með

## Eignarhald bankans

Íslandsbanki er í meirihlutaeigu Glitnis banka hf. sem fer með 95% af hlutafé bankans í gegnum dótturfélög sín fyrir hönd kröfuhafa Glitnis. Þau 5% sem eftir standa eru í eigu íslenska ríkisins og eru undir stjórn Bankasýslu ríkisins.



Eignarhald Íslandsbanka

## 2.3 Bankastjórn



Friðrik Sophusson

**Friðrik Sophusson (f. 1943)**  
Stjórnarformaður

Friðrik Sophusson hefur viðtæka reynslu og þekkingu á sviði efnahagsmála og stjórnunar fyrirtækja og hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Friðrik var framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands frá árinu 1972 til 1978 þegar hann tók sæti á Alþingi. Hann gegndi þingmennsku um tuttugu ára skeið eða allt til ársins 1998. Friðrik átti sæti í ríkisstjórn árin 1987-1988, þá sem iðnaðar og orkumálaráðherra og síðar sem fjármálaráðherra 1991-1998. Árið 1999 tók Friðrik við starfi forstjóra Landsvirkjunar sem hann gegndi í tæp 11 ár.

Friðrik er með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands.



Árni Tómasson

**Árni Tómasson (f. 1955)**

Árni Tómasson er fulltrúi ISB Holding í stjórn Íslandsbanka. Hann hefur starfað við endurskoðun banka og fjármálafyrirtækja frá árinu 1985. Hann var meðeigandi og síðar stjórnarformaður hjá Deloitte hf. til ársins 2001, og gegndi einnig formennsku í Félagi löggiltra endurskoðenda og var forseti Norðurlandasambands endurskoðenda. Árni starfaði sem bankastjóri Búnaðarbankans frá 2001-2003, en hefur frá þeim tíma starfað við eigið ráðgjafarfyrirtæki og kennslu og hefur gegnt formennsku í prófnefnd endurskoðenda síðastliðin 7 ár. Árni var skipaður formaður skilanefndar Glitnis banka hf. í október 2008 og sinnti því starfi til loka september 2011.

Árni er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og löggiltur endurskoðandi.



Kolbrún Jónsdóttir

**Kolbrún Jónsdóttir (f. 1962)**

Kolbrún er fulltrúi Bankasýslu ríkisins sem fer með 5% eignarhlut ríkisins í bankanum. Kolbrún starfaði sem framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Vátryggingafélags Íslands frá 2008-2010. Á árunum 1996-2008 starfaði hún hjá Íslandsbanka, m.a. sem útibústjóri í Garðabæ og í Skútuvogi. Þá var hún einnig forstöðumaður bakvinnslu um skeið. Kolbrún var fjármálastjóri Húsasmiðjunnar frá 1989-1996. Hún hefur kennt sölu- og markaðsmál hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og fleiri námskeið.

Kolbrún lauk cand. oecon. prófi frá Háskóla Íslands árið 1987 auk þess sem hún lauk stjórnendanámi frá Kenan-Flagler Business School í Bandaríkjunum 1999.



Neil Graeme Brown

**Neil Graeme Brown (f. 1959)**

Neil Graeme Brown er breskur ríkisborgari og hefur yfirgripsmikla reynslu á sviði fjármálastarfsemi og endurskipulagningar alþjóðlegra fyrirtækja. Hann hefur m.a. starfað sem yfirmaður fjármálaþjónustu Apex Partners og var meðeigandi endurskoðunarskrifstofu Coopers og Lybrand (Nú PwC) í London 1990-1996. Hann hefur viðtæka þekkingu á sviði yfirtöku og samruna fyrirtækja í Bandaríkjunum og Evrópu, hefur komið að skráningu fjölda fyrirtækja í Kauphöllina í London og NASDAQ og setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja á sviði fjárfestinga og fjármála.

Neil hefur MA gráðu í viðskiptafræði frá Emmanuel College Cambridge og er löggiltur endurskoðandi.



Marianne Økland

#### Marianne Økland (f. 1962)

Marianne Økland er norskur ríkisborgari og starfar í dag sem framkvæmdastjóri Avista Partners sem sérhæfir sig í ráðgjöf á sviði skuldabréfaútgáfu og fjármögnunar. Hún starfaði hjá JP Morgan á árunum 1998-2007, m.a. sem sérfræðingur á sviði skuldabréfafjármögnunar fyrirtækja og fjármálastofnana. Á árunum 1994-1998 starfaði hún við skuldabréfafjármögnun hjá Union Bank of Switzerland (UBS). Marianne hefur einnig reynslu á sviði ráðgjafar en hún starfaði hjá ráðgjafafyrirtækinu Marsoft Limited á árunum 1988-1993, en fyrirtækið sérhæfir sig ráðgjöf tengdri fjárfestingum í skipaiðnaði.

Marianne er með M.Sc. gráðu í fjármálum, hagfræði og stærðfræði frá Norwegian School of Economics and Business Administration þar sem hún starfaði við rannsóknir og kennslu um nokkurt skeið.



John E. Mack

#### John E. Mack (f. 1947)

##### Varaformaður stjórnar

John E. Mack er bandarískur ríkisborgari og hefur mikla þekkingu og reynslu á sviði alþjóðlegrar banka- og fjármálaþjónustu sem og á sviði yfirtöku og samruna fyrirtækja. Þá hefur hann sérþekkingu á sviði innleiðingar góðra stjórnarháttanna fyrirtækja (e. corporate governance). John Mack var forstjóri og fjármálastjóri Shinsei Bank í Tokyo frá 2002-2005 en þar leiddi hann m.a. skráningu bankans á hlutabréfamarkað. John starfaði hjá Bank of America og tengdum félögum á árunum 1978-2001, síðast sem yfirmaður fjármögnunar móðurfélags bankans. Þá var hann einnig forstjóri Strategic Solutions, sem er fyrirtæki að meirihluta í eigu Bank of America sem sérhæfir sig í kaupum og úrvinnslu erfiðra krafna og útlána.

John er með MBA gráðu frá Virginia Darden School of Business.



Dr. Daniel Levin

#### Dr. Daniel Levin (f. 1963)

Dr. Daniel Levin er bandarískur og svissneskur ríkisborgari með sérþekkingu á stjórnarháttum fyrirtækja. Hann hefur um langt skeið sinnt ráðgjafastörfum fyrir ríkisstjórnir og þróunarstofnanir um þróun fjármagnsmarkaða og fyrir eftirlitsaðila um innleiðingu siðareglna fyrir fjármálastofnir. Að auki situr hann í stjórnarsýslunefnd Liechtenstein sem vinnur að þekkingarmiðlun milli landa og að eflingu pólitískrar, efnahagslegrar og félagslegrar þróunar. Hann hefur ennfremur tekið virkan þátt í mótun ýmissa laga um fjármálastofnir.

Daniel er með J.D. og Ph.D. gráður í lögum frá University of Zürich í Sviss, sem og LL.M. gráðu í lögum frá Columbia University í New York.

## 3 Ávarp bankastjóra

Árið 2011 var mikilvægt ár í uppbyggingu Íslandsbanka. Áhersla var lögð á hvort tveggja, endurskipulagningu fjármála viðskiptavina og endurskipulagningu viðskiptaæininga til að gera þær betur í stakk búnar til þess að takast á við aukna samkeppni og veita enn betri þjónustu.



Birna Einarsdóttir

Frá stofnun Íslandsbanka hefur verið unnið eftir skýrri og metnaðarfullri stefnu. Við höfum hlustað á starfsmenn og viðskiptavini í þeirri vinnu og hrint hugmyndum þeirra í framkvæmd. Árlegir stefnufundir bankans hafa gengt lykilhlutverki en í mars 2012 tóku 850 glaðbeittir starfsmenn þátt í fjórða slíka fundinum.

Stjórnendur og starfsmenn tóku fjölmörg mikilvæg skref í framtíðaruppbyggingu bankans og endurreisn íslensks fjármálamarkaðar á nýliðnu ári.

### Fjárhagsleg endurskipulagning

Ákveðin þáttaskil urðu í fjárhagslegri endurskipulagningu á árinu. Alls hafa um 17.000 einstaklingar og 3.000 fyrirtæki hlotið einhverskonar niðurfærslu lána sem samtals nema tæplega 340 milljörðum króna hjá Íslandsbanka. Að baki þessum tölum er venjulegt fólk og fyrirtæki sem hafa síðustu ár verið í afar óvenjulegum aðstæðum. Við höfum lagt áherslu á að leysa úr málum viðskiptavina með það fyrir augum að þeir fái lausnir við hæfi hvers og eins og sjáum að sú viðleitni hefur skilað árangri.

Þá lauk bankinn nokkrum fjölda stærri verkefna á árinu, þ.á.m. fjárhagslegri endurskipulagningu oliufélagsins N1, sem er eitt víðamesta endurskipulagningarverkefni sem bankinn hefur komið að.

Í byrjun síðasta árs sagði ég að árið 2011 væri ár fjárhagslegrar endurskipulagningar en árið 2012 yrði ár viðsnúnings. Auðvitað er enn ákveðin óvissa í umhverfinu en ég leyfi mér að vera áfram bjartsýn og fullyrða að þetta verður árið þar sem erfiði síðustu þriggja ára byrjar að skila sér.

### Ár sameiningar

Sameining Íslandsbanka og Byrs var stór liður í hagræðingu fjármálakerfisins. Sameiningin gekk afar vel og skipti áþekk fyrirtækjamening bankanna tveggja þar miklu. Viðskiptavinir hafa tekið breytingunum af jákvæðni og fyrir það erum við þakklát. Með sameiningunni höfum við náð þeirri stöðu á markaðnum sem við ætludum okkur, að reka hagkvæmasta útibúanet á landinu með 21 útibú.

### Markaðir taka við sér

Íslandsbanki varð fyrsti bankinn til að skrá skuldabréf í Kauphöllina frá haustdögum 2008 og náði með því að marka tímamót í enduruppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar og var staðsetning útgáfunnar valin með það í huga. Íslandsbanki undirbýr ennfremur skuldabréfaútgáfu á erlendri grundu og hefur allt frá stofnun lagt áherslu á að viðhalda og byggja upp samskipti við erlendar fjármálastofnanir. Sú vinna er þegar farin að skila árangri. Við viljum geta stutt viðskiptavini okkar sem þurfa að fjármagna sig í erlendri mynt. Hins vegar er ljóst að órói á erlendum mörkuðum mun seinka því ferli. Uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar verður einungis hraðað með öflugri fjárfestingabankastarfsemi. Ljóst er að mikil þörf er á að auka fjölbreytni fjárfestingakosta hér á landi til hagsbóta fyrir hvort tveggja fjárfesta og fyrirtæki.

### Sókn og aukin samkeppnishæfni

Tvær mikilsverðar breytingar voru gerðar á skipulagi viðskiptaeininga Íslandsbanka á árinu. Eignastýring Íslandsbanka tók að nýju upp nafnið VÍB í upphafi árs. Með þessu vill bankinn aðgreina með skýrari hætti eignastýringarstarfsemina frá bankastarfseminni. Starfsemi og þjónusta var stórlega eflð og fræðslustarfi gert hátt undir höfði. VÍB hefur þannig á skömmum tíma skapað sér algjöra sérstöðu á markaðnum með markvissu markaðs- og fræðslustarfi.

Í júlí var nafni Íslandsbanka Fjármögnunar breytt í Ergo. Breytingin hefur þegar skilað miklum árangri og auknum viðskiptum með skírskotun til breiðari hóps viðskiptavina. Ergo er í dag í forystu á markaði í fjármögnun atvinnutækja fyrir rekstraraðila og fjármögnun bifreiða fyrir einstaklinga.

Á árinu 2011 festi Íslandsbanki kaup á öllum hlutum í Kreditkortum hf. Markmiðið með kaupunum var að styrkja enn frekar stöðu bankans í kortaútgáfu og ná fram hagræðingu.

Íslandsbanki hefur stutt dyggilega við uppbyggingu þekkingar á sviði jarðvarma og sjávarútvegs á Íslandi og er meðal stofnaðila Jarðhitaklasans og Sjávarútvegsklasans. Dótturfélag bankans í New York, Glacier Securities, sem einbeittir sér að ráðgjöf í þessum greinum, fékk á síðasta ári fullgilt starfsleyfi frá bandaríska eftirlitsaðilanum FINRA.

### Númer eitt í þjónustu

Íslandsbanki hefur markað sér skýra stefnu um að vera númer eitt í þjónustu. Með ötulli vinnu starfsmanna náðum við mikilvægum áfanga í þessari vinnu þegar Íslandsbanki varð efstur meðal fjármálafyrirtækja í Ánægjuvuginni. Þá telst bankinn leiðandi á fyrirtækjamarkaði samkvæmt könnunum og er það gott veganesti í aukinni samkeppni. Íslandsbanki hefur ávallt verið afar öflugur á sviði þjónustu og sérstaða Byrs var persónuleg þjónusta. Sameinaður banki hefur því allt til að bera til að viðhalda þessum góða árangri.

### Styrkar stoðir

Einn mikilvægasti lærdómurinn úr hrininu er mikilvægi þess að innviðir og eftirlitskerfi fjármálafyrirtækja haldi í við vöxt þeirra. Frá stofnun Íslandsbanka árið 2008 hefur verið lögð áhersla á að bæta og styrkja innviði bankans rekstrarlega svo að bankinn verði betur í stakk búinn til að bregðast við óvæntum atburðum. Á árinu 2011 ávannst mikið í þessum efnunum. Stjórn bankans samþykkti sérstaka upplýsingatæknistefnu, gefin var út rafræn gæðahandbók og áfram var unnið að úrbótaverkefnum. Sérstök úttekt Fjármálaeftirlitsins á slíkum verkefnum sýndi að bankinn uppfyllir þau skilyrði sem sett voru fyrir starfsleyfi hans árið 2009.

### Tilbúin í næstu lotu

Endurreisn Íslandsbanka hefur gengið vel og þau verkefni sem ég hef farið yfir hér að framan gera okkur vel í stakk búinn að takast á við aukna samkeppni. Efnahagsreikningur bankans er traustur sem hefur gert okkur kleift að takast á við síbreytilegar forsendur í rekstrarumhverfi okkar.

Rekstrargrundvöllur Íslandsbanka hefur verið treystur og mun verða öflug undirstaða þeirrar uppbyggingar sem nú er þörf í íslensku samfélagi. Um leið og efnahagsumhverfið batnar þurfa fjármálastofnanir að vera í stakk búnar til að styðja við framrás atvinnulífsins. Íslandsbanki er tilbúinn í þá sókn og mun standa undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. Þetta þýðir ekki að við munum slaka á í okkar kröfum eða faglegum vinnubrögðum, en er þó yfirlýsing um að við erum tilbúin í næstu lotu.

*Birna Einarsdóttir*



## 4 Þróun efnahagsmála

Nú, þremur árum eftir hrun stærstu bankanna á Íslandi, er samdráttarskeiði að ljúka í íslensku efnahagslífi og hagvöxtur hefur tekið við. Atvinnuleysi fer minnkandi og fjárhagsleg staða heimila og fyrirtækja fer smám saman batnandi.

Viðsnúningurinn hófst um mitt ár 2010 og hefur komist á nokkurt skrið síðustu ársfjórðunga. Hagvöxturinn er töluverður og að mestu leyti drifinn áfram af fjárfestingu, einkaneyslu og útflutningi. Aukinn kaupmáttur, minna atvinnuleysi, lægstu raunvextir í sögunni og fjárhagsleg endurskipulagning heimila og fyrirtækja hefur stuðlað að aukinni einkaneyslu og fjárfestingu. Ennfremur hefur hið lága raungengi íslensku krónunnar auk hás hrávöruverðs styrkt stöðu útflutningsgreina. Góð afkoma útflutningsfyrirtækja hefur áhrif á önnur svið efnahagslífsins, sérstaklega þau fjölmörgu fyrirtæki sem þjónusta útflutningsfyrirtækin.

### Brothættur bati


Batinn er hins vegar brothættur. Hann á sér stað í umhverfi gjaldeyrishafta og kerfislægra vandamála sem enn á eftir að greiða úr. Heimili og fyrirtæki glíma enn við miklar skuldir sem gera þau viðkvæm fyrir áföllum sem vegur á móti batanum. Atvinnuleysi á Íslandi er enn hátt í sögulegu samhengi. Þungar þjóðarskuldir

Evrópuríkja og efnahagsþrengingar þar og í öðrum ríkjum utan Evrópu hafa áhrif á gjaldeyrstekjur Íslands, beina erlenda fjárfestingu auk erlendra eigna ríkisins og aðgengi að alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

### Viðsnúningur drifinn áfram af einkaneyslu


Viðsnúningur hefur orðið í fjárfestingu í kjölfar verulegs samdráttar á síðustu árum. Engu að síður er fjárfestingarstigið í íslensku efnahagslífi enn mjög lágt, bæði sögulega séð og í alþjóðlegum samanburði. Fjárfestingar í orkugeiranum eru að verða að veruleika, auk nokkurra smærri verkefna í útflutningsgreinum. Stærsti hluti hagvaxtarins á síðustu ársfjórðungum hefur hins vegar verið drifinn áfram af einkaneyslu. Það sem gerir þetta ástand frábrugðið sambærilegum tímabilum í hagsögu Íslands er að neyslan er fjármögnuð með sparnaði og hóflegum vexti á kaupmætti en ekki með aukinni lántöku.

% Hagvöxtur



Heimild: OECD

Skuldir sem hlutfall af VLF




Gengisvísitala krónu



% Verðbólga



% Atvinnuleysi - sem hlutfall af vinnuafli



Margir mikilvægir áfangar á leið til efnahagslegrar endurreisnar náðust á árinu 2011. Í ágúst var lokið við sjöttu og síðustu endurskoðun efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en Ísland er fyrsta landið til þess að ljúka efnahagsáætlun sjóðsins frá því að fjármálakreppan skall á árið 2008. Áætlunin gekk vel og markmið hennar náðust í öllum aðalatriðum; fjármálakerfið og bankarnir voru endurreistir, gengi gjaldmiðilsins er orðið stöðugt og opinber útgjöld hafa dregist saman með ströngum aðhaldsaðgerðum. Þessi þróun hefur haldið áfram frá því í ágúst, t.d. með auknum aðhaldsaðgerðum í fjárlögum fyrir árið 2012 og aukinni hagræðingu í fjármálageiranum sem ætti að leiða til sterkari stöðu hans.

Traustar undirstöður

Þrátt fyrir að Íslendingar glími enn við afleiðingar gjaldmiðlakreppu og bankakreppu, er Ísland enn eitt af ríkustu löndum heims og eru lífskjör almennt mjög góð. Landsframleiðsla á mann er há í samanburði þróaðra ríkja og atvinnuleysi er lágt í alþjóðlegum samanburði. Efnahagskerfið hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni og seiglu í undangengnum áföllum. Vinnuafli á Íslandi er vel menntað og landið býr yfir miklum náttúruauðlindum. Krafturinn í efnahagsbata landsins á síðasta ári byggir á þessum traustu undirstöðum.

## 5 Yfirlit um starfsemi

Eftirfarandi umfjöllun um afkomu og fjárhag Íslandsbanka hf. er byggð á ársreikningi 2011

### Árið 2011

Þremur árum eftir stofnun bankans, sem átti sér stað í hringiðu efnahagslegt umróts í kjölfar hruns þriggja stærstu banka á Íslandi, hefur vöxtur sem drifinn hefur verið áfram af útflutningi og aukinni einkaneyslu tekið við af samdrætti í íslensku efnahagslífi. Atvinnustig fer vaxandi og efnahagsleg staða heimila og fyrirtækja fer smátt og smátt batnandi. Verðbólga og vaxtastig var nokkuð stöðugt allt árið og útflutningur hefur notið góðs af lágu raungengi íslensku krónunnar auk háa hrávöruverðs um allan heim.

Heimili og fyrirtæki halda áfram að lækka skuldir sínar og því hefur útlánastarfsemi bankans ekki ennþá séð viðsnúning eftir samdrátt undangenginna ára. Endurskipulagning skulda hefur verið eitt helsta verkefni ársins og hefur góður árangur náðst með afskriftum fyrirtækjaskulda sem nema 159 milljörðum króna á meðan 53 milljarðar króna voru afskrifaðar hjá íslenskum heimilum. Bankinn mun halda áfram að fylgjast náið með lánasafni sínu með hliðsjón af þróun íslenska efnahagskerfisins sem og erlendum mörkuðum og vinna náið með viðskiptavinum sem eru í greiðsluferfiðleikum.

Bankinn er að mestu leyti fjármagnaður með innlánum á sama tíma og stór hluti útlána bankans er á föstum vöxtum. Það hefur leitt til umtalsvert lægri fjármögnunarkostnaðar sem hafði jákvæð áhrif á vaxtamun bankans. Bankinn leggur áherslu á að auka hlutfall langtíma fjármögnunar og hefur í því augnamiði hrint af stað ramma um útgáfu sértryggðra skuldabréfa fyrir 100 milljarða króna og stefnir bankinn að því að gefa út um 10 milljarða á ári hverju. Áætluninni var hrint í framkvæmd í desember 2011 með 4 milljarða króna útgáfu og fylgdu 2 útgáfur að upphæð 3,3 milljarðar króna í kjölfarið í mars 2012.

Bankinn styrkti gjaldeyrisvarnir sínar með gerð gjaldeyrissskiptasamnings í árslok 2010. Lán í erlendum gjaldmiðlum til lántakenda með tekjuflæði í íslenskum krónum hafa einnig verið meðhöndluð sem íslensk lán og gjaldeyrishagnaður þeirra virðisýrður að fullu. Þannig hefur gjaldeyrisjöfnuði verið haldið innan viðráðanlegra marka.

Í desember 2011 tók bankinn þátt í sambankaláni sem nam 200 milljónum Bandaríkjadala til Landsvirkjunar ásamt tveimur íslenskum bönkum og þremur erlendum bönkum. Þetta er fyrsta sambankalánið til félags í eigu íslenska ríkisins frá 2008 og gefur vísbendingu um aukið traust alþjóðlegra markaða á íslensku efnahagslífi.

Skattlagning jókst talsvert á árinu með hækkun tekjuskatts fyrirtækja um tvö prósentustig auk sérstaks tímabundins skatts á fjármálafyrirtæki til tveggja ára sem ætlað er að fjármagna vaxtabætur vegna húsnæðislána. Skattlagning mun aukast enn frekar árið 2012 með álagningu nýs fjársýsluskatts á laun og viðbótartekjuskatts á skattalegan hagnað umfram 1 milljarð króna.

Þann 12. júlí 2011 skrifaði bankinn undir samning við Byr sparisjóð og fjármálaráðuneytið um kaup á 100% hlutafjár Byrs hf. Heildarendurgjald kaupanna nam 6.600 milljónum króna. Þann 1. desember 2011, í kjölfar samþykkis Alþingis, Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA, sameinuðust Íslandsbanki og Byr.

Bankinn hélt áfram að greina og bæta rekstur sinn og vinnuferla á árinu með það fyrir augum að auka gagnsæi, óhlutdrægni og öguð vinnubrögð. Talsvert ávannst á árinu í því

sambandi og bankinn væntir þess að njóta afrakstursins í formi hagkvæmari reksturs.

### Afkoma

Hagnaður bankans nam 1.782 milljónum króna fyrir skatta, samanborið við 37.087 milljónir króna árið 2010. Mismunurinn er aðallega tilkominn vegna 17.873 milljóna króna virðisrýrnunar á viðskiptavild í kjölfar samruna við Byr. Hagnaður eftir skatta nam 1.866 milljónum króna samanborið við 29.369 milljónir króna árið 2010. Hagnaður á hlut var 0,19 krónur á árinu samanborið við 2,94 krónur á hlut árið 2010.

Afkoma af reglulegri starfsemi eftir frádrátt einskiptisliða eins og virðisrýrnunar viðskiptavildar, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr, hreinnar virðisbreytingar og gangvirðisbreytingar hlutafjár, nam 13.905 milljörðum króna sem samsvarar til 11% arðsemi eigin fjár.


### Hreinar vaxtatekjur

Hreinar vaxtatekjur fyrir árið 2011 námu 31.225 milljónum króna, samanborið við 34.874 milljónir á síðasta ári. Hreinn vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðaltali heildareigna, var 4,5% samanborið við 5% árið 2010. Mismunur milli ára skýrist í meginatriðum af lækkun vaxtastigs en grunnvextir Seðlabanka Íslands lækkuðu úr 8,4% í byrjun árs 2010 niður í 3,75% í árslok 2011. Þetta hafði jákvæð áhrif á fjármögnun, sérstaklega með tilliti til lána í erlendum gjaldeyri til viðskiptavina með tekjur í íslenskum krónum þar sem gjaldeyrishagnaður var virðisrýrður að fullu.


### Hrein virðisbreyting

Hrein virðisbreyting samanstendur af virðisbreytingu útlána og almennri virðisrýrnun. Hið fyrra er breyting á bókfærðu virði lánasafnsins vegna virðisrýrnunar eða vegna aukningar á væntu framtíðargreiðsluflæði. Almenn virðisrýrnun er tap sem er orðið, en hefur ekki verið sérgreint. Gjaldfærsla vegna hreinnar

### Arðsemi eigin fjár



### Hreinar vaxtatekjur



virðisbreytingar nam 1.220 milljónum króna á árinu 2011 samanborið við 13.933 milljóna króna tekjufærslu á árinu 2010.

### Hreinar þóknatekjur

Hreinar þóknatekjur námu 5.966 milljónum króna, samanborið við 7.380 milljónir árið áður sem er samdráttur upp á 19%. Munurinn skýrist aðallega af brotthvarfi dótturfélagsins Borgunar hf. úr samstæðunni í lok mars 2011 þegar bankinn seldi hluta af eign sinni í félaginu. Borgun hf. varð aftur hluti af samstæðunni 1. desember 2011 í tengslum við samruna við Byr.

Þóknatekjur eru að mestu tilkomnar vegna færslugjalda og eignaumsýslu. Þóknarir vegna ráðgjafar og verðbréfamiðlunar voru undir áætlunum vegna hægs viðsnúnings fjármálamarkaða þar sem veltan var áfram lítil.

### Aðrar rekstrartekjur

Hreinar fjármunatekjur námu 2.649 milljónum króna samanborið við tap upp á 910 milljónir króna árið 2010. Munurinn felst einkum í endurflokkun og endurmati eignarhlutar að gangvirði 3.050 milljóna króna úr fastafjármunum til sölu og aflagðri starfsemi í framhaldi af sölu hluta eignarinnar.


Hreinn gengishagnaður ársins nam 937 milljónum króna samanborið við tap upp á 963 milljónir á árinu 2010. Aðrar rekstrartekjur, sem að megninu til samanstanda af leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga, námu 894 milljónum samanborið við 1.186 milljónir króna árið á undan.

Hagnaður af aflagðri starfsemi nam 841 milljón króna eftir skatta samanborið við tap upp á 283 milljónir á árinu 2010.


### Önnur rekstrargjöld

Rekstrargjöld án virðisrýrnunar viðskiptavildar námu 20.835 milljónum árið samanborðið við 18.473 milljónir árið 2010. Þriðjungur fjárhæðarinnar er tilkominn vegna samruna við Byr en honum fylgdi aukinn

Hreinar þóknatekjur



Aðrar rekstrartekjur



kostnaður. Þá jókst framlag til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta um 358 milljónir milli ára samfara lagabreytingu og auknum innlánnum. Afskriftir fastafjármuna jukust úr 623 milljónum árið 2010 í 709 milljónir árið 2011 samfara auknum fjárfestingum til að styrkja grunnstoðir bankans.

Viðskiptavild sem myndaðist við kaupin á Byr var að mestu leyti tilkomin vegna væntra samlegðaráhrifa og stærðarhagkvæmni við sameiningu Byrs og bankans. Í lok ársins 2011 var öll viðskiptavild vegna kaupanna virðisrýrð. Þetta olli einskiptiskostnaði upp á 17.873 milljónir króna sem gjaldfærður var í rekstrarreikningi.

Laun og launatengd gjöld námu 10.531 milljón á árinu samanborið við 9.207 milljónir árið á undan. Aukningin er einkum fólgin í samningsbundnum hækkunum kjarasamninga yfir árið en hluta hennar má þó einnig rekja til kostnaðar vegna óhjákvæmilegra uppsagna starfsfólks í tengslum við samrunann við Byr.


Meðal stöðugildi voru 1.344 yfir árið 2011 samanborið við 1.080 árið þar á undan. Aukningin er einkum tengd dótturfélögum sem keypt voru á árinu 2011. Meðal stöðugildi hjá móðurfélaginu voru 1.003 árið 2011 samanborið við 933 árið áður og skýrist sá munur af kaupunum á Byr.

Kostnaðarhlutfall bankans sem reiknað er sem heildarrekstrarkostnaður (að undanskilinni gjaldfærslu vegna virðisrýrnun viðskiptavildar) sem hlutfall af hreinum vaxta- og þóknunatekjum var 56% árið 2011 samanborið við 44% 2010.


### Skattar

Skattheimta á árinu 2011 jókst talsvert frá fyrra ári, en tekjuskattsprósenta fyrirtækja var hækkuð úr 18% í 20%. Þar að auki var innleiddur nýr tímabundinn skattur á fjármálafyrirtæki sem reiknast sem 0,0875% af heildarskuldum næstliðins árs. Þessari skattheimtu er ætlað að mæta greiðslum vegna sérstakra vaxtabóta vegna húsnæðislána


Rekstrarkostnaður



Meðal stöðugildi




Kostnaðarhlutfall



einstaklinga. Þessi tímabundna skattheimta er sýnd í sérstakri línu, bankaskattur, í rekstrarreikningi ásamt bankaskatti sem innleiddur var árið 2010 og reiknast sem 0,041% af heildarskuldum næstliðins árs.

Tekjuskattur ársins 2011 nam 75 milljónum króna í samanborið við 7.214 milljónir árið 2010. Munurinn er fölginn í samdrætti hagnaðar fyrir skatta á milli ára auk aðlögunar vegna tekna sem undanþegar eru skatti. Skatthlutfall ársins 2011 var þannig 4,2% í samanburði við 19,5% árið 2010.




### Efnahagsreikningur

Heildareignir bankans námu 795.915 milljónum við árslok 2011 samanborið við 683.222 milljónir króna við árslok 2010. Aukninguna má að mestu leyti rekja til kaupanna á Byr og sameiningu hans við móðurfélagið 1. desember 2011.

### Lánasafn

Útlán til viðskiptavina og fjármálastofnana námu 608.049 milljónum króna í árslok 2011. Til samanburðar voru útlán til sömu aðila 546.031 milljón króna í upphafi árs sem er aukning upp á 11,4%.

### Skipting útlána



Stór hluti útlánasafnsins samanstendur af lánnum sem keypt voru með miklum afslætti þar sem gangvirði á kaupdegi var talsvert lægra en eftirstöðvar lánsins samkvæmt skilmálum lánasamningsins. Mismunurinn er útskýrður með alvarlegum fjárhagsvanda skuldarans sem lýsir sér í herra útlánaálagi við mat á gangvirði lánsins, en ekki vegna breytinga á viðskiptaumhverfi eftir að skilyrði lánasamningsins voru samþykkt þ.e. markaðsvöxtum og lausafjárstöðu.

Ýmsir atburðir, svo sem lagasetningar og dómsúrskurðir, sem eru utan áhrifa bankans og viðskiptavina hans hafa áhrif á virði lánasafnsins og hafa gert það að verkum að ákveðnum erfiðleikum er háð að meta frammistöðu þess. Bankinn framkvæmir regluleg virðisrýrnunarpróf á lánasafninu til

að tryggja að bókfært virði þess endurspegli sem best líklegar endurheimtur.

Það er mat bankans að koma megi lánasafninu í full skil án þess að koma þurfi til lækkunar á bókfærðu virði umfram vænt greiðslufæði á kaupdegi jafnvel þótt virði einstakra lána innan safnsins geti flókt talsvert. Endurspeglar það óvissuna sem enn ríkir varðandi mat á virði safnsins. Mikið ávannst í endurskipulagningarvinnu á árinu 2011. Fjöldmargir viðskiptavinir samþykktu staðlaðar lausnir til skuldalækkunar svo sem höfuðstólslækkanir auk þess sem mörgum stórum og flóknum endurskipulagningarmálum fyrirtækja lauk á árinu. Þess er vænst að endurskipulagning stærstu lántaka bankans muni ljúka fyrir árslok 2012 og annarri endurskipulagningu verði lokið fyrir lok ársins 2013.

Þótt margt hafi áunnist á árinu 2011 hefur bankinn, líkt og aðrar fjármálastofnanir, engu að síður orðið fyrir bakslagi í formi lagasetninga og óhagstæðra dóma vegna lánamála fyrir Hæstarétti. Mikilverðastur þessara dóma var dómur um ólögmæta tengingu höfuðstóls í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla. Lán sem féllu undir þennan dóm gátu þar af leiðandi ekki borið svokallaða Libor vexti. Lagabreytingar sem innleiddar voru í framhaldi þessa dóms kváðu á um að slík lán skyldu bera lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabanka Íslands. Byggt á framangreindu réðst bankinn í endurútreikninga þúsunda lánasamninga sem í kjölfarið var breytt í íslensk krónulán.

Í dómi sínum frá 15. febrúar 2012 véfengdi Hæstiréttur þær reikningsaðferðir sem settar voru fram í lögjöfningu á þeim grundvelli að þær brytu í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar þar sem löggjafinn getur ekki samþykkt lög sem afturvirkir svipta mann eign án þess að fullnægjandi bætur komi fyrir. Túlkun dómsins og áhrif hans á bankann eru óljós. Bankinn hefur því gefið sér ákveðnar forsendur til að meta áhrif dómsins og hefur tekið tillit til þeirra í reikningsskilum sínum.

Það er mat bankans að ársreikningur samstæðu 2011 endurspegli fjárhagsleg áhrif hæstaréttardóma. Þau lán sem falla undir dóminn munu væntanlega verða endurreiknuð á næstu mánuðum.

### Skuldir


Heildarskuldir námu 672.212 milljónum króna við árslok 2011 samanborið við 561.759 milljónir króna við lok 2010. Aukningin um 19,7% er mestmegnis tilkomin vegna yfirtöku innlána í Byr að fjárhæð 117.614 milljóna króna.

### Eigið fé

Í árslok 2011 nam heildar eigið fé bankans 123.703 milljónum króna samanborið við 121.463 milljónir króna við árslok 2010. Þetta er hækkun upp á 2%, en 909 milljónir króna eru eign minnihluta. Í árslok var nafnvirði hlutafjár bankans 10 milljarðar króna.

Samkvæmt starfsleyfi frá FME er bankanum skylt að hafa yfir að ráða eigin fé (eiginfjárgrunnur A) sem nemur 12% af áhættuvegnum eignum og samtals skal eigið fé að meðtöldum vijkandi lánum vera að lágmarki 16%. Bankinn hefur frá stofnun viðhaldið sterku eiginfjár- og lausafjárhlutfalli. Í árslok 2011 var eiginfjárhlutfall A 19,1% samanborið við 22,6% í árslok 2010. Eiginfjárhlutfall var 22,6% í árslok 2011 samanborið við 26,6% í árslok 2010.

### Hlutfall innlána af útlánum





### Fjármögnun og lausafjárstýring


Bankinn hefur að mestu verið fjármagnaður með innlánnum frá stofnun hans árið 2008. Hlutfall heildarinnlána á móti heildarútlánnum var 86,5% í árslok 2011 en hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum þeirra var 82%. Gert er ráð fyrir því að färfestar muni með tímanum sækja í aðra fjárfestingarkosti en innlán þannig að ofangreint hlutfall verði nær 50-60% bæði vegna aukningar í skulda- bréfaútgáfu og stækkunar útlánasafnsins.

Bankinn er ekki háður fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og hefur ekki þörf fyrir slíka fjármögnun til skemmri tíma. Bankinn hefur engu að síður kannað þá möguleika sem honum standa til boða og mun nýta þau tækifæri sem gefast til að fjármagna hugsanlega stækkun á útlánasafninu.

Bankinn gaf út svokölluð sértryggt skuldabréf í desember 2011 og var útgáfan samkvæmt íslenskum lögum. Skuldabréfin eru á gjalddaga 2016 og eru tryggð með veði í verðtryggðu húsnæðislánasafni bankans. Útgáfan í desember var að fjárhæð 4 milljarðar króna og var henni fylgt eftir í byrjun árs 2012 með útgáfu tveggja nýrra flokka til 7 og 12 ára.

Hlutfall handbærs fjár og peningalegra eigna á móti óbundnum innlánnum var 22% í árslok 2011 en FME gerir kröfu um að þetta hlutfall sé að lágmarki 5%. Hlutfall lausafjár á móti heildarinnlánnum var 36% í árslok og það er einnig vel yfir 20% kröfu FME. Að auki voru lausafjäreignir og vænt innflæði 144% af væntum gjalddögum næstu þriggja mánaða en þetta hlutfall þarf að vera 100% að kröfu Seðlabanka Íslands. Allar innri lausafjarmælingar voru vel yfir settum mörkum bankans í árslok 2011. Alþjóðagreiðslumiðlunarbankinn (e. The Bank of International Settlements - BIS) hefur gefið út nýjar lausafjárkröfur sem miða að því að samræma skilgreiningar lausafjár hjá bönkum. Annars vegar er um að ræða hlutfall lausafjár (e. Liquidity Coverage Ratio – LCR) og hins vegar hlutfall stöðugrar fjármögnunar (e. Net Stable Funding Ratio - NSFR).

Heildarskuldir og eigið fé



Þessi hlutföll hafa enn ekki verið innleidd í íslenskt regluverk um eftirlit með fjármálastofnunum.

### Framtíðarhorfur

Jafnvel þótt árið 2011 hafi valdið nokkrum vonbrigðum hvað varðar bata íslenskra fjármálamarkaða sýnir íslenskt efnahagslíf nú fyrstu merki um bata drifinn áfram af fjárfestingu, neyslu og útflutningi. Aukinn kaupmáttur, minna atvinnuleysi, lægstu raunvextir í sögulegu samhengi og fjárhagsleg endurskipulagning heimila og fyrirtækja hefur stuðlað að aukinni einkaneyslu og fjárfestingu. Ennfremur hefur hið lága raungengi íslensku krónunnar auk hás hrávöruverðs styrkt stöðu útflutningsgeirans. Góð afkoma útflutningsfyrirtækja hefur áhrif á önnur svið efnahagslífsins, sérstaklega þau fyrirtæki sem þjónusta útflutningsfyrirtækin.

Hið efnahagslega og stjórnmálalega umhverfi á Íslandi er nokkuð óútreiknanlegt eins og stendur og stjórnvöld virðast stöðugt sækja í vasa fjármálafyrirtækja til þess að fjármagna halla ríkissjóðs. Skattlagning sem jókst talsvert árið 2011 mun aukast enn frekar árið 2012 með innleiðingu fjársýsluskatts á fjármálaþjónustu. Fjársýsluskatturinn er tvenns konar, annars vegar 5,45% skattur á heildarlaun og hins

vegar viðbótartekjuskattur sem reiknast sem 6% af tekjuskattsstofni umfram 1 milljarð króna.

Bankinn heldur áfram að vaxa á grundvelli sterkrar afkomu og stækkandi viðskiptamannagrunns. Núverandi eiginfjárgrunnur er traustur og eiginfjárlutföll langt fyrir ofan lágmarkskröfur. Bankinn mun leitast við að halda áfram að byggja upp traust á starfsemi sinni og leggja áherslu á að veita viðskiptavinum sínum þá bestu þjónustu sem völ er á.

## 5.2 Viðskiptabankasvið

Viðskiptabankasvið samanstendur af útibúaneti bankans, þjónustuveri og eignafjármögnun. Bankinn starfrækir 21 útibú um allt land sem og Ergo, sem á skömmum tíma hefur fest sig í sessi sem eitt af sterkustu vörumerkjum landsins í eignafjármögnun. Með samrunanum við Byr hefur markaðshlutdeild bankans á viðskiptabankasviði styrkst umtalsvert.

### Endurskipulagning í ríkjandi mæli að víkja fyrir hefðbundinni bankastarfsemi

Þrátt fyrir að fjárhagsleg endurskipulagning hafi haldið áfram að setja mark sitt á starfsemi viðskiptabankasviðs á árinu 2011 voru einnig tekin fjölmörg mikilvæg skref í átt að því að búa bankann undir starfsemi í hefðbundnu samkeppnisumhverfi á árinu.


Íslandsbanki – fjármögnun, eignafjármögnun bankans, undirgekkst nafnabreytingu í júlí og fékk nafnið Ergo. Samfara nafnabreytingunni fluttist fyrirtækið um set og er nú til húsa í nýrri og glæsilegri fjármálamiðstöð bankans að Suðurlandsbraut.

Ergo hefur á undraverðum tíma náð að festa sig í sessi sem leiðandi vörumerki á sviði eignafjármögnunar og gefa markaðsrannsóknir til kynna að Ergo sé fyrsta val þeirra sem eru að leita sér að fjármögnun til bilakaupa. Þá vakti félagið verðskuldaða athygli með því að vera fyrst til að bjóða svokölluð „græn bilalán“ ætluð til kaupa á umhverfisvænni bifreiðum. Þá lagði Ergo ferðaþjónustunni lið með fjármögnun stórra samninga um kaup á bílaleigubílum.

Íslandsbanki festi kaup á öllum hlutum í Kreditkortum hf., en félagið er umboðs- og útgáfuaðili MasterCard og American Express greiðslukorta á Íslandi. Bankinn átti fyrir 55% hlut í félaginu. Markmið kaupanna var að styrkja enn frekar við stöðu bankans í kortaútgáfu, auka þekkingu og þjónustuframboð á þessu sviði og ná fram hagræðingu. Félagið var í framhaldinu sameinað viðskiptabankasviði. Samrunanum verður að fullu lokið á öðrum ársfjórðungi 2012.



Vöxtur útlána hjá Ergo



Heimild: Íslandsbanki

Íslandsbanki leitar stöðugt leiða til að hagræða og auka skilvirkni í starfsemi sinni. Í þessu augnamiði voru útibú bankans við Háaleitisbraut og Suðurlandsbraut sameinuð og var nýtt sameinað útibú, ásamt Ergo eignafjármögnun, opnað í glæsilegu nýju húsnæði við Suðurlandsbraut 14 í júní.


Merkir áfangar náðust í endurskipulagningu lánamála árið 2011, einkum á fyrri hluta ársins. Endurútreikningi húsnæðislána var að stærstum hluta lokið og hafa nú um 3.000 lán verið endurreiknuð og myntbreytt yfir í íslenskar krónur. Að auki nýttu um 3.000 viðskiptavinir sér hina svokölluðu 110% leið þar sem skuldsetning húsnæðis er færð niður að 110% af fasteignamati eignarinnar. Ergo lauk endurútreikningi um það bil 13.000 bílálana bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Endurútreikningur erlendra lána, annarra en húsnæðislána, hófst svo á árinu hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum, og er reiknað með að honum ljúki að fullu á fyrri helmingi ársins 2012.<sup>1)</sup>

### Byr & Íslandsbanki - það besta frá báðum

Samruninn við Byr var án efa stærsti viðburður ársins hjá viðskiptabankasviði. Tilboðsferlið hófst í júní og í kjölfarið fylgdi ítarleg áreiðanleikakönnun og langt samþykktarferli. Samruninn og sala ríkisins á hlut þess í Byr var svo að lokum samþykkt af öllum hlutaðeigandi þann 24. nóvember. Höfuðstöðvar bankanna voru sameinaðar strax í byrjun desember að Kirkjusandi 2. Bankinn lagði höfuðáherslu á góða upplýsingagjöf til viðskiptavina og vildi með því leitast við að tryggja að samruninn yrði framkvæmdur með eins lítilli röskun og mögulegt væri.


Sameining útibúa var framkvæmdur í janúar og febrúar 2012. Litið var til beggja banka þegar staðsetning sameinaðra útibúa var ákveðin en alls voru 4 útibú sameinuð öðrum en 2 útibú Byrs eru óbreytt utan nafnbreytingar. Eftir sameininguna starfrækir Íslandsbanki 21 útibú víða um land.

### Markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði



Heimild: Capacent Gallup 2011

### Þjónustueinkunn aðalviðskiptabanka fyrirtækis



Heimild: Capacent Gallup Nóvember 2011  
- könnun meðal 300 stærstu fyrirtækja skv. Frjálsri Verslun

1) Dómur Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 gæti haft áhrif á þessa endurútreikninga. Frekari upplýsingar má finna í skýringu 60.



Sameiningin við Byr markar endalok langs ferlis sem miðaði að því að auka markaðshlutdeild bankans og um leið styrkja efnahagsreikning hans. Samlegðaráhrif Byrs og Íslandsbanka voru mikil og féll útibúanet Byrs vel að starfsemi Íslandsbanka. Samruninn eykur markaðshlutdeild bankans um 10 prósentustig auk þess sem mikil hagræðing næst í starfsmannahaldi og bakvinnslu svo eitthvað sé nefnt. Að samrunaferlinu loknu hefur bankinn aðeins aukið fjölda útibúa um eitt sem er jafnframt mikið hagræði í íslensku bankakerfi.

### Áframhaldandi áhersla á framúrskarandi vöru- og þjónustuframboð

Íslandsbanki hélt áfram að vera leiðandi á sviði netbanka og veflausna með því að vera fyrsti bankinn á Íslandi til að bjóða viðskiptavinum sínum upp á snjallsímaforrit fyrir Android og iPhone síma. Forritið gefur viðskiptavinum færi á að hafa bankann með sér hvert sem þeir fara, skoða stöðu og yfirlit reikninga og framkvæma millifærslur svo eitthvað sé nefnt.



Íslandsbanki hefur einnig verið í fararbroddi banka við að nýta sér samfélagsmiðla til að ná til viðskiptavina sinna. Bankinn var fyrstur til að nota Facebook sem markaðssetningar- og samskiptaleið. Fjölmörg útibú bankans hafa komið sér upp eigin síðu á samskiptavefnum til hægðarauka fyrir viðskiptavinum. Þessar nýju leiðir í margmiðlun gefa færi á nýjum og spennandi leiðum til að færa útibúin nær viðskiptavininum og auka aðgengi þeirra að þjónustu bankans. Má þar meðal annars nefna nýja nálgun sem kynnt var í lok árs en með henni geta viðskiptavinir rætt hvor við annan og þannig til dæmis skipst á ráðum um fjármál og sparnað í gegnum samskiptamiðla fyrir tilstuðlan bankans.

Meðal þess sem var endurskoðað á árinu var stefna bankans í húsnæðislánveitingum. Mikil vinna var lögð í greiningu og upplýsingasöfnun og var niðurstaðan sú að hækka lánshlutfall úr 70% í 80% af virði fasteignarinnar. Jafnframt var ákveðið að skipta lánsfjárhæðinni upp í tvö lán og miða vaxtastig þeirra við þá áhættu sem telst fylgja hverju láni fyrir sig. Ennfremur hefur bankinn lagt aukna áherslu á framboð

óverðtryggðra húsnæðislána, en bankinn hóf að bjóða slík lán árið 2009.

Bankinn hélt áfram að aðstoða viðskiptavinum við að lækka kostnað af bankaþjónustu með því að sýna sveigjanleika í gjaldtöku vegna FIT færslna. Þannig fær viðskiptavinurinn smáskilaboð þegar færsla fer á FIT og gefst kostur á að laga stöðuna á reikningnum áður en kemur til gjaldtöku.

Íslandsbanki hefur markað sér þá stefnu að vera #1 í Þjónustu við viðskiptavinum. Fjölmargin var gert á árinu með það að augnamiði að viðhalda þeim þjónustugæðum sem bankinn telst hafa upp á að bjóða samkvæmt könnunum.

Íslandsbanki var aðili að samningi um vottun fjármálaráðgjafa, en markmiðið með náminu er að samræma kröfur sem gerðar eru til þjónustufulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða sem eiga aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) og sinna fjármálaráðgjöf til einstaklinga, sem og að auka áreiðanleika og trúverðuleika vottunar. Að verkefninu koma að auki Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands. Þessir aðilar bera faglega ábyrgð á náminu og vottunarnefndinni sem mun staðfesta prófskírteini vottaðra fjármálaráðgjafa.

Að auki fylgdi viðskiptabankasvið þjónustustefnunni enn frekar eftir með tvenns konar námskeiðum þar sem starfsmenn tóku virkan þátt í að móta stefnuna fyrir sitt útibú eða sína deild.

Liður í góðri þjónustu er að auka færni viðskiptavinarins í að stýra eigin fjármálum og byggja undir þekkingu hans á þeim atriðum sem skipta máli í farsælli fjármálastjórn. Íslandsbanki var fyrstur banka til að bjóða viðskiptavinum sínum upp á Meniga sem er öflugt tæki til að halda utan um heimilisbókhaldið. Bankinn hélt fjölmörg námskeið til að kenna á þetta sniðuga verkfæri á árinu auk þess sem almenn námskeið í fjármálalæsi undir heitinu „Fjármálin þín“ sem voru afar vel sótt. Þá hefur bankinn fylgt þessum námskeiðum eftir með því að halda úti öflugri upplýsingaveitu á vefsíðu sinni undir sama heiti.



## 5.3 Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið ber ábyrgð á viðskiptasamböndum bankans við stærstu fyrirtæki landsins og þjónustar þau m.a. með lánveitingum og ráðgjöf tengdri fjármögnun. Sviðinu tilheyrir einnig einingin fyrirtækjalausnir, sem stýrir og leiðir fjárhagslega endurskipulagningu stærri fyrirtækja. Ennfremur starfar á sviðinu sérstakt teymi sérfræðinga sem vinnur rannsóknar- og greiningarefni um sjávarútveginn, orkugeirann og sveitarfélögin, en sérstök áhersla er lögð á þjónustu við þessar atvinnugreinar.

Íslandsbanki er álitinn sá banki sem veitir faglegustu og bestu þjónustuna til stórra fyrirtækja samkvæmt könnun sem framkvæmd var meðal 300 stærstu fyrirtækja á Íslandi í nóvember 2011. Þetta er þýðingarmikill árangur og sviðinu hvatning til þess að þjónusta viðskiptavini enn betur.

### Leiðandi í þjónustu við fyrirtæki


Fyrri hluti ársins 2011 var helgaður áframhaldandi vinnu við endurskipulagningu stórra fyrirtækja en einnig varð aukning í nýjum viðskiptum, einkum á síðari hluta ársins. Starfsmenn sviðsins héldu áfram að vinna náið með og styrkja tengsl sín við viðskiptavini með það að markmiði að Íslandsbanki sé #1 í þjónustu við stór fyrirtæki á Íslandi. Aukin áhersla var lögð á sókn sem leiddi til nýrra lánveitinga, krosssölu og nýrra viðskiptasambanda. Þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir í umhverfinu, sérstaklega í sjávarútvegi, orku- og byggingargeiranum, jukust umsvifin yfir árið og hafa ekki verið eins mikil frá 2008.

Árlegt Fjármálaþing Íslandsbanka var haldið í október, en þangað er forstjórum og fjármálastjórum fyrirtækja í viðskiptum við bankann boðið. Á þinginu kynnti greining Íslandsbanka árlega þjóðhagsspá sína en henni er ætlað að styðja við áætlanagerð fyrirtækja viðskiptavina. Auk bankastjóra og starfsmanna fékk bankinn góða gesti úr hópi viðskiptavina til að ávarpa gesti og flytja erindi.

### Góður gangur í endurskipulagningu


Segja má að endurskipulagning fyrirtækja hafi náð hámarki árið 2011 sé litið til fjölda lokinna verkefna. Lokið var við endurskipulagningu 76 fyrirtækja, þar með talið N1 og Höfðatorgs sem eru meðal stærstu endurskipulagningarverkefnum bankans. Af þeim

Hvaða banki finnst þér búa yfir mestri fagmennsku þegar á heildina er litið?




Heimild: Capacent Gallup Nóvember 2011 - könnun meðal 300 stærstu fyrirtækja skv. Frjálsri Verslun

### Þjónustueinkunn aðalviðskiptabanka fyrirtækis



Heimild: Capacent Gallup Nóvember 2011 - könnun meðal 300 stærstu fyrirtækja skv. Frjálsri Verslun

### Staða fjárhagslegrar endurskipulagningar hjá Íslandsbanka



Heimild: Íslandsbanki

rúmlega 40 fyrirtækjum sem enn töldust vera í endurskipulagningarferli hjá fyrirtækjalausnum í lok árs 2011 voru 17 fyrirtæki sem nú bíða einungis lokafrágangs skjala.<sup>2)</sup>

### Öflug útgáfustarfsemi og þátttaka í spennandi klasaverkefnum




Árið 2011 gaf fyrirtækjasvið út þrjár skýrslur um jarðvarma og þrjár um sjávarútveg. Þá setti sviðið einnig á fót upplýsingaveitur fyrir sjávarútveg og orkugeirann, sem innihalda upplýsingar og gögn um íslenska og bandaríska markaðinn í þessum atvinnugreinum. Upplýsingaveiturnar sem og útgefnar skýrslur má finna á heimasíðu bankans.

Íslandsbanki er þátttakandi í tveimur svokölluðum klasaverkefnum; „Íslenski sjávarútvegsklasinn“ og „Íslenski jarðvarmaklasinn“. Þessi klasaverkefni eru sameiginleg verkefni margra fyrirtækja sem tengjast atvinnugreinunum beint eða óbeint. Markmiðið er að bæta samvinnu og stuðla að virðisaukningu. Dæmi um annað vel heppnað samvinnuverkefni er „Inspired by Iceland“ eða „Ísland allt árið“ í ferðaþjónustu.

### Alþjóðleg sérþekking á sviði jarðvarma og sjávarútvegs

Eftir að hafa þjónað grunnatvinnugreinum þjóðarinnar í gegnum tíðina, hefur Íslandsbanki þróað með sér alþjóðlega sérþekkingu í jarðvarma og sjávarútvegi. Bankinn hefur lagt áherslu á ráðgjafarþjónustu sem byggir á greiningarvinnu í þessum tilteknu atvinnugreinum og hafa sjónarmið bankans víða verið kynnt á alþjóðlegum ráðstefnum og öðrum viðburðum tengdum jarðvarma og sjávarútvegi.

Eins og á fyrri árum þá er kjarnamarkaður fyrir alþjóðlega starfsemi á sviði jarðvarma og sjávarútvegs í Norður-Ameríku. Í apríl á þessu ári hlaut dótturfélag bankans, Glacier Securities, starfsleyfi til að starfrækja verðbréfamíðlun (e. broker-dealer license) í Bandaríkjunum og mun það styðja frekar við stefnu bankans á alþjóðavísu. Glacier Securities var hluti af Fyrirtækjasviði fram til loka árs 2011, en varð hluti af sviði Markaða frá byrjun árs 2012.



Sviðið hélt áfram útgáfu skýrslna um jarðhita- og sjávarútvegsfél á árinu.

2) Dómur Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 gæti haft áhrif á einhverja þessara endurútreikninga. Frekari upplýsingar má finna í skýringu 60.



## Dæmi um stór lánaverkefni fyrirtækjasviðs á árinu 2011

### Smáralind

Íslandsbanki endurfjármagnaði 3,7 milljarða lánasafn Eignarhaldsfélagsins Smáralindar með láni til fimm ára. Eignarhaldsfélagið Smáralind á og rekur Smáralind, stærstu verslunarmiðstöð á Íslandi.



### Orkuveita Reykjavíkur

Íslandsbanki veitti Orkuveitu Reykjavíkur 2 milljarða króna rekstrarlán til þess að styðja við daglega fjármögnunarbörf.



Orkuveita Reykjavíkur framleiðir, dreifir og selur heitt vatn og kalt, rafmagn og annast uppbyggingu og rekstur fráveitu og gagnaveitu. Ennfremur er fyrirtækið leiðandi í virkjun jarðvarma á Íslandi.

### Eimskip

Eimskipafélag Íslands hf., sem er eitt af leiðandi flutningafyrirtækjum Íslands, fjárfesti í tveimur nýjum flutningaskipum fyrir 50 milljónir bandaríkjadala árið 2011. Íslandsbanki var stoltur þátttakandi í fjármögnun verkefnisins fyrir Eimskip og veitti sveigjanlega fjármögnun fyrir um 30% af fjárfestingunni á byggingartímanum.



### Landsvirkjun

Landsvirkjun, stærsta orkufyrirtæki Íslands, skrifaði undir þriggja ára veltilán að upphæð 10,5 milljarða króna. Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn önnuðust lánveitinguna. Íslandsbanki var ennfremur umsýslubanki þessarar tímamótalánafyrirgreiðslu fyrir hönd Landsvirkjunar.



Íslandsbanki tók einnig þátt í einu fyrsta erlenda sambankaláninu til stofnunar í ríkiseigu frá því að fjármálakreppan skall á árið 2008 þegar Landsvirkjun tryggði þriggja ára veltilán í erlendum gjaldmiðlum að upphæð 200 milljónir bandaríkjadala.

### N1

Íslandsbanki veitti N1, leiðandi þjónustufyrirtæki á sviði eldsneytissölu, þriggja ára veltilán til þess að fjármagna árstíðabundnar þarfir fyrir rekstrarfé.





## 5.4 Markaðir

Markaðir veita viðskiptavinum þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi er varðar viðskipti með skuldabréf, gjaldeyri, hlutabréf, afleiður og fyrirtækjaráðgjöf auk þess sem sviðið hefur umsjón með eigin viðskiptum bankans. Greining Markaða gefur út hagspár og ýtarlegar greiningar á rekstri fyrirtækja auk þess sem hún gefur daglega út Morgunkorn Íslandsbanka.

### Víðtækt þjónustuframboð

Markaðir skiptast í fimm einingar; Verðbréfamíðlun, Gjaldeyrismiðlun, Millibankamarkaði, Fyrirtækjaráðgjöf og Greiningu.

Verðbréfamíðlun veitir fagfjárfestum aðgang að mörkuðum með skulda- og hlutabréf. Helstu viðskiptavinir eru lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og aðrir fagfjárfestar auk stærri fyrirtækja.

Gjaldeyrismiðlun sér viðskiptavinum fyrir þjónustu er lýtur að kaupum og sölu gjaldeyris. Auk þess veitir deildin viðskiptavinum ráðgjöf og aðgang að helstu vörum sem nýta má til að lágmarka gjaldmiðlaáhættu þeirra.

Millibankamarkaðir starfa sem heildsöluaðili innan bankans og gerir þannig öðrum deildum bankans kleift að bjóða viðskiptavinum fjölbreyttar vörur. Hlutverk Millibankamarkaða er fjölbreytt m.a. að halda úti viðskiptavakt á gjaldeyrismarkaði, skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði. Deildin sér um að verðleggja vaxtaskiptasamninga, gjaldmiðlaskiptasamninga auk þess að stýra endurhverfum viðskiptum bankans við Seðlabanka Íslands, aðrar fjármálastofnarnir og viðskiptavinir bankans. Lausafjárstýring bankans bæði í íslenskum krónum og erlendum myntum fer fram hjá deildinni auk þess sem hún hefur umsjón með bindiskyldu bankans og þátttöku í innlendum greiðsluferfum.

Greining gefur út þjóðhagsspá fyrir bankann og viðskiptavinir hans. Hún sér um markaðsgreiningu, spár fyrir um helstu hagstærðir og gefur daglega út Morgunkorn Íslandsbanka, bæði á íslensku og ensku.

Fyrirtækjaráðgjöf býður upp á víðtæka þjónustu er varðar samruna og yfirtökur, kaup og sölu fyrirtækja, hlutafjárútboð og skráningar, auk þess sem teymið býður sjálfstæða ráðgjöf um endurskipulagningu. Markhópur Fyrirtækjaráðgjafar eru millistór og stór íslensk fyrirtæki.


Markaðir tóku nokkrum breytingum á árinu 2011 og var sú markverðasta ráðning nýs framkvæmdastjóra, Tryggva Björns Davíðssonar, sem hóf störf í september. Tryggvi hefur víðtæka reynslu af störfum á alþjóðlegum fjármála-mörkuðum, síðast sem forstöðumaður hjá Barclays Capital í London þar sem hann starfaði í 7 ár. Ráðningu Tryggva var fylgt eftir með ráðningu forstöðumanns fyrirtækjaráðgjafar í desember. Samhliða var nýtt skipulag deildarinnar, sem tók gildi um áramót, kynnt þar sem aukin áhersla er lögð á sérsniðnar lausnir fyrir viðskiptavinum.

### Krefjandi ytra umhverfi

Starfsumhverfi Markaða á árinu 2011 einkenndist af mikilli og aukinni samkeppni, einkum smærri aðila sem eru að hasla sér völl á markaðnum. Markaðsaðstæður voru auk þess almennt krefjandi. Hlutabréfamarkaður hefur enn ekki náð sér á strik og er velta þar ennþá einungis brot af því sem hún var á árum áður. Þá liggur fyrir að veltu á gjaldeyrismarkaði eru þröngar skorður settar þar til gjaldeyrishöftum verður aflétt.


Það má því segja að markaður með skuldabréf hafi verið eini virki markaðurinn á síðastliðnu ári. Íslandsbanki var atkvæðamikill á skuldabréfamarkaði á árinu og var með næstmestu hlutdeild af veltu markaðarins á árinu.

### Velta á helstu mörkuðum á Íslandi




Heimild: Seðlabanki Íslands og NasdaqOMX

### Markaðshlutdeild á NasdaqOMX 2011 - skuldabréf og tengdir gjörningar



Heimild: NasdaqOMX.

### Leiðandi aðilar á markaði fyrirtækjaráðgjafar á Íslandi



Heimild: Capacent Gallup 2011.

### Enduruppbygging fjármagnsmarkaða er brýnasta verkefnið

Ljóst er að uppbygging virks fjármagnsmarkaðar er undirstaða þess að öflug fjárfestingabankastarfsemi geti þrífist á Íslandi. Ljúka þarf endurskipulagningu lífvænlegra félaga og koma þeim til skráningar á markað. Liður í slíkri uppbyggingu er að sjálfsögðu afnám gjaldeyrishafta sem búist er við að losað verði um að einhverju leyti á komandi ári. Þannig kemst eðlilegra ástand á gjaldeyrismarkaðinn þó meira þurfi til.

Markaðir Íslandsbanka hyggjast leggja áherslu á að nýta sterka stöðu sína og bankans í heild sinni til að til að vera í fararbroddi uppbyggingar fjármagnsmarkaðarins. Í því samhengi var ánægjulegt að sjá niðurstöður könnunar Capacent, sem framkvæmd var í lok ársins, sem sýnir að stjórnendur 150 stærstu fyrirtækja landsins telja Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka vera leiðandi á sínu sviði. Er þetta bankanum og Mörkuðum sérstök hvatning að halda áfram því góða og öflugra starfi sem einkennt hefur bankann frá stofnun.

### Leiðandi í fyrirtækjaráðgjöf

Eitt stærsta verkefni ársins hjá Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjöf til Icelandair Group hf. vegna hlutafjárútbóðs í janúar. Með því lauk farsælli endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækisins. Af öðrum verkefnum á sviði yfirtöku og sameininga sem lauk á árinu má nefna ráðgjöf til Framtakssjóðs Íslands um kaup á hlutum í N1 og ráðgjöf til Geysis Green Energy vegna sölu Magma Energy á dótturfyrirtækinu Enex í Kína.

Fyrirtækjaráðgjöf leiddi tvö opin sölufjerli árið 2011. Er þar um að ræða annars vegar sölu á Ingvari Helgasyni og B&L, sem undirrituð var seint á árinu 2011 og sölufjerli Jarðborana hins vegar en það verkefni hófst á fjórða ársfjórðungi 2011.

## 5.5 Eignastýring

Eignastýring (VÍB) býður viðtæka þjónustu í eignastýringu og einkabankaþjónustu fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Að auki býður eignastýringin ráðgjafa- og fjárfestingaþjónustu sem og þjónustu í lífeyrismálum fyrir almenna fjárfesta og eignastýringarþjónustu fyrir efnameiri einstaklinga.

Verðbréfasjóðum og sérstýrðum sjóðum fyrir fagfjárfesta er stjórnað í gegnum sjálfstætt dótturfélag, Íslandssjóði hf., sem er leiðandi í stýringu verðbréfasjóða á Íslandi.

### VÍB

Nafni eignastýringar Íslandsbanka var breytt 1. febrúar 2011 og heitir nú VÍB. VÍB er vel þekkt vörumerki á íslenskum fjármálamarkaði og var nafn eignastýringar Íslandsbanka frá stofnun 1986 til ársins 2001.

Helsta ástæða nafnabreytingarinnar var að auka aðgreiningu frá bankanum, gera eignastýringu Íslandsbanka sýnilegri á markaði og veita deildinni tækifæri til þess að hafa sjálfstæða rödd á opinberum vettvangi.

Á árinu lagði VÍB ríka áherslu á fjölbreytt framboð námskeiða og vandaða fræðsludagskrá sem þúsundir viðskiptavina sóttu.

### Góð afkoma af eignum í stýringu

VÍB er stærsti dreifingaraðili verðbréfasjóða Íslandssjóða. Eignir í stýringu Íslandssjóða hafa hækkað um 50% á síðustu tveimur árum, frá því að vera 70 milljarðar í lok ársins 2009 í 113 milljarða í lok árs 2011.

Íslandssjóðir reka og stýra stærsta verðbréfasjóði á Íslandi, Sjóði 7 - Löng ríkisskuldabréf, en eignir hans námu 42 milljörðum króna í árslok. Nafnávöxtun Sjóðs 7 nam 13,5% yfir árið. Íslandssjóðir stýra einnig næst stærsta verðbréfasjóði landsins, Sjóði 5 - Ríkisskuldabréf. Heildareignir þess sjóðs voru 33,7 milljarðar í árslok 2011 og skilaði sjóðurinn 10% nafnávöxtun á árinu.

### Öflug vöru- og þjónustuþróun

Til að bregðast við þörfum markaðarins voru stofnaðir tveir nýir sjóðir á árinu. Í mars var Íslandssjóðurinn Eignasafn – Ríki og sjóðir stofnaður. Þessi sjóðasjóður fjárfestir aðallega í ríkisverðbréfasjóðum og býður virka stýringu ríkisskuldabréfa. Í september var Skuldabréfasafn Íslandssjóða stofnað sem er fyrsti sjóðurinn sem fjárfestir í öðrum skuldabréfum en ríkisbréfum eftir hrun. Sjóðurinn fjárfestir í bland í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, fjármála- og annarra fyrirtækja og innlánnum.

VÍB hóf ennfremur dreifingu verðbréfasjóða norska bankans DNB á Íslandi á árinu, sem er frábær viðbót við það framboð sjóða sem fyrir var hjá VÍB.

### Hörð samkeppni

Samtals bjóða ellefu bankar og fjármálastofnanir upp á verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og eignastýringarþjónustu á Íslandi. Venjulega endurspeglar markaðshlutdeild þjónustuaðila í eignastýringu og sjóðastýringu að miklu leyti markaðshlutdeild viðkomandi aðila í viðskiptabankaþjónustu. Síðastliðin þrjú ár hefur orðið aukning á fjölda smærri samkeppnisaðila í sjóðastýringu og einkabankaþjónustu sem þó eru með tiltölulega litla markaðshlutdeild enn sem komið er.

Styrkleiki VÍB er hlutfallsleg stærð þess, en það er með stærstu eignastýringaraðilum á Íslandi.



### Einkabankaþjónusta

Einkabankaþjónusta er í boði fyrir efnameiri einstaklinga, fjárfestingafyrirtæki, sjóði og góðgerðarfélög og geta þessir aðilar annað hvort nýtt sér stýringu eigna eða fjárfestingarráðgjöf. Þjónustan felur í sér stýringu eignasafna, bankaþjónustu og gerð fjárhagsáætlana sem eru sérsniðnar að þörfum og óskum hvers viðskiptavinar.

Sérstakur persónulegur viðskiptastjóri fylgist með eignasafninu og mælir með fjárfestingartækifærum þegar þau bjóðast. Einkabankaþjónusta þjónar einstaklingum sem eiga meira en 15 milljónir íslenskra króna í peningalegum eignum.

### Fagfjárfestaþjónusta

Fagfjárfestaþjónusta VÍB er sérsniðin fyrir lífeyrissjóði, aðra smærri sjóði, stofnanir og fyrirtæki. Ráðgjöfin tekur mið af aðstæðum viðskiptavinar og þjónustustig er ákveðið í samráði við hann. Boðið er upp á þrjár þjónustuleiðir:

eignastýringarþjónustu, sérfræðiráðgjöf og greiningu og vörsluþjónustu.

Viðskiptavinir Fagfjárfestaþjónustu geta valið að stýra söfnum sínum sjálfir með sérfræðiaðstoð og ráðgjöf frá viðskiptastjóra eða mótað fjárfestingarstefnu sína með safnastjóra, sem stýrir svo eignasafninu innan marka stefnunnar.

### Eigna- og lífeyrisþjónusta

Eigna og lífeyrisþjónusta Íslandsbanka býður upp á fjölbreytta þjónustu varðandi verðbréf og lífeyri fyrir einstaklinga, þar á meðal fjárfestingarráðgjöf, miðlunarþjónustu, fjárvörslu og lífeyrisþjónustu. Teymið veitir viðskiptavinum sínum sérfræðiþjónustu í gegnum síma, í móttöku VÍB á Kirkjusandi og í netbanka Íslandsbanka þar sem viðskiptavinir hafa rauntímaaðgang að eignasafni sínu og veltureikningum sem og netviðskiptum með innlenda sjóði.

### Alþjóðlegir verðbréfasjóðir

VÍB býður ráðgjöf varðandi alþjóðleg eignasöfn og aðgang að sjóðum erlendra aðila eins og Vanguard, DNB, Gartmore, Wegelin, Sparinvest og Skagen. Sem stendur geta viðskiptavinir ekki fjárfest í erlendum sjóðum vegna gjaldeyrishafta, en VÍB heldur áfram að bjóða alþjóðlega eignastýringu og ráðgjöf um val á sjóðum til viðskiptavina sem hafa leyfi til að fjárfesta erlendis.

Eignastýring Íslandsbanka hefur átt í árangursríku samstarfi við Vanguard Group í 13 ár, með einkaréttarsamningi um dreifingu sjóða fyrirtækisins á Íslandi. Vanguard er eitt af stærstu eignastýringarfyrirtækjum heims, stofnað árið 1975. Samstarfið veitir viðskiptavinum VÍB tækifæri til að fjárfesta í fjölda alþjóðlegra hlutabréfasjóða og annarra verðbréfasjóða með litlum tilkostnaði.

VÍB er nú einnig með samning við norska bankann DNB, sem nær yfir dreifingu vara og þjónustu hans á íslenskum markaði.

### Íslandssjóðir


Íslandssjóðir hf., sjálfstætt dótturfyrirtæki Íslandsbanka, er sérhæft á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Íslandssjóðir er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki og starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki og lýtur eftirliti Eignasafns Eftirlitsins.

Íslandssjóðir bjóða upp á fjóra mismunandi innlenda sjóði ríkisskuldabréfa, einn blandaðan skuldabréfasjóð, tvo innlenda hlutabréfasjóði, tvo innlenda eignastýringarsjóði, fyrir utan alþjóðlegt safn sjóðasjóðs sem er lokaður fyrir nýjar fjárfestingar vegna gjaldeyrishafta. Þar að auki bjóða Íslandssjóðir upp á sérsniðna stýringu eignasafna til fyrirtækja og fagfjárfesta.

Innstreymi fjármagns í ríkisskuldabréfasjóði Íslandsbanka hélt áfram árið 2011. Ríkisskuldabréfasjóðirnir fjórir sem stýrt er af Íslandssjóðum náðu góðri ávöxtun og var meðalávöxtun sjóðanna fjögurra 7,33% á árinu 2011.

Eignir í stýringu Íslandssjóða hafa hækkað um 50% á síðustu tveimur árum, frá því að vera 70 milljarðar í lok ársins 2009 í 113 milljarða í lok árs 2011.

Ríkisskuldabréf Sjóður 5 - nafnvöxtun



Heimild: Creditinfo Ísland og sjodir.is





## 6 Framkvæmdastjórn



Birna Einarsdóttir

**Birna Einarsdóttir** var skipuð bankastjóri Íslandsbanka í október 2008. Hún var framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs frá 2007 en hafði áður verið framkvæmdastjóri Sölu- og markaðsmála frá 2004, útibússtjóri og markaðsstjóri Íslandsbanka. Ennfremur starfaði Birna á árum áður hjá Iðnaðarbankanum, einum af forverum Íslandsbanka. Á árunum 1998-2004 starfaði Birna sem vörustjóri hjá Royal Bank of Scotland. Birna hefur jafnframt starfað sem markaðsstjóri Íslenska útvarpsfélagsins - Stöðvar 2 og Íslenskrar Getspár.

Birna er með cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá Háskólanum í Edinborg.



Jón Guðni Ómarsson

**Jón Guðni Ómarsson** var skipaður framkvæmdastjóri fjármálasviðs í október 2011. Hann hefur starfað hjá Íslandsbanka og fyrirrennrum í 10 ár, nú síðast sem forstöðumaður fjárstýringar á árunum 2008 til 2011. Áður hafði Jón Guðni meðal annars starfað innan markaðsviðskipta og á fyrirtækjasviði. Jón Guðni á ennfremur að baki reynslu við ráðgjafastörf við áhættustýringu banka hjá SunGard í Boston.

Jón Guðni er verkfræðingur að mennt með meistaragráðu í fjármálaverkfræði frá Georgia Institute of Technology í Atlanta í Bandaríkjunum. Þá hefur Jón Guðni lokið námi og unnið sér inn rétt til að bera titilinn Chartered Financial Analyst (CFA) og er löggildur verðbréfamiðlari.



Sigríður Olgeirsdóttir

**Sigríður Olgeirsdóttir** var skipuð framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs í september 2010. Hún hefur starfað innan hugbúnaðar- og upplýsingatæknigeirans frá árinu 1984 og var meðal annars forstöðumaður hugbúnaðarsviðs Tæknivals hf., framkvæmdastjóri Ax Business Intelligence A/S í Danmörku og framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss á Íslandi.

Sigríður er menntaður kerfisfræðingur frá EDB skolen í Óðinsvéum í Danmörku, rekstrarfræðingur frá Endurmenntun HÍ, og er með MBA gráðu í alþjóðastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík.



Stefán Sigurðsson

**Stefán Sigurðsson** var skipaður framkvæmdastjóri eignastýringar í október 2008. Hann hefur starfað hjá bankanum frá 2006, fyrst í fyrirtækjaráðgjöf bankans í Kaupmannahöfn og síðar sem framkvæmdarstjóri Viðskiptaþróunar. Stefán hefur starfað á ýmsum sviðum fjármálamarkaða frá árinu 1997, meðal annars sem sérfræðingur á skuldabréfamarkaði, í fjárstýringu, við fyrirtækjaviðskipti og viðskiptaþróun.

Stefán er með B.S. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og M.S. gráðu í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla.



Sverrir Örn Þorvaldsson

**Sverrir Örn Þorvaldsson** var skipaður framkvæmdastjóri áhættustýringar og lánaeftirlits haustið 2010. Hann hafði áður starfað sem forstöðumaður áhættustýringar frá 2006. Sverrir starfaði áður í 6 ár við rannsóknir, hugbúnaðargerð og gagnaúrvinnslu hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Sverrir er með meistarapróf í fjármálastærðfræði frá Stanford háskóla í Kaliforníu. Hann er með B.S. gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands, og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfamiðlun og faggildingu í fjármálalegri áhættustýringu (FRM) á vegum alþjóðasamtaka áhættustýringarsérfræðinga (GARP).



Tryggvi Björn Davíðsson

**Tryggvi Björn Davíðsson** var skipaður framkvæmdastjóri markaða í september 2011. Hann hefur viðtæka starfsreynslu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Áður en hann gekk til liðs við Íslandsbanka starfaði hann hjá Barclays Capital í Lundúnum þar sem hann byggði upp og stýrði deild sem annast skuldabréfafjárfestingar í Evrópu. Áður hafði Tryggvi starfað hjá Íslandsbanka-FBA sem greinandi í erlendum skuldabréfafjárfestingum og sambankalánum. Hann var einnig um tíma viðskiptafultrúi í sendiráði Íslands í París við greiningu á viðskiptatækifærum fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki á frönskum markaði.

Tryggvi er með B.S. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands, MBA gráðu frá INSEAD í Frakklandi og meistaragráðu í fjármálum frá Université Toulouse.



Una Steinsdóttir

**Una Steinsdóttir** var skipuð framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs í október 2008. Hún hóf störf hjá Íslandsbanka árið 1991, þá sem sérfræðingur í alþjóðadeild, og hefur viðtæka reynslu af áralöngu starfi sínu hjá bankanum, meðal annars við lána- og þjónustustjórnun. Una var útibússtjóri bankans í Keflavík frá 1999 – 2007, þegar hún tók við stjórn útibúasviðs bankans.

Una er með cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Vilhelm Már Þorsteinsson

**Vilhelm Már Þorsteinsson** var skipaður framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs í október 2008. Hann hóf störf hjá Íslandsbanka árið 1999 og hefur frá þeim tíma starfað að margvíslegum verkefnum innan bankans svo sem í markaðsviðskiptum, skrifstofu forstjóra og á fyrirtækjasviði. Frá árinu 2005 stýrði Vilhelm viðskiptaþróunarteymi bankans sem meðal annars vann að ytri vexti bankans ásamt eignasölu og ýmsum fjármögnunarverkefnum á árinu 2008.


Vilhelm er með B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík, MBA gráðu frá Pace University í New York og er löggildur verðbréfamiðlari.

## 7 Mannauður

Íslandsbanki leggur áherslu á stuðning við stjórnendur, virka þátttöku starfsmanna í stefnumótun, gott upplýsingaflæði, fræðslu og þróun, félagsstarf og almenna velferð starfsmanna.

Íslandsbanki hvetur til og fagnar góðum árangri starfsmanna sinna. Starfsánægja hefur áhrif á frammistöðu og því er mikilvægt að fagna árangri sem hvatningu til að gera betur. Hvatt er til frumkvæðis og hópavinnu með virkri þátttöku starfsmanna í stefnumótun meðal annars á árlegum stefnufundi bankans. Bankinn kappkostar að innan hans starfi jafnan metnaðarfullur og fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi bakgrunn og reynslu. Þannig verður bankinn betur í stakk búinn til að takast á við ólíkar þarfir viðskiptavina og veita framúrskarandi þjónustu.

Aldur starfsmanna




Heimild: Íslandsbanki

### Fræðsla og þróun

Íslandsbanki býður starfsmönnum sínum upp á metnaðarfulla fræðsludagskrá og leggur áherslu á miðlun þekkingar milli starfsmanna og ólíkra sviða innan bankans. Öflug starfsþróunarstefna veitir starfsfólki dýrmæt tækifæri til að efla hæfileika sína og vaxa í starfi. Þannig næst árangur og forskot í samkeppni. Líkt og undanfarin ár var mikil áhersla lögð á starfsþróun á árinu 2011. Ítarleg greining á þörfum og niðurstöður úr frammistöðusamtölum voru hafðar til hliðsjónar við uppsetningu á fjölbreyttri fræðsludagskrá sem samanstóð af tæplega 300 námskeiðum. Hver starfsmaður sótti að meðaltali 4,5 námskeið á árinu 2011.


Starfsaldur



Heimild: Íslandsbanki

Mikilvægt er að nýjum starfsmönnum finnst þeir velkomnir og þeir eigi auðvelt með að aðlagast nýjum vinnustað og vinnufélögum hratt og örugglega. Bankinn hefur í þessu augnamiði hannað sérstakt námskeið fyrir nýja starfsmenn „Íslandsbanki: Fyrirtækið mitt“ þar sem farið er yfir helstu atriði sem starfsmenn þurfa að vera upplýstir um og varðar réttindi þeirra og skyldur.

Kyn starfsmanna



Heimild: Íslandsbanki

Íslandsbanki styður stjórnendur á öllum stigum með skipulagðri leiðtogaþjálfun. Þróað hefur verið hæfnislíkan fyrir stjórnendur sem skilgreinir þá hæfni sem líkleg er til að skila árangri. Leiðtogaþjálfunin hefur það að markmiði að styrkja stjórnendur í þessum hæfnisþáttum og hjálpa þeim að ná tókum á leiðtoga hlutverki sínu.

Til að staðla hlutverk fjármálaráðgjafa og tryggja sem best að þeir búi yfir nauðsynlegri færni og þekkingu, hófu 11 starfsmenn nám til vottunar sem fjármálaráðgjafar. Námið er sameiginlegt verkefni Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst.

## Starfsánægja

Ánægja starfsfólks og velferð er Íslandsbanka mikilvæg. Ánægðir og áhugasamir starfsmenn eru grunnurinn að góðri þjónustu, ánægju viðskiptavina, jákvæðri ímynd og á endanum, góðri fjárhagslegri afkomu. Frá 1997 hefur Íslandsbanki gert árlega vinnustaðagreiningu með Capacent og sýna niðurstöður frá nóvember 2011 að þrátt fyrir áframhaldandi áskoranir í umhverfi bankans þá er starfsandinn innan bankans mjög góður. Til dæmis hefur þeim starfsmönnum fjölgað sem segjast myndu mæla með Íslandsbanka sem vinnustað við vini sína.

Félagsstörf eru snar þáttur í starfsánægju og góðum starfsanda á vinnustað. Í Íslandsbanka er blómlegt félagsstarf þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Á vormánuðum 2011 voru haldnir ýmsir heilsutengdir viðburðir til þess að stuðla að heilbrigðari lífstíl. Tvö hundruð og sjö starfsmenn tóku þátt í þjóðaráttakinu „Hjólað í vinnuna“ þar sem Íslandsbanki lenti í fyrsta sæti bæði með tilliti til fjölda daga sem starfsmenn tóku þátt og fjölda kílómetra sem hjólaðir voru hjá fyrirtækjum með yfir 800 starfsmenn. Yfir 400 starfsmenn „hlupu til góðs“ með þátttöku sinni í Reykjavíkurmaraþoninu og söfnuðu fé í góðgerðarskygni. „Börnin með í vinnuna“ dagurinn var í heiðri hafður og fengu börnin innsýn í hvernig foreldrarnir eyða deginum. Keilu- og golfmót voru haldin, auk þess sem blómlegt starf

fór fram hjá göngu-, golf-, matreiðslu-, ljósmynda- og saumaklúbbum starfsmanna.

Ánægjuleg viðbót varð við starfsmannahóp Íslandsbanka í nóvember 2011 þegar starfsmenn Byrs bættust í hópinn við sameiningu fyrirtækjanna. Sameiningin gekk vel og er þar svipaðri fyrirtækjameningu bankanna tveggja ekki síst fyrir að þakka.

## 8 Samfélagsleg ábyrgð

Íslandsbanki er einn stærsti vinnustaður landsins með rúmlega þúsund starfsmenn. Sem stór vinnuveitandi með breiðan hóp viðskiptavina hefur bankinn lagt höfuðáherslu á að viðhalda góðu sambandi við nærumhverfi sitt.

### Ábyrgur og framsýnn banki

Íslandsbanki hefur fylgt meginreglum Sameinuðu þjóðanna, UN Global Compact, um samfélagslega ábyrgð síðastliðin þrjú ár. Með því að líta fram á veginn og sýna ábyrgð í öllum sínum verkum vill Íslandsbanki vera virkur þátttakandi í því að bæta samfélagið og það nærumhverfi sem hann starfar í.

Verkefni bankans í samfélagslegum málefnum byggja á stefnu Íslandsbanka um samfélagslega ábyrgð sem nær til fjögurra lykilþátta: viðskipta, mannauðs, samfélags og umhverfis.

### Viðskipti

Íslandsbanki gegnir mikilvægu hlutverki í því samfélagi sem hann starfar, sérstaklega þegar litið er til fjárhagslegs stöðugleika. Samfélagsleg ábyrgð, sterk siðferðisvitund og traust í viðskiptum er órjúfanlegur hluti af starfsemi bankans.

Bankinn leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu til þess að tryggja ánægju

þeirra og byggja upp traust í garð bankans. Bankinn gengur einnig úr skugga um að allir viðskiptavinir hljóti jafna meðferð og aðgengi að upplýsingum sem þeir kunna að þurfa í viðskiptum sínum við bankann eins og kostur er. Til þess að ná þessu markmiði hafa starfsreglur bankans verið endurskoðaðar og gerðar skýrari.

### Skuldaleiðrétting fyrir heimili og fyrirtæki

Síðastliðin þrjú ár hefur Íslandsbanki sett fjárhagslega endurskipulagningu heimila og fyrirtækja í forgang og hefur bankinn boðið margvíslegar lausnir í því augnamiði að þjóna mismunandi þörfum viðskiptavina sinna.

Íslandsbanki kappkostar að veita nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um þá möguleika sem viðskiptavinum stendur til boða. Þetta á við um húsnæðis- og bílalán einstaklinga sem og útlán til fyrirtækja. Þúsundir einstaklinga og fyrirtækja hafa fengið lækkun eða niðurfellingu skulda með ýmsum hætti, t.d. í gegnum lækkun höfuðstóls húsnæðislána, skuldaaðlögun eða vaxtaafslátt. Við endurútreikning erlendra lána hefur Íslandsbanki

### Fjórar meginstoðir samfélagslegrar ábyrgðar

#### Viðskipti

Íslandsbanki leitast við að þjóna viðskiptavinum sínum með því að hafa skýrt regluverk, veita gagnlegar upplýsingar, auka gegnsæi, og gæta jafnræðis meðal viðskiptavina.

#### Mannauður

Markmið Íslandsbanka er að ráða, efla og halda í hæfileikaríkt og ábyrgt starfsfólk. Bankinn kappkostar að innan hans starfi jafnan metnaðarfullur og fjölbreyttur hópur

fólks með mismunandi bakgrunn og reynslu. Þannig verður bankinn betur í stakk búinn til að takast á við ólíkar þarfir viðskiptavina og veita framúrskarandi þjónustu.

#### Samfélagið

Íslandsbanki leggur sitt af mörkum til að efla nærumhverfi sitt með því að styðja við félags-, menningar- og íþróttastarf auk þess að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni.

#### Umhverfi

Íslandsbanki leggur höfuðáherslu á að vinna í takt við umhverfið og endurspeglast það í stjórnun og fjárfestingum bankans.

Í nokkrum tilfellum ákveðið að ganga lengra en nauðsynlegt er samkvæmt íslenskum lögum og dómsúrskurðum til hagsbóta fyrir viðskiptavinum. Með því stuðlar bankinn að því að hraða fjárhagslegri endurskipulagningu og endurreisn íslenska efnahagskerfisins.

### Stefna bankans í upplýsingagjöf

Opin og gegnsæ samskipti eru nauðsynleg til þess að byggja upp traust og viðhalda góðu sambandi við hagsmunaaðila. Bankinn starfar samkvæmt Basel II reglum um eigið fé og til þess að framfylgja þeim reglum hefur bankinn innleitt sérstaka upplýsinga- og samskiptastefnu. Stefnan skilgreinir þær meginreglur og ramma sem gilda um upplýsingagjöf og miðlun upplýsinga hjá bankanum, þ.m.t. að veita réttar og fullnægjandi upplýsingar um það sem máli skiptir og að þær séu aðgengilegar öllum viðeigandi hagsmunaaðilum.

### Áhættuskýrsla

Sem liður í því að auka gegnsæi í starfsemi sinni og bæta upplýsingagjöf var Íslandsbanki fyrsti bankinn á Íslandi til þess að gefa út áhættuskýrsla með upplýsingum um málefni áhættustýringar og áhættumat á starfsemi bankans. Útgáfan er hluti af því að uppfylla stoð 3 í Basel II samkomulaginu og miðast við framkvæmd alþjóðlegra fjármála-stofnana af sambærilegri stærð.

### Síða- og starfsreglur

Starfsmenn Íslandsbanka tóku þátt í því að móta síðareglur bankans sem ætlað er að leiðbeina starfsmönnum í daglegum störfum þeirra, stuðla að góðum starfs- og viðskiptaháttum sem og að auka traust, viðhalda trúverðugleika, og styrkja orðspor bankans. Síðareglurnar fjalla um mikilvægi þess að starfsmenn vinni af fagmennsku, gæti jafnræðis og virði trúnað. Auk síðareglunnanna voru nýjar starfsreglur innleiddar sem kveða á um almennar skyldur starfsmanna Íslandsbanka. Þessum starfsreglum er ætlað að styðja við síðareglurnar sem og aðrar innanhússreglur.

Til þess að festa reglurnar í sessi stóð regluvarsla bankans fyrir vinnustofum þar sem þær voru kynntar. Öllum starfsmönnum er skylt að mæta á slíka vinnustofu.

### Þekkingarsetur um samfélagslega ábyrgð

Íslandsbanki hefur ásamt fimm öðrum fyrirtækjum stofnað Festu - þekkingarmiðstöð um samfélagslega ábyrgð. Þekkingarmiðstöðinni er ætlað að auka þekkingu fyrirtækja á og getu þeirra til að sýna samfélagslega ábyrgð í rekstri sínum. Setrið er staðsett í Háskólanum í Reykjavík en markmiðið er að efla nám og fræðslustarf tengdu samfélagslegri ábyrgð víðsvegar um samfélagið.

### Stuðlað að auknum fjármálaskilningi

Íslandsbanka er umhugað að auka fjármálalæsi á Íslandi og lagði í þeim efnum margvísleg lóð á vogarskálarnar á árinu. Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, VÍB, hélt samtals 42 fundi og námskeið um sparnað og fjárfestingar sem sótt voru af yfir 2.800 viðskiptavinum sviðsins. Auk þess hefur VÍB haldið röð málþinga um fjármál í samstarfi við Landssamband eldri borgara. Fundirnir voru vel heppnaðir og fjölluðu um mikilvægar spurningar er varða fjárhagslegt öryggi aldraðra. Til að ræða efnahagsástandið á Íslandi, bauð VÍB auk þess tveimur merkur fyrirlesurum á sitt hvorn viðburðinn, Martin Wolf, aðalhaf fræðingi og aðstoðarráttgjafi Financial Times um efnahagsleg málefni og Lars Christensen, greiningaraðila nýrra markaða hjá Danske Bank, sem kynnti nýja greiningu Danske Bank á íslenska efnahagskerfinu: „Ísland, bati á óvissutímum“.

### Betri yfirsýn yfir fjármálin

Íslandsbanki vill aðstoða viðskiptavinum við að hafa stjórn á fjármálum sínum. Bankinn og hugbúnaðarfyritækið Meniga, sem sérhæfir sig í veflausnum fyrir heimilisfjármál, hafa átt í samstarfi síðan 2009 við að veita viðskiptavinum yfirsýn yfir heimilisbókhaldið, gera raunhæfar áætlanir, og veita hagnýt sparnaðarráð sniðin að neyslumynstri hvers og eins. Meniga er háþróaður, persónulegur fjármálhugbúnaður sem les og flokkar sjálfvirkt allar færslur af bankareikningi og kreditkortu notenda. Aðgangur að hugbúnaðinum er ókeypis fyrir viðskiptavinum og verður búið að samþætta hann að fullu við netbanka Íslandsbanka snemma árs 2012.

Íslandsbanki hélt einnig málstofurnar „Fjármál á mannamáli“ fyrir viðskiptavinum um áætlanagerð fyrir fjölskyldur. Námskeiðið fjallaði um mikilvægi

Þess að setja sér markmið varðandi sparnað, lán, fjárfestingar, lífeyrisgreiðslur og hvernig best má nýta kosti Meniga.

Til þess að auðvelda viðskiptavinum aðgengi og sýn yfir fjárhagsupplýsingar sínar var Íslandsbanki fyrstur íslenskra banka til að kynna að kynna til sögunnar snjallsímaforrit fyrir Android og iPhone síma.

Í gegnum forritið geta notendur greitt reikninga, skoðað yfirlit, millifært, séð staðsetningu útibúa og hraðbanka og skoðað gengi gjaldmiðla. Áhuginn er ótvíræður þegar lítið er til þess mikla fjölda notenda sem hafa þegar halað forritinu niður sér til hagræðis.

#### Frumkvöðlakrafturinn virkjaður

Íslandsbanki, Félag kvenna í atvinnurekstri og Opni háskólinn við Háskólann í Reykjavík stóðu fyrir námskeiði fyrir frumkvöðla og frumkvöðlasamkeppni fyrir konur og greiddi Íslandsbanki helming námskeiðsgjaldsins. Þátttakendur á námskeiðinu fengu kennslu í nýsköpun, stofnun fyrirtækja, stefnumótun, markaðsgreiningu, fjármálum og samningatækni. Afraksturinn varð 30 nýjar og frumlegar viðskiptaáætlanir sem síðar voru metnar og tóku þær 5 bestu þátt í keppni um bestu áætlunina. Í framhaldinu fengu þessir fimm þátttakendur svo leiðsögn við að þróa viðskiptaáætlun sína enn frekar. Höfundur bestu viðskiptaáætlunarinnar hlaut svo tveggja milljóna króna styrk frá Íslandsbanka.

#### Kvosin – nýsköpunarmiðstöð frumkvöðla

Íslandsbanki og Nýsköpunarmiðstöð Íslands opnuðu Kvosina, viðskiptasetur, í húsnæði Íslandsbanka í Lækjargötu árið 2009. Í Kvosinni fá einstaklingar og hópar aðstoðu til að vinna að viðskiptahugmyndum og stofna fyrirtæki undir faglegru umsjón sérfræðinga Impru á Nýsköpunarmiðstöð. Um 80 fyrirtæki hafa nýtt aðstoðu Kvosarinnar frá stofnun.

#### Mannauður

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á starfsánægju og góð starfsskilyrði. Bankinn hefur velferð starfsmanna sinna að leiðarljósi og kappkostar að skapa þeim áhugaverð tækifæri til starfsþróunar.

Markmið bankans er að ráða, efla og halda hæfu og áreiðanlegu starfsfólki sem býr yfir yfirburðarþekkingu og reynslu.

Áhersla bankans á mannaúðinn hefur skilað sér í mikill starfsánægju. Árið 2011 sögðust 87% starfsmanna vera ánægðir í vinnunni og 81% voru stoltir af því að vinna fyrir Íslandsbanka. Íslandsbanki bauð að venju upp á metnaðarfulla fræðsludagskrá sem taldi nærri því 300 námskeið og sótti hver starfsmaður að meðaltali 4,5 námskeið.

Íslandsbanki hefur að leiðarljósi að bæta stöðugt þann vinnuramma og verklag sem starfsmenn bankans fylgja í daglegum störfum sínum og auka með því skilvirkni og gagnsæi.



#### Í gegnum glerpakið

Íslandsbanki hefur undirritað Jafnréttissáttmálann (e. Women's Empowerment Principles) sem er samstarfsverkefni Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna (UNIFEM) og Hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. United Nations Global Compact) og veitir leiðbeiningar um hvernig efla megi konur á vinnustaðnum, á vinnumarkaði og í samfélaginu. Íslandsbanki hefur skuldbundið sig til að sýna frumkvæði og vinna að því að auka jafnrétti innan bankans. Árið 2011 veitti bankinn viðtöku Gæfusporinu, viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri. Í umsögn dómnefndar sagði að Birnu Einarsdóttur bankastjóra hafi tekist að virkja kraft beggja kynja innan bankans í þágu starfsmanna hans sem og viðskiptavina.



### Stefnufundur

Íslandsbanki hélt þriðja stefnufund sinn í janúar 2011 þar sem yfir 650 starfsmenn og 150 viðskiptavinir tóku þátt og miðluðu sinni sýn á umbætur í þjónustuframboði bankans. Þessir fundir hafa gegnt mikilvægu hlutverki og veitt stjórnendum dýrmæta innsýn og hugmyndir um þróun starfseminnar. Fundirnir gegna ennfremur lykilhlutverki í að auka þátttöku starfsmanna í stefnumótun bankans með beinum hætti.

### Samfélagið

Frá stofnun hafa Íslandsbanki og forverar gengt mikilvægu hlutverki sem vinnuveitendur og virkir þátttakendur í ýmsum samfélagsverkefnum. Bankinn leggur metnað sinn í að hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag m.a. með stuðningi við góð málefni sem og við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Íslandsbanki veitti yfir 120 milljónum kr. til ýmissa góðra málefna á árinu 2011.

### Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

Íslandsbanki hefur verið aðalbakhjarl Reykjavíkumaraþonsins frá árinu 1997. Í ár var met sett í fjölda hlaupara en 12,213 skráðu sig í hlaupið samanborið við tæplega 11,000 árið áður. Þá er aukinn fjöldi erlendra þátttakenda góð vísending um að maraþonið sé að ná alþjóðlegri fötffestu. Mikilvægasti þáttur Reykjavíkumaraþonsins er söfnun hlauparanna sjálfra til styrktar góðgerðarmálum. Árið 2011 söfnuðust rúmlega 43,5 milljónir króna fyrir meira en 100 góðgerðarfélag. Íslandsbanki lítur einnig á Reykjavíkumaraþonið sem mikilvægt lýðheilsuverkefni þar sem fjölskyldur geta tekið þátt og hlaupið mismunandi vegalengdir.

Í tengslum við áralangan stuðning Íslandsbanka við maraþonið ákvað bankinn að styrkja afrekskilauparann Kára Stein Karlsson. Kári Steinn hefur náð frábærum árangri á síðustu árum og setti meðal annars Íslandsmet í hálfu maraþoni sl. sumar á tímanum 1:05:35 og um mánuði síðar bætti hann Íslandsmetið í heilu maraþoni þegar hann kom í mark á tímanum 2:17:12. Styrkurinn leggur Kára Steini lið í vegferð hans á Ólympíuleikana í Lundúnum sem fara fram í júlí og ágúst á þessu ári.



### Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ

Afrekskvennasjóður styrkir konur í íþróttum með það að markmiði að hvetja þær til þess að ná framúrskarandi árangri á sínu sviði. Sjóðurinn var stofnaður árið 2007 sem samstarfsverkefni Íslandsbanka og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Yfir 100 umsóknir bárust á árinu og var samtals 6,5 milljónum króna úthlutað til tíu kvenna og tveggja landsliða.



### Special Olympics

Íslandsbanki hefur um árabíl verið aðalstyrktaraðili þátttökuliðs Íslands í Special Olympics. Síðasta sumar kepptu 38 íslenskir þátttakendur í 8 mismunandi greinum á sumarleikum Special Olympics sem fram fóru í Aþenu í Grikklandi. Það er mjög dýrmætt fyrir þessa einstaklinga að fá tækifæri til að taka þátt í þessum einstæða viðburði og veitir þeim mikla ánægju.

### „Hvað ef?“

Íslandsbanki bauð skólum, foreldrafélögum og menntaskólum á 35 sýningar af leikritinu Hvað ef? Leikritið beinir sjónum sínum að forvörnum við eiturfýrja- og áfengisfíkn, einelti, sjálfsvígum og kynferðislegu ofbeldi í gegnum leik, tónlist, grín og ljóðlist á skemmtilegan og nýstárlegan hátt. Um það bil 20.000 unglingar hafa nú séð leikritið og fengið þau mikilvægu skilaboð að unglingar hafa val og að ein saklaus skyndiákvörðun getur haft alvarlegar afleiðingar.

### Gefum líf

Íslandsbanki var stuðningsaðili Líf styrktarfélags sem hélt landssöfnun fyrir kvennadeild Landspítala – Háskólasjúkrahúss undir yfirskriftinni „Gefum líf“. Yfir 60 milljónir króna söfnuðust í beinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2. Kvinnadeildin er vanbúin tækjum og er aðstaðan úr sér gengin og þarfnast endurnýjunar. Söfnunarfénu verður varið til endurbóta á húsakynnum kvennadeildarinnar.



### Ýmis samfélagsleg verkefni

Árið 2011 studdu útibú Íslandsbanka ýmsar stofnanir og góðgerðarfélög í sínu nærsamfélagi á meðan höfuðstöðvarnar lögðu áherslu á að styðja samtök á landsvísu.



Nýtt útibú Íslandsbanka við Suðurlandsbraut styrkti Landssamtökin Þroskahjálpm sem eru regnhlífásamtök sem vinna að málefnum fatlaðra. Þroskahjálpm samanstendur af 22 aðildarfélögum með yfir 6.000 meðlimi.

VÍB, eignastýringarsvið Íslandsbanka styrkti þátttöku Íslendinga í Feneyjartvíringnum þar sem spænsk-íslenska listamannatvíeykið Libia Castro og Ólafur Ólafsson sýndu verk sitt í afbyggingu.

Íslandsbanki og Borgarleikhúsið hafa átt farsælt samstarf frá stofnun bankans. Borgarleikhúsið er eitt af elstu menningarstofnunum landsins og ein þeirra stofnana sem nýtur hvað mestrar virðingar í þjóðfélaginu.



Á hverju ári styrkir Íslandsbanki framúrskarandi námsmenn. Á árinu 2011 úthlutaði bankinn 2,4 milljónum til 10 námsmanna.

## Umhverfi

Íslandsbanki leitast við að starfa í sátt við umhverfið og endurspeglast það í stefnu bankans sem og fjárfestingum. Íslandsbanki hefur lagt áherslu á samfélagslegan og umhverfislegan ávinning þess að fjárfesta í endurnýjanlegri orku og sjálfbærum fiskveiðum. Því tekur bankinn virkan þátt í því að stuðla að umhverfisvænum lausnum og tækninýjunum sem draga úr mengun og orkunotkun og stuðla að slíkum veiðum.

Íslandsbanki hefur dregið úr umhverfisáhrifum sínum með margvíslegri samþættingu umhverfisstefnu og daglegrar starfsemi líkt og eftirfarandi aðgerðir vitna til um:

- Allt sorp sem fellur til í mötuneytum bankans á Kirkjusandi og Suðurlandsbraut 14 er flokkað til endurvinnslu
- Innleiðing pappírsstýringarkerfis í febrúar 2009 hefur leitt til þess að notkun pappírs hefur dregist saman um 66% sem gera um 56 tonn á ársgrundvelli
- Prentun í lit hefur minnkað til muna með tilkomu kerfisins og hefur dregist saman úr 25% í 6,5%
- Fjöldi prentara hefur verið fækkað um 400 sem leitt hefur af sér sparnað í rafmagnsnotkun sem svarar til 60-80 MW á ári
- Bankinn hefur lagt áherslu á að minnka rafmagnsnotkun sína með því til dæmis að tryggja að ljós séu slökkt í lok dags
- Breyting á hitakerfi í bílastæði bankans við Kirkjusand hefur leitt til minni notkunar á heitu vatni sem nemur 45.000m<sup>3</sup> á síðustu þremur árum
- Íslandsbanki hætti sendingum árlegra reikningsyfirlita í pósti til viðskiptavina í árslok 2010

## Jarðvarmi

Íslandsbanki er einn af stofnendum jarðvarmaklasans á Íslandi. Jarðvarmi er hrein, endurnýjanleg og vistvæn orka sem er nýtanleg víða um heim. Orkuteymi Íslandsbanka býr yfir áralangri reynslu á þessu sviði og leggur áherslu á að veita erlendum aðilum viðskiptalausnir og greiningarefni þar með talið skýrslur um íslenska, bandaríska og kanadíska jarðvarmamarkaði.

## Sjálfbærar fiskveiðar og sjávarútvegurinn

Íslandsbanki og fyrirrennarar hans hafa unnið náð með sjávarútveginum í meira en heila öld og fjármagnaði bankinn meðal annars fyrsta togara landsmanna árið 1904. Fjárhagsleg ráðgjöf og sérfræðiráðgjöf um sjálfbærni innan sjávarútvegsins er mikilvægt sóknarfæri fyrir Íslandsbanka.

Íslandsbanki er einn af stofnendum íslenska sjávarklasans. Markmiðið er að kortleggja íslenska sjávarklasann sem samanstendur meðal annars af fiskveiði, fiskvinnslu, tækni-, þjónustu- og þekkingarfyrirtækjum í sjávarútvegi.

## Ergo – hugum að umhverfinu

Eignafjármögnun Íslandsbanka var endurmörkuð á árinu og heitir nú Ergo. Frá stofnun hefur Ergo lagt áherslu á „græna hugsun“ og veitt sérstaklega hagstæð lán til kaupa á umhverfisvænni bílum. Slík lán nema nú um 50% af öllum nýjum lánum hjá Ergo.







*Íslandsbanki*

# Ársreikningur 2011

## Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka fyrir árið 2011 samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf. og dótturfélaga hans, en saman er vísað til þeirra sem „bankinn“.

### Stofnun og eignarhald

Bankinn var stofnaður 8. október 2008 og hóf starfsemi 15. október 2008 þegar bankinn yfirtók eignir og skuldir sem tengdust innlandsstarfsemi Glitnis banka hf. („Glitnir“), en hann hafði verið yfirtekinn af ríkinu í kjölfar setningar neyðarlaga í október 2008.

Þann 15. október 2009 nýtti skilanefnd Glitnis kauprétt sinn til þess að eignast 95% af hlutafé bankans af stjórnvöldum sem héldu eftir 5% af hlutafénu. Kaupin tóku gildi 11. september 2009.

Móðurfélag bankans er ISB Holding ehf. sem er í eigu dótturfélags Glitnis, GLB Holding ehf.

Sex stjórnarmenn eru skipaðir af ISB Holding ehf og einn er skipaður af Bankasýslu ríkisins.

### Starfsemi

Bankinn skiptist í sex meginstarfshætti: Viðskiptabankasvið, Fyrirtækjasvið, Markaði, Eignastýringu, Fjárstýringu og Miðengi (eignaumsýslufyrirtæki).

Bankinn rekur sögu sína allt aftur til ársins 1884 og er eitt af stærstu fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Bankinn veitir alhliða bankaþjónustu til íslenskra heimila og fyrirtækja af öllum stærðargráðum. Bankinn hefur 25-35% markaðshlutdeild á öllum sviðum innanlandsmarkaðar og starfrækir eitt skilvirkasta útibúanet á Íslandi.

Íslandsbanki byggir á langri hefð lánveitinga til atvinnugreina á Íslandi og hefur þróað sérþekkingu í tveimur atvinnugreinum, sjávarútvegi og jarðvarmavinnslu, en saman myndar þessi sérþekking grunninn að stefnu bankans á alþjóðavettvangi. Með sérþekkingu sinni veitir Íslandsbanki mikilvæga þjónustu til fjárfesta og lykilaðila í þessum atvinnugreinum.

Á uppgjörstími störfuðu 1.470 einstaklingar við bankann. Þar af störfuðu 1.098 hjá móðurfélaginu.

### Áhættustýring

Viðskipti bankans með fjármálagerninga fela í sér margvíslega áhættu. Áhættustýring er lykilþáttur í rekstri bankans og óaðskiljanlegur hluti af starfsemi hans. Stjórn bankans ber ábyrgð á að innviðir áhættustýringar í bankanum séu fullnægjandi til að greina, meta og stýra áhættu. Stjórn bankans skilgreinir áhættuvilja bankans sem er miðlað í stefnuskjölum bankans um áhættustýringu. Fjallað er um áhættustýringu bankans í skýringu 62.

### Reikningstímabilið

Eitt af lykilverkefnum ársins 2011 var endurskipulagning lána til einstaklinga og fyrirtækja. Nokkrum mikilvægum áföngum var náð í tengslum við endurskipulagningu lána einstaklinga árið 2011 þegar 12.800 bílalán og 3.720 húsnæðislán voru endurreiknuð og um það bil 3.000 heimili nýttu sér skuldaaðlögun. Árið 2011 námu heildarafskriftir til einstaklinga 53 milljörðum króna.

Endurskipulagning fyrirtækjalána er einnig vel á veg kominn og eru flóknustu úrlausnarmálin þar með talin. Um það bil 800 fyrirtæki hafa nú þegar fengið höfuðstólslækkun og námu heildarafskriftir til fyrirtækja á árinu um 159 milljörðum króna.

Þann 12. júlí 2011 skrifaði bankinn undir samning við Byr sparisjóð og fjármálaráðuneytið um kaup á 100% hlutafjár Byrs hf. og nam kaupverðið 6,6 milljörðum króna. Þann 27. nóvember 2011 í kjölfar lokasamþykkis Alþingis, Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA, sameinaðist Byr bankanum.

## Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

Hinir sameinuðu bankar munu starfa undir merki Íslandsbanka. Starfsemi Byrs var fyrst og fremst á sviði viðskiptabanka og voru samtals rekin sex útibú á Akureyri, Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu. Fjögur af útibúum Byrs voru sameinuð útibúum Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi 2012. Starfsemi Byrs fellur vel að starfsemi Íslandsbanka og gerir bankinn ráð fyrir að samlegðaráhrif af samþættingu félaganna tveggja muni í framtíðinni jafna kostnaðinn við yfirtökuna.

Hluti af sameiningunni fól í sér gangvirðismat bankans á aðgreinanlegum eignum og skuldum Byrs sem byggja á forsendum bankans um framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða þessa mats var leiðrétting á gangvirði um 18.349 milljónir króna, sem myndar viðskiptavild vegna kaupanna að fjárhæð 17.873 milljónir króna. Viðskiptavildin er að fullu virðisrýrð á árinu 2011 og hefur sú aðgerð talsverð einskis áhrif á afkomu bankans á árinu 2011, en eiginfjárlutföll eru áfram vel fyrir ofan sett mörk. Frekari umfjöllun um fjárhagsleg áhrif sameiningarinnar er að finna í skýringu 4.

Í desember 2011 hélt bankinn árangursríkt skuldabréfaútbod á sértryggðum skuldabréfum að fjárhæð 4 milljarðar króna. Útbodið var eitt fyrsta skuldabréfaútbod á Íslandi frá árinu 2008 og er mikilvægur áfangi bæði fyrir bankann og fyrir endurreisn íslensks fjármálamarkaðar. Með útbodinu var hrint af stað áætlun bankans um útgáfu sértryggðra skuldabréfa fyrir allt að 100 milljarða króna til þess að auka fjölbreytni í fjármögnun. Stefnt er að því að gefa út 10 milljarða króna árlega.

Í desember 2011 tók bankinn þátt í sambankaláni sem nam 200 milljónum Bandaríkjadala til Landsvirkjunar ásamt tveimur íslenskum bönkum og þremur erlendum bönkum. Þetta er fyrsta sambankalánið til félags í eigu íslenska ríkisins frá því að fjármálakreppan skall á árið 2008 og gefur vísbendingu um auknið traust alþjóðlegra markaða á íslensku efnahagslífi.

### Framtíðarhorfur

Árið 2011 olli nokkrum vonbrigðum hvað varðar bata íslensks fjármálamarkaðar. Fá fyrirtæki voru skráð á skipulegan verðbrefamarkað og efnahagsbatinn var almennt mun hægari en gert hafði verið ráð fyrir. Þessi þróun endurspeglar ríkjandi óstöðugleika á alþjóðamörkuðum, sérstaklega vanda Evrópusambandsins í tengslum við þjóðarskuldir aðildarríkjanna.

Íslenskt efnahagslíf sýnir hins vegar fyrstu merki um bata. Atvinnuleysi fer minnkandi, fasteignasala hefur tekið kipp og vöxtur landsframleiðslu hefur aukist, drifinn áfram af útflutningi, aukinni einkaneyslu, auknum fjölda ferðamanna, sögulega lágum vöxtum og auknum fjárfestingum. Útflutningur nýtur einkum góðs af lágu gengi íslensku krónunnar auk hás hrávöruverðs um allan heim.

Íslensk heimili og fyrirtæki eru enn hlutfallslega mikið skuldsett og því er efnahagsbatinn brothættur. Gert er ráð fyrir að gjaldeyrishöftin verði við lýði enn um sinn og takmarkar það erlenda fjárfestingu og hamlar bata á fjármagnsmarkaði þar sem aðgangur að fjármagni í erlendum gjaldmiðlum verður áfram takmarkaður.

Þess er vænst að skuldabyrði heimila og fyrirtækja fari minnkandi og lánastarfsemi verði þar af leiðandi minni en ella. Þó ber á fyrstu batamerkjum í formi aukinna lánveitinga í eignafjármögnun og væntum stórum fyrirtækjalánum.

Eiginfjár- og lausafjárstaða bankans er sterk sem gefur bankanum góðan grundvöll til að styðja við áframhaldandi bata á íslensku efnahagskerfi.

# Skýrsla og áritun stjórnar og bankastjóra

## Yfirlit reikningskila

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2011 er gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Hagnaður af starfsemi bankans fyrir árið 2011 nam 1.866 milljónum króna sem samsvarar 1,5% arðsemi eigin fjár. Stjórn bankans leggur til að ekki verði greiddur út arður fyrir árið 2011. Eigið fé samkvæmt ársreikningi samstæðunnar nam 123.703 milljónum króna í árslok. Eiginfjárlutfall bankans sem reiknað er út á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki var 22,6%. Bankanum er skylt að hafa yfir að ráða eigin fé (eiginfjárgrunnur A) sem nemur 12% af áhættuvegnum eignum og samtals skal eigið fé að meðtöldum vijkjandi lánum vera að lágmarki 16%. Heildareignir bankans voru 795.915 milljónir króna í árslok.

Stjórnin vill vekja sérstaka athygli á þeirri lögfræðilegu og pólitísku áhættu sem er til staðar á Íslandi. Nýlegir dómur hafa haft áhrif á rekstur bankans og hafa aukið við þá óvissu sem ríkir á virði lánasafnsins. Í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2011 hefur bankinn tekið tillit til vænts taps vegna dómanna. Stjórnin vekur jafnframt athygli á því að eiginfjárstaða bankans er afar sterk og bankinn er því vel í stakk búinn til að takast á við þær hættur og óvissu sem framundan er. Stjórnin vísar í skýringar 2.3, 2.4 og 60 varðandi frekari upplýsingar um þær áhættur sem bankinn þarf að takast á við.

Að teknu tilliti til þess sem fjallað er um hér að framan gefur ársreikningur samstæðunnar að okkar áltí glögga mynd af rekstrarafkomu bankans og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2011. Hann lýsir einnig megin áhættu- og óvissuþáttum sem bankinn stendur frammi fyrir.

Stjórn og bankastjóri Íslandsbanka hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2011 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2012

## Stjórn:

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður

John E. Mack, varaformaður

Árni Tómasson

Daniel Levin

Kolbrún Jónsdóttir

Neil Graeme Brown

Marianne Økland

## Bankastjóri:

Birna Einarsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandsbanka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreiknings samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda viðeigandi innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings samstæðu, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Einnig að tryggja að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningi samstæðunnar á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

## Ábendingarmálgrein

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringum 2.3(b) og 60 með ársreikningi samstæðunnar þar sem fjallað er um óvissu varðandi túlkun á nýlegum Hæstaréttardómi og þær megin áhættur og óvissu sem Bankinn stendur frammi fyrir.

## Staðfesting á skýrslu og áritun stjórnar og bankastjóra

Í samræmi við ákvæði 5.tl. 1.mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, staðfestum við að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu og áritun stjórnar og bankastjóra sem fylgir ársreikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 19. mars 2012

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir  
Endurskoðandi

Páll Grétar Steingrímsson  
Endurskoðandi



## Yfirlit yfir heildarafkomu ársins 2011

	Skýringar	2011	2010
Vaxtatekjur .....		52.671	61.776
Vaxtagjöld .....		( 21.446)	( 26.902)
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	10	31.225	34.874
Virðisbreyting útlána og krafna .....		( 1.296)	14.507
Almenn virðisrýrnun .....		76	( 514)
<b>Hrein virðisbreyting</b>	11	( 1.220)	13.993
<b>Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu</b>		30.005	48.867
Þóknunatekjur .....		8.698	11.306
Þóknanagjöld .....		( 2.732)	( 3.926)
<b>Hreinar þóknunatekjur</b>	12	5.966	7.380
Hreinar fjármunatekjur (gjöld) .....	13-15	2.649	( 910)
Hreinn gengishagnaður (tap) .....	16	937	( 963)
Aðrar rekstrartekjur .....	17	894	1.186
<b>Aðrar rekstrartekjur (gjöld)</b>		4.480	( 687)
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		40.451	55.560
Rekstrarkostnaður .....	18-22	( 19.870)	( 17.866)
Virðisrýrnun viðskiptavildar .....	41	( 17.873)	-
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta .....	57	( 965)	( 607)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	36	39	-
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		1.782	37.087
Tekjuskattur .....	24	( 75)	( 7.214)
Bankaskattur .....	3.26	( 682)	( 221)
<b>Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi</b>		1.025	29.652
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti .....	23	841	( 283)
<b>Hagnaður ársins</b>		1.866	29.369

Skýringarnar á blaðsíðum 63 til 135 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

## Yfirlit yfir aðra heildarafkoma ársins 2011

	Skýringar	2011	2010
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
Þýðingarmunur vegna erlendrar starfsemi .....	56	163	( 8)
<b>Önnur heildarafkoma ársins (eftir skatta)</b>		163	( 8)
<b>Samtals heildarafkoma ársins</b>		2.029	29.361
<b>Hagnaður ársins tilheyrir:</b>			
Hluthöfum Íslandsbanka hf. ....		1.958	29.418
Minnihlutaeigendum í dótturfélögum .....		( 92)	( 49)
<b>Hagnaður ársins</b>		1.866	29.369
<b>Skipting heildarafkomu:</b>			
Hagnaður hluthafa Íslandsbanka hf. ....		2.073	29.410
Hlutdeild minnihluta í dótturfélögum .....		( 44)	( 49)
<b>Heildarafkoma ársins</b>		2.029	29.361
<b>Hagnaður (tap) á hlut:</b>			
Af áframhaldandi starfsemi .....		0,11	2,97
Af aflagðri starfsemi .....		0,08	( 0,03)
<b>Hagnaður ársins á hlut</b>	25	0,19	2,94
<b>Þynntur hagnaður (tap) á hlut:</b>			
Af áframhaldandi starfsemi .....		0,11	2,97
Af aflagðri starfsemi .....		0,08	( 0,03)
<b>Þynntur hagnaður ársins á hlut</b>	25	0,19	2,94

Skýringarnar á blaðsíðum 63 til 135 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

## Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýringar	31.12.2011	31.12.2010
<b>Eignir</b>			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	26	57.992	30.799
Afleiðusamningar .....	28	339	70
Skuldabréf og skuldagerningar .....	29	58.662	68.024
Hlutabréf og eiginfjárgerningar .....	30	11.107	3.022
Útlán til lánastofnana .....	31-32	43.655	30.870
Útlán til viðskiptavina .....	33-34	564.394	515.161
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum .....	36-37	1.070	354
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	40	5.276	5.419
Óefnislegar eignir .....	41	544	187
Tekjuskattsinneign .....	50-52	2.629	283
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	42	42.690	23.489
Aðrar eignir .....	43	7.557	5.544
<b>Eignir samtals</b>		<b>795.915</b>	<b>683.222</b>
<b>Skuldir</b>			
Fjárskuldir .....	44	9.346	9.090
Afleiðusamningar .....	28	4.027	429
Innlán Seðlabanka Íslands .....	45	73	26
Innlán lánastofnana .....	45	62.772	96.212
Innlán viðskiptavina .....	46-47	462.943	327.158
Lántaka .....	48	63.221	55.425
Vikjandi lán .....	49	21.937	21.241
Skattskuldir .....	50-52	2.670	9.024
Tekjuskattsskuldbinding .....	50-52	17	18
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	42	7.317	16.442
Aðrar skuldir .....	54	37.889	26.694
<b>Skuldir samtals</b>		<b>672.212</b>	<b>561.759</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	55	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....	55	55.000	55.000
Varasjóðir .....	56	2.661	2.498
Óráðstafað eigið fé .....		55.133	53.174
<b>Eigið fé hluthafa Íslandsbanka hf.</b>		<b>122.794</b>	<b>120.672</b>
Hlutdeild minnihluta .....		909	791
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>123.703</b>	<b>121.463</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>795.915</b>	<b>683.222</b>

Skýringarnar á blaðsíðum 63 til 135 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

## Eiginfjáryfirlit ársins 2011

Skýringar	Eigið fé hluthafa				Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Vara- sjóðir	Óráð- stafað eigið fé			
<b>Eigið fé 31. desember 2009</b>	10.000	55.000	2.059	24.204	91.262	840	92.103
Býðingarmunur .....	56		( 8)		( 8)		( 8)
Framlag í lögbundinn varasjóð .....	56		447	( 447)	-		-
Hreinar tekjur færðar beint á eigið fé .....	-	-	439	( 447)	( 8)	-	( 8)
Hagnaður ársins .....				29.418	29.418	( 49)	29.369
Heildarafkoma ársins .....	-	-	439	28.971	29.410	( 49)	29.361
<b>Eigið fé þann 31. desember 2010</b>	55	10.000	55.000	2.498	53.174	791	121.463
Býðingarmunur .....	56			163		163	163
Hreinar tekjur færðar beint á eigið fé .....	-	-	163	-	163	-	163
Hagnaður ársins .....				1.958	1.958	( 92)	1.866
Heildarafkoma ársins .....	-	-	163	1.958	2.121	( 92)	2.029
Keyptur minnihluti í dótturfélögum .....					-	995	995
Breyting á hlutdeild minnihluta .....						( 785)	( 785)
<b>Eigið fé 31. desember 2011</b>	55	10.000	55.000	2.661	55.133	909	123.703

Skýringarnar á blaðsíðum 63 til 135 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

## Sjóðstreymisyfirlit 2011

	Skýringar	2011	2010
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....		1.866	29.369
<b>Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:</b>			
Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hafa áhrif á handbært fé .....		18.559	5.027
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....		29.868	( 46.149)
Greiddur tekjuskattur .....		( 9.585)	( 3.573)
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>		<b>40.708</b>	<b>( 15.326)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Handbært fé sem hluti af keyptum eignum .....	4.1	4.090	-
Handbært fé í seldu dótturfélagi .....	4.4	( 3.750)	-
Yfirtaka handbærs fjár .....	4.4	4.940	-
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum .....		-	( 46)
Fjárfestingareignir .....		-	377
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....		( 856)	( 937)
Eignfærðar óefnislegar eignir .....	41	( 143)	( 118)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>4.281</b>	<b>( 724)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Útgefin skráð skuldabréf .....		3.850	-
Afborganir langtímalána .....		( 7.445)	-
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>( 3.595)</b>	<b>-</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		41.394	( 16.050)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		25	( 115)
Handbært fé í ársbyrjun .....		37.152	53.317
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>78.571</b>	<b>37.152</b>
<b>Sundurliðun handbærs fjár og ígildi þess:</b>			
Handbært fé .....	26	1.976	1.833
Óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	26	49.646	23.217
Bankareikningar .....	31	26.949	12.102
<b>Samtals handbært fé og ígildi handbærs fjár</b>		<b>78.571</b>	<b>37.152</b>

Sjóðstreymisyfirlit bankans er gert samkvæmt óbeinni aðferð. Yfirlitið byggir á hreinum hagnaði eftir skatta fyrir árið og sýnir sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum og breytingar á handbæru fé og ígildi þess. Handbært fé og ígildi þess felur í sér auðseljanlegar eignir sem hægt er að skipta í reiðufé og sem bera óverulega áhættu af virðisbreytingum. Handbært fé og ígildi þess eru óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands og gjaldkræfar kröfur á innlánsstofnanir.

Innborgaðar vaxtatekjur árið 2011 námu 36.432 milljónum króna og greiddir vextir námu 18.025 milljónum króna (upplýsingar frá 2010 eru ekki tiltækar). Vextir teljast greiddir þegar þeir hafa verið lagðir inn á reikning viðskiptavinarins og eru til ráðstöfunar.

Skýringarnar á blaðsíðum 63 til 135 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

## Sjóðstreymisýfirlit 2011

### Rekstrarhreyfingar sem ekki hreyfa handbært fé:

	2011	2010
Afskriftir og niðurfærsla .....	709	623
Virðisrýrnun viðskiptavildar .....	17.873	-
Áhrif hlutdeildarféлага .....	389	519
Vextir og gengismunur vegna langtíma fjármögnunar .....	2.437	-
Virðisbreyting útlána og krafna .....	16.468	28.312
Endurmat vænts sjóðstreymis útlána og krafna .....	(15.248)	(32.664)
(Gengishagnaður) tap .....	(944)	900
Hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	(3.041)	(381)
Hreinn (hagnaður) tap af fastafjármunum og aflagðri starfsemi .....	(841)	283
Bankaskattur .....	682	221
Tekjuskattur .....	75	7.214
<b>Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé</b>	<b>18.559</b>	<b>5.027</b>

### Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka Íslands .....	(621)	839
Breytingar á útlánunum til lánastofnana .....	7.452	(7.224)
Breytingar á útlánunum til viðskiptavina .....	37.546	17.779
Breytingar á veltufjáreignum .....	14.808	(2.857)
Breytingar á öðrum eignum .....	7.159	3.217
Breytingar á fastafjármunum og aflagðri starfsemi .....	(17.240)	(3.154)
Breytingar á skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands .....	(11.272)	(42.854)
Breytingar á innlánunum viðskiptavina .....	(13.959)	(4.387)
Breytingar á lántöku .....	-	(13.074)
Breytingar á veltufjárskuldum .....	256	1.758
Breytingar á afleiðusamningum .....	3.327	359
Breytingar á öðrum skuldum .....	2.412	3.449
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>	<b>29.868</b>	<b>(46.149)</b>

### Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi 2011

Eftirfarandi fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar bankans á árinu 2011 eru ekki í sjóðstreymisýfirliti:

- Innstæður frá Glitni voru endurflokkaðar sem innstæður til viðskiptavina í stað innstæðna til lánastofnana í kjölfar endurflokkunar Fjármálaeftirlitsins. Hreyfingin hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.
- Bankinn seldi hluta af eignarhlut sínum í hlutdeildarfélagi sem flokkað var sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi og minnkuðu áhrif bankans yfir félaginu umtalsvert í kjölfarið. Þau hlutabréf sem voru eftir voru endurflokkuð í fjármálagerninga á gangverði í gegnum rekstrareikning, í stað fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi, og eru færð undir hlutabréf og eiginfjárgerninga í efnahagsreikningi. Bankinn færði gangvirðishagnað að fjárhæð 3 milljarðar króna við hreyfinguna. Hreyfingin hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.
- Endurgjald fyrir sameininguna sem fjallað er um í skýringu 4.1 var í formi skuldabréfa sem útgefin voru fyrir 6,6 milljarða króna á gjalddaga 2014 og 2015. Hreyfingin hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.

### Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi árið 2010

Eftirfarandi fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar bankans á árinu 2010 eru ekki í sjóðstreymisýfirliti:

- Bankinn breytti skuldagerningum í eiginfjárgerninga að fjárhæð 3,3 milljarðar króna í endurskipulagningarferli. Hreyfingin hafði engin áhrif á sjóðstreymi bankans.
- Útlán með ríkisábyrgð að fjárhæð 45 milljarðar króna og peningamarkaðslán að fjárhæð 5 milljarðar króna voru endurflokkuð sem útlán til viðskiptavina í stað útlána til lánastofnana vegna breytinga á starfsemi félagsins. Hreyfingarnar höfðu engin áhrif á sjóðstreymi bankans.

Skýringarnar á blaðsíðum 63 til 135 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Skýringar	Bls.	Skýringar	Bls.
Reikningsskilaaðferðir		Skýringar með efnahagsreikningi (framhald)	
1 Almennar upplýsingar .....	63	40 Rekstrarfjármunir .....	105
2 Grundvöllur reikningsskila .....	63	41 Óefnislegar eignir .....	106
3 Helstu reikningsskilaaðferðir .....	67	42 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	107
Sameining fyrirtækja		43 Aðrar eignir .....	107
4 Yfirtaka fyrirtækja .....	83	44 Fjárskuldir .....	108
Starfsþættir		45 Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana .....	108
5 Starfsþættir .....	87	46-47 Innlán viðskiptavina .....	108
Skýringar með yfirliti yfir heildarafkomu ársins		48 Lántaka .....	108
6 Yfirlit ársfjórðunga .....	89	49 Víkjandi lán .....	109
10 Hreinar vaxtatekjur .....	94	50-53 Tekjuskattsinneign og tekjuskattskuldbinding .....	109
11 Hrein virðisbreyting .....	94	54 Aðrar skuldir .....	110
12 Hreinar þóknatekjur .....	95	55-56 Eigið fé .....	111
13 Hreinar fjármunatekjur (gjöld) .....	95	Aðrar skýringar	
14 Hreint tap af veltufjárgæringum .....	95	21 Starfskjör stjórnenda .....	97
15 Hreinn hagnaður (tap) af fjármálagæringum tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstur .....	95	27 Veðsettar eignir .....	99
16 Hreinn gengissagnaður (tap) .....	96	38 Fjárfestingar í dótturfélögum .....	104
17 Aðrar rekstrartekjur .....	96	39 Upplýsingar um tengda aðila .....	104
18 Rekstrarkostnaður .....	96	57 Liðir utan efnahags .....	112
19-20 Laun og launatengd gjöld .....	97	58 Rekstrarleiguskuldbindingar .....	112
22 Þóknun til endurskoðenda .....	98	59 Eignir í vörslu .....	112
23 Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum í sólumeðferð og aflagðri starfsemi .....	98	60 Óvissuþættir .....	113
24 Virkur tekjuskattur .....	98	61 Atburðir eftir reikningsskiladag .....	115
25 Hagnaður á hlut .....	99	Áhættustýring	
Skýringar með efnahagsreikningi		62 Áhættustýring .....	116
7 Fjáreignir og fjárskuldir .....	90	63-68 Útlánaáhætta .....	116
8-9 Upplýsingar um gangvirði fjármálagæringa .....	92	69 Lausafjáráhætta .....	124
26 Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	99	70 Markaðsáhætta .....	127
28 Afleiðusamningar .....	100	71-75 Vaxtaáhætta .....	127
29 Skuldabréf og skuldagæringar .....	100	76-77 Gjaldreyrisáhætta .....	131
30 Hlutabréf og eiginfjárgæringar .....	100	78-79 Hlutafjáráhætta .....	133
31-32 Útlán til lánastofnana .....	101	80 Afleiðusamningar .....	133
33-34 Útlán til viðskiptavina .....	101	81 Verðtryggingaráhætta .....	133
35 Fjáreignir - virðisrýrnun .....	102	83 Rekstraráhætta .....	135
36-37 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....	103	Stýring eiginfjár	
		82 Áhætta og eiginfjárgrunnur .....	134
		82 Eiginfjárlutfall .....	134

# Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

## 1. Almennar upplýsingar

Íslandsbanki hf., móðurfélagið, er skráð hlutafélag með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar bankans eru á Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík.

Ársreikningur samstæðu fyrir árið 2011, var gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis og samanstendur af Íslandsbanka hf. (móðurfélaginu) og dótturfélögum þess. Saman er vísað til þeirra sem „bankans“. Samanburðarupplýsingar vísa til ársins 2010.

Bankinn var stofnaður 8. október 2008 og hóf starfsemi þann 15. október 2008 þegar bankinn yfirtók eignir og skuldbindingar sem tengdust innanlandsstarfsemi Glitnis banka hf. („Glitnir“).

Eignarhaldi bankans er skipt í tvennt, 95% hlutfjár er í eigu ISB Holding ehf. sem er í eigu dótturfélags Glitnis (GLB Holding ehf.) og 5% hlutfjár er í eigu íslenska ríkisins.

Bankinn veitir víðtæka fjármálaþjónustu svo sem viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu, verðbréfaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og eignafjármögnun. Starfsemi bankans fer fyrst og fremst fram á íslenskum markaði en bankinn veitir ráðgjafarþjónustu í tengslum við sjávarútveg og jarðvarmavinnslu í Bandaríkjunum.

Stjórn bankans samþykkti ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2011 og veitti heimild til útgáfu hans þann 19. mars 2012.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

### 2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Fjallað er um alþjóðlega reikningsskilastaðla og útgefnar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem ekki hafa verið innleiddir fyrir tímabilið sem endar 31. desember 2011 í skýringu 3.32.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og þannig samþykktur af stjórn og áritaður af endurskoðendum félagsins þann 19. mars 2012. Ef munur er á enskri útgáfu ársreiknings samstæðunnar og íslenskri þýðingu hans, þá gildir enska útgáfan.

### 2.2 Grundvöllur mats

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildum eftirfarandi eignum og skuldum sem færðar eru á gangvirði: skuldabréf og skuldagerningar, hlutabréf og eiginfjárgerningar og afleiðusamningar.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi eru færð á bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist.

Ársreikningur samstæðunnar er í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill bankans. Fjárhæðir eru í milljónum íslenskra króna nema annað sé tekið fram.

### 2.3 Mat og ályktanir við gerð reikningsskila

Gerð reikningsskilanna, sem er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem innleiddir eru af Evrópusambandinu, krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir sem byggja á mati og gefnum forsendum sem áhrif hafa á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda sem fram koma í samstæðureikningsskilunum. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir við viðkomandi kringumstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega og áhrif þeirra færð á því tímabili sem breytingin er gerð sem og á síðari tímabilum sem breytingin hefur áhrif á.

Helstu liðir reikningsskila þar sem forsendur og mat við beitingu reikningsskilaaðferða eru háð óvissu eru eftirfarandi:



## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 2.3 (framhald)

#### a) Áframhaldandi rekstrarhæfi

Bankinn hefur reglulegt eftirlit með lánasafni sínu með hliðsjón af efnahagsástandi sem og ástandi erlendra lánsfjármarkaða og vinnur náð með viðskiptavinum í greiðsluferðileikum til að tryggja endurheimtur eigna sinna. Fjallað er um óvissu í tengslum við virðismat og endurheimtur eigna sem yfirteknar voru frá Glitni í skýringu 2.4.

Yfirstjórn bankans hefur lagt mat á getu bankans til áframhaldandi rekstrarhæfis og er þess fullviss að bankinn búi yfir því bolmagni sem hann þarf til áframhaldandi reksturs í fyrirsjáanlegri framtíð. Því eru reikningskilin gerð miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

#### b) Breytingar á löggjöf og hæstaréttardómar í tengslum við gengistrygð lán

Hæstaréttardómar á árunum 2010 og 2011 hafa haft umtalsverð áhrif á bankann. Veigamestur þeirra er dómur þar sem Hæstiréttur Íslands úrskurðaði að óheimilt væri að tengja höfuðstól í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla. Lán sem féllu undir þennan dóm gátu þar af leiðandi ekki borið svokallaða Libor vexti. Vegna þessarar niðurstöðu samþykkti Alþingi nýja löggjöf um að lægstu vextir Seðlabanka Íslands á óverðtrygðum lánnum skyldu eiga við um ofangreind lán í stað sammingsbundinna vaxta. Með hliðsjón af ofangreindu endurreiknaði bankinn þau lán sem hann taldi að féllu undir dóminn og breytti lánunum í kjölfarið yfir í lán í íslenskum krónum.

Hæstaréttardómur sem féll þann 15. febrúar 2012 véfengi þær reikningsaðferðir sem settar voru fram í löggjöfni á þeim grundvelli að þær brytu í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar þar sem löggjafinn gæti ekki samþykkt lög sem afturvirkta svipta mann eign án þess að fullnægjandi bætur komi fyrir. Talsverð óvissa er enn til staðar um það hvernig túlka beri niðurstöðu dómsins og þar af leiðandi hver áhrif hans verða á bankann. Bankinn hefur því gefið sér ákveðnar forsendur til grundvallar mati á áhrifum dómsúrskurðarins og er niðurstaðan tap að fjárhæð 12,1 milljarður króna. Heildarfjárhæð tapsins getur þó breyst í kjölfar nýrra dómsúrskurða. Bankinn færði skuldbindingu í tengslum við dómsúrskurðinn í árslok 2011 og eru áhrif hans því innifalin í ársreikningi samstæðunnar. Þau lán sem falla undir dóminn munu líklega þurfa að fara í endurútreikning á næstu mánuðum.

Það er mat bankans að ársreikningur samstæðunnar endurspegli fjárhagsleg áhrif dómsúrskurða og breytingar á löggjöf. Fjallað er um dómsúrskurði Hæstaréttar í skýringu 60.

#### c) Ákvörðun gangvirðis

Bankinn ákvarðar gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem ekki eru skráðar á virkum mörkuðum með því að beita verðmatsaðferðum eins og þeim sem er lýst í skýringu 3.5 um reikningsskilaaðferðir. Að því marki sem hægt er, styðjast verðmatslíkön eingöngu við greinanleg gögn. Þegar á hinn bóginn er um að ræða fjármálagerninga sem sjaldan er átt viðskipti með og gagnsæi í verðmyndun er lítið, þá er gangvirði ekki eins hlutlægt og krefst mats út frá seljanleika, samþjöppun á markaði, óvissu á markaðsþáttum, verðályktunum og annarri áhættu sem hefur áhrif á tiltekinn fjármálagerning eins og t.d. útlánaáhættu (bæði eigin og mótaðila).

#### d) Virðisrýrnun útlána og krafna

Bankinn færir framlag til virðisrýrnunar vegna útlána og krafna og stjórnendur endurskoða útlánasafn bankans til að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðargreiðsluflæði. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi.

Stjórnendur byggja mat sitt á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðargreiðsluflæði. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á væntu framtíðargreiðsluflæði eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli vænts taps og raunverulegs taps.

Fjallað er um virðisrýrnun útlána í skýringu 3.21.

#### e) Beiting aðferðar virkra vaxta

Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu vænts greiðsluflæðis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað bankinn greiðsluflæði með tilliti til allra sammingsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 2.3 (framhald)

#### f) Lausafjárstaða

Bankinn stýrir lausafjárstöðu sinni með því að tryggja að hann hafi nægjanlegt safn lausafjármuna á móti skuldbindingum. Innri takmörk á lausafjárstöðu gera ráð fyrir að lausafjármunir nægi fyrir öllum skuldbindingum sem gjaldfalla innan næstu 12 mánaða, jafnvel þegar markaðsaðstæður eru erfiðar.

Fjármögnun bankans er nú að mestu leyti í formi óbundinna innstæðna. Bankinn gerir ráð fyrir því að þetta muni breytast á komandi árum þar sem áhættufælni fjárfesta muni minnka og þeir muni sækjast eftir fjárfestingatækifærum með betri ávöxtunarmöguleikum. Bankinn mun leggja áherslu á að framlengja gjalddaga fjármögnunar og hefur að því marki sett fram áætlun um útgáfu sértryggðra skuldabréfa að fjárhæð 100 milljarðar króna, eða um 10 milljarðar króna á hverju ári. Þessari áætlun var hrint í framkvæmd í desember 2011 með 4 milljarða króna útgáfu og í framhaldinu voru gefin út sértryggð skulabréf að fjárhæð 3,3 milljarðar króna í mars 2012. Aðgangur að fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum verður takmarkaður til skemmri eða meðallangs tíma. Þetta takmarkar útlánagetu bankans í erlendum myntum, en bankinn hefur engar stórar skuldbindingar á gjalddaga fyrr en 2015.

Tímagreining samningsbundinna gjalddaga vegna skuldbindinga bankans byggir á greiningu á sögulegri hegðun og öðrum eiginleikum innlána. Tímagreiningu samningsbundinna gjalddaga er að finna í yfirliti yfir lausafjárahættu í skýringu 69. Yfirlitið byggir á mati með tilliti til þess hvort eignir geti talist handbærar og hvenær innlán verða tekin út.

### 2.4 Ályktanir og óvissuþættir í tengslum við yfirtekin eignasöfn

Óvissa er fyrir hendi hvað varðar þær breytur og forsendur sem gefnar voru við mat á eignum sem yfirteknar voru frá Glitni með miklum afslætti. Stjórnendur bankans byggðu upphaflega verðmat sitt á uppsöfnuðu væntu tapi til fimm ára með varfærnu mati á virði trygginga og áhættuálagi, þekktum stærðum, þeirra eigin þekkingu á viðskiptavinum og markaðinum, og opinberum þjóðhagsspám frá Seðlabanka Íslands, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD).

Þættir sem geta haft áhrif á endurheimtanlegt virði lánasafnsins eru meðal annars þjóðhagfræðilegar kennistærðir svo sem atvinnuleysi, verðbólga og launahækkningar sem og aðgerðir stjórnvalda til að lækka greiðslubyrði lána, mögulegar lagasetningar sem lengja innheimtuferlið eða auka skattheimtu og þátttöku viðskiptavina í skuldaaðlögun.

Þann 31. desember 2011 voru enn margir óvissuþættir til staðar í tengslum við þær fjáreignir sem yfirteknar voru með miklum afslætti sem og í tengslum við efnahagsumhverfið. Engu að síður eru stjórnendur bankans þess fullvissir að eiginfjárgrunnur bankans sé nægjanlega öflugur til að mæta eðlilegum frávikum frá þeim forsendum sem gefnar voru.

Ítarlega er fjallað um mikilvægar forsendur í hinu upphaflegu virðismati í ársreikningi samstæðu fyrir árið 2009. Fjallað er um óvissu í tengslum við hið yfirteknar eignasafn í skýringu 60.

### 2.5 Fjárhagsleg áhrif eigna sem teknar voru yfir með miklum afslætti

#### a) Mikill afsláttur

Lán er skilgreint sem keypt með miklum afslætti þegar gangvirði á kaupdegi er talsvert lægra en eftirstöðvar lánsins samkvæmt skilmálum lánasamningsins. Mismunurinn er útskýrður með alvarlegum fjárhagsvanda skuldarans sem lýsir sér í hærra útlánaálagi við mat á gangvirði lánsins, en ekki vegna breytinga á viðskiptaumhverfi eftir að skilyrði lánasamningsins voru samþykkt, þ.e. markaðsvöxtum og lausafjárstöðu.

Hátt hlutfall núverandi fjáreigna bankans var keypt með miklum afslætti. Útlánatap sem þegar hafði átt sér stað endurspeglast í kaupverðinu og var hluti af væntu framtíðargreiðsluflæði við útreikning virkra vaxta.

#### b) Endurmetið framtíðargreiðsluflæði

Þegar bankinn endurmetur vænt greiðsluflæði fjármálagerninga, leiðréttir hann bókfært virði þeirra svo þeir endurspeglir raunverulegt og vænt greiðsluflæði. Bókfært virði er endurreiknað með því að reikna núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis með upphaflegri ávöxtunarkröfu fjármálagerningsins. Leiðréttingin er færð í yfirlit yfir heildarafkomu undir tekjur eða gjöld. Þannig er virkum vöxtum haldið stöðugum.

Afsláttur sem til varð við upphaflega skráningu yfirteknar lánanna er tekinn með í útreikningi á virkum vöxtum og er afskrifaður yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins á grundvelli mismunarins á milli reiknaðra virkra vaxta yfir ákveðið tímabil og vaxtakjara lánsins á því tímabili.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 2.5 (framhald)

Allar breytingar á væntu framtíðargreiðsluflæði eftir upphaflega skráningu, þ.e. endurheimtur á áorðnu lánstapi eru færðar sem hluti af bókfærðu virði fjáreignar og er samsvarandi fjárhæð færð í yfirlit yfir heildarafkomu. Breytingar á væntu framtíðargreiðsluflæði eru færðar strax í yfirlit yfir heildarafkomu á því reikningstímabili sem breytingarnar eiga sér stað.

Hækkun á væntu framtíðargreiðsluflæði er fyrst skráð sem bakfærð virðisrýrnun. Eftirstöðvagnar eru færðar sem tekjur vegna endurmetins greiðsluflæðis útlána. Breytingar til lækkunar á væntu framtíðargreiðsluflæði eru færðar sem virðisrýrnun.

#### c) Virðisrýrnun á gengisshagnaði

Hluti af lánabókinni eru lán í erlendum gjaldmiðlum til lántakenda með tekjuflæði í íslenskum krónum. Gengisshagnaður og gengisstap af þessum lánnum er fært sem hreinar fjármunatekjur. Bankinn gerir ekki ráð fyrir að endurheimta gengisshagnað tengdan þessum lánnum og því er gengisshagnaður virðisrýrður að fullu. Ef bankinn verður fyrir gengisstapi á næsta reikningstímabili verður áður færður gengisshagnaður bakfærður.

Ítarlega er fjallað um mikilvægar forsendur við upphaflegt mat lánasafnsins í ársreikningi samstæðu fyrir árið 2009.

#### d) Breytingar á framsetningu

Eftirfarandi samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt vegna leiðréttinga milli ára:

Bankinn hefur breytt framsetningu í yfirliti yfir heildarafkomu þannig að bætt hefur verið inn millisamtölum fyrir hreina virðisbreytingu og aðrar rekstrartekjur og iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta er nú sýnt sérstaklega. Bankinn breytti einnig framsetningu á hagnaði (tapi) af aflagðri starfsemi þannig að sá hagnaður er nú sýndur að frádrægunum tekjuskatti.

Samanburðartölum í sjóðstreymisyfirliti hefur verið breytt þannig að liðurinn breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé hefur verið lækkaður um 221 milljónir króna með samsvarandi hækkun á liðnum breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.

Þann 31. desember 2010 voru skuldabréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning að fjárhæð samtals 31,8 milljarðar króna flokkuð sem óskráð. Skuldabréfin voru í reynd skráð í maí 2010 þótt engin viðskipti hafi átt sér stað með þau fyrr en í apríl 2011. Þessi breyting hefur áhrif á samanburðartölur í skýringum 7 og 29.

Samanburðartölum í skýringu 21 hefur verið breytt þannig að taflan sýnir nú laun án launatengdra gjalda, en þau eru sýnd sem ein tala í texta neðan við skýringuna. Launatengd gjöld taka nú einnig til stjórnmeðlima.

Samanburðartölum vegna tengdra viðskipta í skýringu 39 hefur verið breytt þar sem 351 milljón króna var ranglega færð undir liðinn stjórnarmenn í stað þess að vera færð undir hlutdeildarfélög.

Samanburðartölum í skýringu 57 yfir ónýttar greiðslukortahæmildir hefur verið breytt úr 25,4 milljörðum króna yfir í 17,9 milljarða króna þar sem hluti skuldbindinganna var tvítalinn í ársreikningi samstæðu 2010.

Samanburðartölum í skýringu 12 hefur verið breytt þar sem þóknunatekjur að fjárhæð 2.743 milljónir króna voru endurflokkaðar úr útlán og ábyrgðir yfir í greiðslumiðlun.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Neðangreindum reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt með samræmdum hætti af öllum félögum samstæðunnar.

#### 3.1 Grundvöllur samstæðu

##### a) Sameining félaga

Við kaup á dótturfélögum og öðrum félögum er kaupaðferð (acquisition method) beitt við reikningsskilin. Kaupverð er metið sem gangvirði á kaupdegi á umræddri eign, skuldbindingum sem stofnað hefur verið til eða hafa verið yfirteknar og eiginfjárgerningum útgefnum af bankanum í skiptum fyrir yfiráð yfir hinu yfirtekna félagi. Kostnaður tengdur kaupunum er færður í yfirlit yfir heildarafkomu þegar hann fellur til.

Beiting kaupaðferðar fer fram í eftirfarandi skrefum:

1. Skilgreining á kaupanda: Kaupandinn er það félag sem öðlast yfiráð yfir annarri rekstrareiningu.
2. Skilgreining á kaupdegi: Sá dagur sem kaupandinn öðlast yfiráð yfir annarri rekstrareiningu.
3. Skráning og mat á aðgreinanlegum eignum og skuldum sem og hlutdeild minnihluta í keyptri rekstrareiningu.
4. Skráning og mat á viðskiptavild eða hagnaði af kaupum.

Þar sem það á við, felur kaupverðið í sér allar eignir eða skuldir sem eru tilkomnar vegna skilyrts endurgjalds, metið á gangvirði kaupdags. Síðari breytingar á slíku gangvirði eru leiðréttar miðað við kaupverð þar sem þær eiga við, sem leiðrétting innan matstímabils. Matstímabilið er tímabilið frá kaupdegi að þeim degi sem bankinn fær allar upplýsingar um staðreyndir og kringumstæður sem voru til staðar frá og með kaupdegi, að hámarki eitt ár. Gerð er grein fyrir öllum síðari breytingum á gangvirði skilyrts endurgjalds, sem flokkað er sem eign eða skuldbinding, í samræmi við viðeigandi alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ekki eru færðar breytingar á gangvirði skilyrts endurgjalds sem flokkað er sem eigið fé.

Þar sem sameining fyrirtækja á sér stað í áföngum er sú hlutdeild sem bankinn átti fyrir í hinu yfirtekna fyrirtæki endurmetin á gangvirði á kaupdegi (þ.e. frá þeim degi sem bankinn öðlast yfiráð) og hagnaður og tap sem af því hlýst fært í yfirlit yfir heildarafkomu. Fjárhæðir vegna hlutdeildar í hinu yfirtekna félagi fyrir kaupdag, sem áður hafa verið færðar í yfirlit yfir heildarafkomu, eru endurflokkaðar, þar sem slík meðferð myndi vera við hæfi við sölu.

Aðgreinanlegar eignir, skuldir og ábyrgðarskuldbindingar hins yfirtekna félags sem uppfylla skilyrði skráningar samkvæmt IFRS 3 eru færðar á gangvirði á kaupdegi, nema:

- Frestaðar tekjuskattseignir eða tekjuskattskuldbindingar og skuldbindingar eða eignir sem tengjast réttindum starfsmanna eru færðar og metnar í samræmi við IAS 12 Tekjuskattar og IAS 19 Starfskjör, eftir því sem við á;
- Skuldir og eiginfjárgerningar tengdir skiptum bankans á eignarhlutatengdri greiðslu til hins yfirtekna félags eru metnir samkvæmt IFRS 2 Eignarhlutatengd greiðsla;
- Eignir sem flokkaðar eru í sölumeðferð í samræmi við IFRS 5 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi, eru metnar í samræmi við þann staðal.

Ef reikningsskilum fyrirtækja fyrir samruna er ólokið í lok þess reikningstímabils sem sameiningin á sér stað, skráir bankinn bráðabirgðatölur fyrir þá liði sem ekki eru gerð fullnægjandi reikningsskil á. Þessar bráðabirgðafjárhæðir eru leiðréttar á matstímabilinu, eða aðrar eignir eða skuldbindingar eru færðar, til að endurspeglar nýjar upplýsingar um staðreyndir og kringumstæður sem voru til staðar á kaupdeginum og hefðu haft áhrif á fjárhæðir á þeim degi.

##### b) Kaup á hlutdeild minnihluta

Reikningsskil vegna kaupa á hlutdeild minnihluta eru færð sem viðskipti við eigendur og þar af leiðandi myndast ekki viðskiptavild við kaupin. Breytingar á hlutdeild minnihluta sem myndast vegna færslna sem ekki fela í sér breytingu á yfiráðum eru færðar sem hlutfall hreinnar eignar dótturfélagsins.

##### c) Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem bankinn fer með yfiráð. Yfiráð eru fyrir hendi þegar bankinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarlegar ákvarðanir félagsins og hagnast á starfsemi þess. Yfiráð eru alla jafna fyrir hendi þegar bankinn fer með meira en 50% atkvæðisrétt í dótturfélaginu. Við mat á yfiráðum er tekið tillit til atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur eða breytanlegur, ef hann er fyrir hendi. Reikningsskil dótturfélaga verða hluti af samstæðureikningsskilum frá þeim degi sem yfiráðin nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram í ársreikningi samstæðunnar hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og í öðrum tilvikum við svipaðar aðstæður.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.1 (framhald)

#### d) Missir yfirráða

Þegar bankinn missir yfirråd yfir dótturfélagi sínu, færir hann eignir og skuldir félagsins út úr samstæðureikningi sem og eign minnihluta og aðrar stöður innan eigin fjár. Mismunur sem myndast við þessar færslur færirst í yfirlit yfir heildarafkomu. Ef bankinn heldur eftir hlut í félaginu er sá hlutur endurmetinn á gangvirði á þeim degi sem bankinn missir yfirråd og færður í samræmi við IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum, IAS 31 Hlutdeild í samrekstri eða IAS 39 Fjármálagerningar, skráning og mat, eftir því sem við á.

#### e) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti afkomu og hreinnar eignar sem bankinn á ekki, beint eða óbeint, og er sýnd sérstaklega í yfirliti yfir heildarafkomu og með eigin fé í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðskilin frá því eigin fé sem tilheyrir eigendum bankans. Sala til minnihluta hefur í för með sér hagnað eða tap fyrir bankann sem fært er í yfirlit yfir heildarafkomu.

#### f) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félag þar sem bankinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarlegar ákvarðanir félaganna, án þess að hafa yfirråd eða sameiginleg yfirråd yfir ákvörðunum þess. Veruleg áhrif eru venjulega til staðar þegar bankinn hefur yfir að ráða á bilinu 20% til 50% atkvæða, þar með talinn mögulegan atkvæðisrétt ef hann er til staðar.

Fjárfesting í hlutdeildarfélagum er bókfærð með hlutdeildaraðferð og er í upphafi færð á kostnaðarverði. Viðskiptavild sem verður til við kaupin, að frádregnu hugsanlegu virðisrýrnunartapi, er innifalinn í fjárfestingunni. Bókfært virði fjárfestingarinnar er leiðrétt fyrir breytingum sem verða á eignarhlut bankans í hreinum eignum hlutdeildarfélagsins og virðisrýrnun, ef einhver er. Þar af leiðandi er hlutur bankans í heildarhagnaði og heildartapi hlutdeildarfélaga, frá þeim degi sem veruleg áhrif hans hefjast fram að þeim degi sem verulegum áhrifum lýkur, hluti af samstæðureikningi bankans. Verði hlutdeild bankans í tapi hlutdeildarfélags hærrí en eignarhlutur hans, er bókfært virði þess hlutdeildarfélags lækkað niður í núll og frekara tap er ekki skráð nema að því marki að lagalegar eða afleiddar skuldbindingar hafi fallið á bankann, eða greiðslur hafi verið inntar af hendi fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Ef hlutdeildarfélag skilar í kjölfarið hagnaði skráir bankinn hlutdeild sína í hagnaði þegar hlutdeild hans í hagnaði er orðin jöfn hlutdeild hans í óuppgerðu tapi.

#### g) Stýring sjóða

Bankinn stýrir og annast eignir í verðbréfasjóðum og öðrum fjárfestingarfélagum fyrir hönd fjárfesta. Reikningsskil þessara félaga eru ekki færð í þessum samstæðureikningi nema þegar bankinn hefur yfirråd yfir félaginu.

#### h) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskiptastöður innan samstæðu, óinnleystur hagnaður, tap eða tekjur og gjöld sem falla til vegna viðskiptafærslna innan samstæðu eru felldar út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður af viðskiptum við hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag er felldur út að því marki sem nemur hlutdeild bankans í þeim. Óinnleyst tap er felld út á sama hátt og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekki séu neinar vísbendingar um virðisrýrnun.

### 3.2 Erlendir gjaldmiðlar

#### a) Gjalddeyrsviðskipti

Liðir sem taldir eru í reikningsskilum hvers félags í eigu bankans eru metnir í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðla á gengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum við dagsetningu efnahagsreiknings eru umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðla á gengi þess dags. Ófjárhagslegar eignir og skuldir sem eru metnar samkvæmt upphaflegu kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar með því að nota gengi viðskiptadags. Ófjárhagslegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem eru metnar á gangvirði eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðill á stundargengi þess dags sem gangvirðið var ákvarðað. Gengismunur sem verður til vegna umreiknings er færður í yfirlit yfir heildarafkomu.

#### b) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir af erlendri starfsemi, þar með talin viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingar vegna samstæðu, eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil bankans, íslenskar krónur (ISK), á gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld af erlendri starfsemi eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem hlýst af umreikningi er skráður beint sem þýðingarmunur á sérstakan eiginfjárreikning. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta eða öllu leyti, er víðeigandi fjárhæð í þýðingarmun færð af eigin fé og færð í yfirlit yfir heildarafkomu sem hluti af hagnaði eða tapi á sölu.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.3 Fjáreignir

Bankinn aðgreinir fjáreignir sínar við upphaflega skráningu í eftirfarandi flokka:

- Útlán og kröfur; eða
- Fjáreignir sem haldið er út líftíma; eða
- Fjáreignir til sölu; eða
- Fjáreignir sem tilgreinar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem skipt er upp í:
  - Veltufjáreignir; eða
  - Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

#### a) Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir aðrar en afleiður með föstum eða skilgreindum gjalddögum sem ekki eru skráðar á virkum markaði og sem bankinn hefur ekki í hyggju að selja strax eða í náinni framtíð, aðrar en þær sem bankinn færir í upphaflegri skráningu sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Útlán og kröfur eru lán sem bankinn veitir viðskiptavinum, þátttaka í lánnum frá öðrum lánveitendum og yfirtekin lán.

Útlán og kröfur eru skráðar þegar fjármunir eru greiddir út til lántakenda. Útlán og kröfur eru metnar á gangvirði við upphaflega skráningu, sem eru þeir fjármunir sem greiddir eru við útgáfu, þar með talinn allur viðskiptakostnaður. Þau eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádregnum framlagi vegna virðisrýrnunar. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til alls afsláttar eða álags við kaupin, þóknana og kostnaðar sem samofin eru virkum vöxtum. Útlán og kröfur í efnahagsreikningi innihalda áfallna vexti.

Hagnaður og tap af útlánnum og kröfum er fært í yfirlit yfir heildarafkomu undir vaxtatekjur og vaxtagjöld þegar útlán og kröfur eru afskráðar og undir gengismun þegar útlán og kröfur eru endurmetin vegna gengismunar. Tap sem hlýst af virðisrýrnun er fært í yfirlit yfir heildarafkomu undir vrðisbreytingu útlána og krafna.

#### b) Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Bankinn flokkar ákveðnar fjáreignir á gangverði við upphaflega skráningu í gegnum rekstrarreikning þegar slíkt gefur nákvæmari upplýsingar vegna þess að:

- Það eyðir eða minnkar verulega ósamræmi í mati eða skráningu sem annars myndi eiga sér stað við mat fjáreigna eða við skráningu hagnaðar og taps af þeim með ólíkum hætti, eða;
- Fjáreignir og afkoma þeirra er metin á gangvirðisgrundvelli, í samræmi við áhættustýringu bankans eða fjárfestingarstefnu, og upplýsingar eru veittar á þeim grundvelli til lykilstjórnenda bankans.
- Fjáreignir innihalda innbyggða afleiðu sem hefur veruleg áhrif á sjóðstreymi.

Fjáreignir sem flokkaðar eru samkvæmt ofangreindum skilyrðum eru:

- Lán með föstum vöxtum sem gefin eru út af bankanum þar sem föstum vöxtum hefur verið breytt í breytilega vexti með vaxtaskiptasamningi.
- Skulda- og eiginfjárgerningar sem metnir eru og stýrt er af bankanum með það í huga að hagnast á heildarávöxtun þeirra og sem metnir eru á grundvelli gangvirðis.

Fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi en viðskiptakostnaður færður beint í yfirlit yfir heildarafkomu. Breytingar á gangvirði eru færðar í yfirlit yfir heildarafkomu undir hreinar fjármunatekjur (gjöld), að undanskildum áföllnum vöxtum, sem færðir eru undir vaxtatekjur.

#### Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru fjáreignir sem aðallega eru keyptar til að selja eða til endurkaupa í náinni framtíð, eða til að eiga sem hluta af eignasafni sem stýrt er í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða til stöðutöku. Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði, sem ekki eru áhættuvarnargerningar.

Veltufjáreignir eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi en viðskiptakostnaður færður beint í yfirlit yfir heildarafkomu. Breytingar á gangvirði eru færðar í yfirlit yfir heildarafkomu undir hreinar fjármunatekjur, að undanskildum áföllnum vöxtum, sem færðir eru undir vaxtatekjur.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.4 Fjárskuldir

Til að mæla fjárskuldir sínar flokkar bankinn þær í eftirfarandi flokka við upphaflega skráningu:

- Veltufjárskuldir; eða
- Fjárskuldir skráðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning; eða
- Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

#### a) Veltufjárskuldir

Veltufjárskuldir eru fjárskuldir sem aðallega er stofnað til í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða þóknun vegna miðlunar. Veltufjárskuldir eru skortstöður í eiginfjár- og skuldabréfagerningum og afleiðusamningum á neikvæðu gangvirði sem ekki eru flokkaðar sem fjárhagslegar ábyrgðir og eru ekki áhættuvarnargerningar.

Veltufjárskuldir eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi með viðskiptakostnaði sem færður er beint í rekstrarreikning. Breytingar á gangvirði eru færðar undir hreinar fjármunatekjur (gjöld), að undanskildum áunnum vöxtum, sem færðir eru undir vaxtagjöld.

#### b) Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjárskuldir sem ekki eru afleiður, veltufjárskuldir eða fjárskuldir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af innstæðum, lántökum og vijkjandi lánum.

Fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum áföllnum viðskiptakostnaði og síðan á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til alls afsláttar eða álags við útgáfu, þóknana og kostnaðar sem samofin eru aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru hluti af bókfærðu verði fjárskuldanna í efnahagsreikningi.

### 3.5 Ákvörðun um gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Nokkrar af reikningsskilaaðferðum og skýringum bankans krefjast gangvirðismats vegna mælinga og/eða skýringa. Gangvirði er sú fjárhæð sem fengist fyrir eign eða skuld á milli aðila sem eru upplýstir og fúsir til óháðra viðskipta á reikningsskiladegi.

Ákvörðun um gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er byggt á skráðu markaðsverði. Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar bankinn gangvirði með verðmatsaðferð. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð eru aðgengileg og tiltæk reglulega og ef þessi verð endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óháðra aðila. Fyrir alla aðra fjármálagerninga er gangvirði ákvarðað með verðmatsaðferð.

Verðmatsaðferð stýðst við nýleg viðskipti á milli aðila sem eru upplýstir og fúsir til óháðra viðskipta ef þau eru tiltæk, visun í gildandi gangvirði annarra samskonar gerninga, núvirðisgreiningu greiðsluflæðis og verðlagningarlíkön valréttarsamninga. Verðmatsaðferðir taka til allra þátta sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs og eru í samræmi við viðtekna aðferðir við verðlagningu fjármálagerninga. Bankinn finnstillir og prófar reglubundið verðmatsaðferðina með því að stýðjast við verð í nýlegum, greinanlegum markaðsviðskiptum með sama fjármálagerning, án breytinga eða leiðréttinga, eða á grundvelli annarra tiltækra og greinanlegra markaðsgagna.

Fyrir flóknari fjármálagerninga notar bankinn eigin líkön, sem venjulega eru þróuð út frá viðurkenndum virðislíkönum. Það kann að vera að sum eða öll inntaksgögn þessara líkana séu ekki greinanleg markaðsgögn, en í þeim tilfellum eru inntaksgögnin fengin út frá markaðsverðum eða gengi, eða áætluð á grundvelli forsenda. Virðið sem kemur úr líkani eða öðrum verðmatsaðferðum er leiðrétt svo að það geri ráð fyrir nokkrum þáttum, eftir því sem við á, vegna þess að verðmatsaðferðir geta ekki með fullnægjandi hætti endurspeglad alla þá þætti sem þátttakendur á markaði taka með í reikninginn þegar þeir stofna til viðskipta. Leiðréttingar á mati eru skráðar með þeim hætti að þær geri ráð fyrir áhættu í líkaninu, mun á kaup- og sölutilboðum, lausafjárahættu sem og öðrum þáttum. Stjórnendur telja að þessi leiðrétting á mati sé nauðsynleg og viðeigandi til þess að fjármálagerningar séu réttilega fram settir á gangvirði í efnahagsreikningi.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.5 (framhald)

Áreiðanlegustu gögnin um gangvirði fjármálagerna við upphaflegt mat er markaðsverðið, nema gangvirði gerningsins sé stutt í samanburði við önnur greinanleg og nýleg markaðsviðskipti með sama gerning (þ.e. án breytinga eða leiðréttinga) eða byggð á verðmatsaðferðum þar sem breytur innihalda einungis gögn frá sýnilegum mörkuðum. Þegar slík gögn eru fyrirbyggjandi skráir bankinn mismuninn á viðskiptaverði og gangvirði í rekstrarreikning undir hreinar fjármunatekjur (gjöld) við upphaflega skráningu fjármálagerningsins. Í þeim tilfellum þar sem notuð eru gögn sem ekki eru frá greinanlegum mörkuðum er mismunurinn á viðskiptaverðinu og virðinu samkvæmt verðmatsaðferðinni, ef einhver er, skráður í rekstrarreikning undir hreinar fjármunatekjur (gjöld), eftir því hvaða staðreyndir og aðstæður eiga við um viðskiptin hverju sinni og eigi síðar en þegar gögnin verða sýnileg.

### 3.6 Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram, þ.e. skráning fer fram á þeim degi sem bankinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, að undanskildum lánnum, sem eru skráð þann dag sem handbært fé er greitt út til lántakenda. Keyptar fjáreignir eru skráðar á viðskiptadegi þegar tekið er við fjáreign og fjárskuldir eru greiddar. Við sölu fjáreigna afskráir bankinn eignina á viðskiptadegi, skráir allan hagnað og tap af sölu og skráir viðskiptakröfu kaupandans.

Bankinn afskráir fjáreignir þegar samningsréttindi til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni eru ekki lengur til staðar, eða þegar áhættan eða ávinningurinn flyst yfir á annað félag. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til, eða bankinn heldur eftir, er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Bankinn skráir veltufjárskuldir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á viðskiptadegi þegar bankinn verður samningsaðili fjármálagernings. Bankinn skráir fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði á þeim degi sem til þeirra var stofnað. Bankinn afskráir fjárskuld þegar samningsbundnar skuldbindingar hennar eru uppfylltar, þær felldar niður eða þeim lýkur.

Bankinn á viðskipti þar sem hann yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikningi, en heldur eftir annaðhvort allri áhættu og ávinningi eignanna sem yfirfærðar eru, eða hluta þeirra. Ef öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, er yfirfærð eign ekki afskráð í efnahagsreikningi. Flutningur eigna þar sem haldið er eftir öllum eða verulegum hluta allrar áhættu og ávinnings felur meðal annars í sér endurkaupaviðskipti og verðbréfalán.

Bankinn afskráir ekki af efnahagsreikningi verðbréf sem bankinn selur samkvæmt endurkaupasamningi á tilgreindum degi í framtíðinni (endurhverf viðskipti) á föstu verði eða á söluverði auk ágóða lánveitenda. Bankinn skráir móttekið fé sem skuldbindingu í efnahagsreikningi. Mismunurinn á sölu- og kaupverði er færður sem vaxtakostnaður á líftíma samnings með aðferð virkra vaxta.

Verðbréfalán og lántökuviðskipti eru venjulega tryggð með verðbréfum eða handbæru fé. Flutningur verðbréfa til mótaðila er eingöngu tilgreindur í efnahagsreikningi ef áhætta og ágóði vegna eignar eru líka flutt. Útgreitt fé eða fé móttekið sem veð er skráð sem eign eða skuld.

### 3.7 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin sýnd í efnahagsreikningi, þegar til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar skráðra fjárhæða og ætlunin er að gera upp á nettógrunni eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

### 3.8 Afleiðusamningar

Bankinn notar afleiður í viðskiptum. Afleiður sem ekki eru flokkaðar sem eiginfjárgerningar bankans eru flokkaðar sem fjáreignir eða fjárskuldir, metnar á gangvirði og skráðar í efnahagsreikning sem eign eða skuld, eftir því hvort gangvirði þeirra á uppgjörstigi er jákvætt (eign) eða neikvætt (skuldir).



## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.8 (framhald)

Aðferðin sem notuð er við að færa breytingar á gangvirði afleiða veltur á því hvort afleiðurnar eru áhættuvarnargemningar eða ekki og ef svo er, hvers eðlis varan er sem verið er að verja. Afleiður sem bankinn tilgreinir ekki eða eru ekki virkir áhættuvarnargemningar eru flokkaðar sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir bókfærðar í samræmi við skýringu 3.3(b) og 3.4(a).

Bankinn beitti ekki áhættuvarnareikningsskilum árið 2011, né á samanburðarárinu.

### 3.9 Leigusamningar

Bankinn flokkar leigusamninga eftir því að hve miklu leyti áhætta og ávinningur sem tengist eignarhaldi eignanna færast yfir til leigutakans. Leigusamningar eru skilgreindir sem fjármögnunarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu eru efnislega færð frá leigusala til leigutaka. Þar sem svo er ekki, flokkast leigusamningar sem rekstrarleiga.

#### a) Rekstrarleigusamningar

Leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningum þar sem bankinn er leigutaki eru gjaldfærðar línulega í rekstrarreikning á samningstímanum.

Þar sem bankinn er aðili að samningi sem telst vera lögformlegur eignaleigusamningur en er efnislega lánasamningur, beitir bankinn ekki leigureikningsskilum heldur flokkar leigusamninginn sem útlán og kröfur.

### 3.10 Fjárfestingareignir

Bankinn heldur ákveðnum eignum sem fjárfestingu til öflunar leigutekna, til verðmætaaukningar eða hvort tveggja. Fjárfestingareignir eru upphaflega metnar á kostnaðarverði, þar með talinn viðskiptakostnaður. Fjárfestingareignirnar eru síðan metnar á gangvirði, sem endurspeglar markaðsaðstæður á uppgjörsdegi. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir aðrar rekstrartekjur.

### 3.11 Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a) Eignir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun, samkvæmt kostnaðarlíkaninu í IAS 16.

Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

#### b) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur muni renna til bankans og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Ákvörðun, um að leggja við bókfært virði eignar kostnað sem síðar fellur til er byggð á því hvort viðkomandi íhlutur, eða hluti slíks íhlutar, hefur verið endurnýjaður eða ekki, eða hvort eðli kostnaðarins þýðir að hann sé framlag í nýjan íhlut. Allur annar kostnaður er færður í rekstur sem útgjöld eftir því sem til hans stofnast.

#### c) Afskriftir

Fyrningargrunnur varanlegra rekstrarfjármuna er ákveðinn eftir að niðurlagsverð þeirra er dregið frá. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega í rekstur miðað við áætlaðan nýtingartíma hvers einstaks rekstrarfjármunar. Áætlaður nýtingartími er eftirfarandi:

Fasteignir .....	50 ár
Innréttingar .....	6-12 ár
Vélar og tæki .....	4 ár
Bifreiðar .....	3 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.12 Óefnislegar eignir

#### a) Viðskiptavild

Við sameiningu fyrirtækja er notuð kaupaðferð. Þar sem viðskiptavild myndast í tengslum við kaup á dótturfélögum, er hún færð sem óefnisleg eign. Bankinn metur viðskiptavild á kaupdegi sem samtölu eftirfarandi:

- Gangvirðis afhents endurgjalds;
- Skráð fjárhæð allra eignahluta án yferráða í keypta fyrirtækinu;
- Ef sameiningin var í skrefum, gangvirði eigin fjár sem kaupandi átti fyrir í keypta fyrirtækinu; að frádregnu
- Hreinu skráðu virði (yfirlétt gangvirði) aðgreinanlegra keyptra eigna og yfirtekinna skulda.

Þar sem viðskiptavild er neikvæð er mismunurinn tekjufærður strax í rekstri. Jákvæð viðskiptavild er færð til eignar þegar hún myndast við kaup fyrirtækja, til dæmis við kaup á hlutum í dótturfélögum eða hreinni eign annars félags. Viðskiptavild vegna kaupa á hlutdeildarfélögum er ekki skráð sérstaklega sem eign heldur innifalin í bókfærðu verði fjárfestinga í hlutdeildarfélögum í efnahagsreikningi.

Viðskiptavild er úthlutað á fjárskapandi einingar. Eftir upphaflega skráningu er hún metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Virðisrýrnunarpróf eru framkvæmd árlega á viðskiptavildinni og oftár ef vísibending er um að hún kunnist að hafa rýrnað.

#### b) Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir aðrar en viðskiptavild, til dæmis eignfærður hugbúnaður, eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum niðurfærslum og virðisrýrnun.

#### c) Kostnaður sem síðar fellur til

Kostnaður sem síðar fellur til af eignfærðum óefnislegum eignum öðrum en viðskiptavild er aðeins eignfærður þegar hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning hinnar tilteknu eignar. Öll önnur útgjöld eru færð í rekstrarreikning þegar til þeirra er stofnað.

#### d) Niðurfærsla

Niðurfærsla óefnislegra eigna er gjaldfærð í yfirlit yfir heildarafkomu línulega yfir áætlaðan nýtingartíma eignarinnar frá þeim degi sem hún er tilbúin til notkunar. Bankinn reiknar með að áætlaður nýtingartími hugbúnaðar sé fjögur ár. Viðskiptavild er ekki afskrifuð en virðisrýrnunarpróf eru framkvæmd árlega og oftár ef þurfa þykir.

### 3.13 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Fastafjármunir til sölu, eða aflögð starfsemi, sem samanstendur af eignum og skuldum, þar á meðal fastafjármunir, eða aflögð starfsemi, yfirteknar við sameiningu fyrirtækja, eru flokkaðar til sölu ef bankinn væntir þess að hann muni endurheimta bókfært virði þeirra við sölu frekar en með áframhaldandi notkun. Til að þetta eigi við þarf eignin að vera tilbúin til sölu í núverandi ástandi, með fyrirvara um eðlileg viðskiptakjör og líklega sölu. Áður en eignin er flokkuð til sölu, eru eignir og skuldir metnar í samræmi við viðeigandi reikningsskilaaðferðir bankans, að undanskildum fastafjármunum, eða aflagðri starfsemi, sem eru hluti af sameiningu fyrirtækja flokkuðum til sölu, sem eru skráð á gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Þar á eftir eru fastafjármunir til sölu metnir á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist.

Virðisrýrnun vegna aflagðrar starfsemi er fyrst færð á viðskiptavild og síðan hlutfallslega á þær eignir sem eftir standa nema að engin virðisrýrnun er færð á birgðir, fjáreignir, frestaðar tekjuskattseignir, lífeyrisskuldbindingar og fjárfestingareignir. Virðisrýrnun sem myndast við upphaflega skráningu fastafjármuna til sölu og hagnaður eða tap sem myndast við endurmat eftir upphaflega skráningu er fært í rekstrarreikning. Hagnaður umfram virðisrýrnun er ekki viðurkenndur.

### 3.14 Fjárhagslegar ábyrgðir

Ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda bankann til að bæta réttþafa tap sem hann verður fyrir vegna vanefnda skuldara á greiðslum á gjalddaga, í samræmi við skilmála skuldagerningsins. Fjárhagslegar ábyrgðir eru gefnar út af bankanum til lánastofnana eða annarra samningsaðila viðskiptavinarins svo hann geti sett þær fram sem veð gegn lánveitingu, yfirdrætti eða annarri lánaþyrtingreiðslu.

Ábyrgðir eru upphaflega metnar sem gangvirði álagsþóknunar (e. premium) á útgáfudegi. Bókfært virði þeirra er afskrifað kostnaðarverð álagsþóknunarinnar eða vænt mat á reikningsskiladegi á þeim kostnaði sem fellur á bankann við að gera upp skuldbindingu sem til fellur vegna ábyrgðarinnar, byggt á mati stjórnenda og sögulegri reynslu, hvort sem hærra reynist. Hækkun skuldbindingar vegna ábyrgða er færð í yfirlit yfir heildarafkomu. Álagsþóknunin er færð línulega yfir líftíma ábyrgðarinnar í yfirlit yfir heildarafkomu undir liðinn hreinar þóknunatekjur.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.15 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar þegar lagaleg eða líkleg greiðsluskylda hvílir á bankanum vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæðin sem færð er sem skuldbinding er besta matið á því endurgjaldi sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingar á uppgjörstegi, að teknu tilliti til áhættu og óvissu sem tengist skuldbindingunni. Þar sem skuldbinding er metin út frá því framtíðargreiðsluflæði sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu, er bókfært virði þess núvirði greiðsluflæðis. Viðskiptakrafan er skráð sem eign þegar þess er vænst að hluti eða allur efnahagslegur ávinningur sem þarf til að gera upp skuldbindingu verði endurheimtur frá þriðja aðila og nær öruggt er að endurgreiðslan verði innheimt og hægt er að meta fjárhæð viðskiptakröfunnar á áreiðanlegan hátt.

Bankinn færir skuldbindingar fyrir óvissum skuldum sem myndast við kaupin ef til staðar er líkleg greiðsluskylda vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti, jafnvel þótt ekki séu líkur á að uppgjör hennar hafi áhrif á efnahagslegan ávinning.

### 3.16 Víkjandi lán

Víkjandi lán eru fjárhagsbindingar bankans sem samanstanda af skuldum í formi víkjandi lánsfjár sem, ef til slita bankans kæmi hvort sem er að eigin frumkvæði eða ekki, verða ekki endurgreiddar fyrr en eftir að kröfur almennra kröfuhafa hafa verið greiddar. Við útreikning eiginfjárlutfalls eru skuldabréfin talin sem hluti af eiginfjárbætti B. Víkjandi lán eru yfirleitt til 10 ára eða meira og til að tryggja að útistandandi heildar eigið fé bankans falli ekki skyndilega í kjölfar uppgreiðslu lánsins, gera eftirlitsaðilar kröfu um að eiginfjárbættir B séu afskrifaðir síðustu 5 árin fram að gjalddaga.

### 3.17 Hlutafé

#### a) *Hlutafé*

Bankinn er með einn flokk almennra hlutabréfa sem engin réttindi fylgja til fastra tekna.

#### b) *Arður af hlutabréfum*

Arður er færður til frádráttar frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthöfum bankans. Arður sem ákveðinn er eftir uppgjörstegundag er ekki færður sem skuld á uppgjörstegi.

### 3.18 Handbært fé og ígildi þess

Til handbærs fjár og ígildis þess telst lausafé sem auðveldlega má breyta yfir í handbært fé og litlar líkur eru á að verðgildi breytist. Þetta er handbært fé, óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands og óbundnar innstæður hjá lánastofnunum. Þar að auki notar bankinn ríkisvixla, skammtímalán til lánastofnana og önnur auðseljanleg skuldabréf, við lausafjárstýringu.

### 3.19 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra fjáreigna og fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði og skuldagerminga sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu, eru færð í yfirlit yfir heildarafkomu með aðferð virkra vaxta. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra veltufjáreigna og veltufjárskulda og allra fjáreigna og fjárskulda sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstur, eru skráð í yfirlit yfir heildarafkomu á grundvelli reikningsskila á rekstrargrunni.

Aðferð virkra vaxta er aðferð til að reikna afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda (eða safns fjáreigna og fjárskulda) og skipta vaxtatekjum eða vaxtagjöldum yfir viðkomandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem afvaxtar vænt framtíðargreiðsluflæði fjáreignar eða fjárskuldar yfir áætlaðan líftíma fjármálagerðingarsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, til bókfærðs virðis fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað bankinn greiðsluflæði með tilliti til allra samningsskilmála fjármálagerðingarsins en tekur ekki tillit til vænts útlánataps. Við útreikninginn er tekið tillit til allra þöknana og greiðslna á milli samningsaðila sem heyrir undir hlutfall virkra vaxta, sem og viðskiptakostnaðar, yfirverðs og affalla.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.19 (framhald)

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem bankinn gefur sér við upphaflega skráningu fjáreignar og fjárskuldar og bókfært virði þeirra er síðan aðlagð ef áætlanir um greiðslur og innborganir eru endurmetnar. Bókfært virði er endurreiknað með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við upphaflega skráningu. Breytingar á bókfærðu virði eru færðar sem vaxtatekjur eða vaxtagjöld. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna fjármálagerna á breytilegum vöxtum, eru venjulega skráðar á gildandi markaðsvöxtum að viðbættum afskriftum eða að frádregnu álagi eða afföllum, sem byggjast á upprunalegri ávöxtunarkröfu. Vextir á virðisrýrðar fjáreignir eru reiknaðir á bókfært virði með upphaflegri ávöxtunarkröfu.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld fela í sér hagnað og tap af afskrifuðum lánnum og kröfum og fjárskuldum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

### 3.20 Virðisbreyting útlána og krafna

Virðisbreyting útlána og krafna er sú nettó fjárhæð sem færð er í rekstrarreikning eftir endurmat á niðurfærðu lánasafni bankans. Virðisbreytingin er samsett úr tekjum vegna endur mats á væntu framtíðargreiðsluflæði, virðisrýrnun sem metin er almennt og sértækt, en undanskilur virðisrýrnun og bakfærslu virðisrýrnunar af gengishagnaði vegna viðskiptavina með greiðsluflæði í íslenskum krónum

Framlög vegna almennrar virðisrýrnunar endurspeglar virðisrýrnun sem átt hefur sér stað en ekki hefur verið sérgreind á reikningstímabilinu.

### 3.21 Virðisrýrnun

Bókfært virði eigna bankans, aðrar en tekjuskattsinneignir og fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eru yfirfarnar á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Virðisrýrnun er færð í yfirlit yfir heildarafkomu í hvert sinn sem bókfært virði eignar eða fjárskapandi einingar reynist hærra en endurheimtanlegt virði hennar.

Fjáreign eða safn fjáreigna telst hafa rýrnað og virðisrýrnun hefur myndast ef, og aðeins ef fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar (tapsatburður) og sá tapsatburður (eða atburðir) hefur áhrif á framtíðargreiðsluflæði fjáreignarinnar eða safns fjáreigna sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti. Mögulega er ekki hægt að greina einn sérstakan atburð sem veldur virðisrýrnuninni, heldur er um að ræða samanlögð áhrif nokkurra atburða. Mögulegt framtíðartap er ekki viðurkennt.

#### a) Virðisrýrnun útlána og krafna

Ef fyrir liggja hlutlæg merki um að virðisrýrnun hafi orðið á útlánnum eða kröfum er bókfært virði þeirra lækkað til núvirðis áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis á upprunalegum virkum vöxtum með notkun varúðarreiknings. Mögulegt framtíðartap er ekki viðurkennt.

Viðmið sem bankinn notar til að ákvarða hvort fyrir hendi séu hlutlæg merki um virðisrýrnun eru meðal annars:

- Vanskil á samningsbundnum greiðslum á höfuðstól og vöxtum;
- Greiðsluflæðiserfiðleikar lántakandans (til dæmis eiginfjárlutfall eða nettótekjur sem hlutfall af sölu);
- Brot á lánaskuldbindingum eða samningum;
- Upphaf gjaldþrotameðferðar;
- Versnandi samkeppnisstaða lántakandans;
- Lækkandi virði veðs;
- Eignir lækkaðar um áhættuflokk.

Fari svo, á síðara tímabili, að fjárhæð virðisrýrnunar lækki og ástæðu þess megi tengja hlutlægt við atvik sem varð eftir að virðisrýrnunin var skráð, þá er virðisrýrnunin bakfærð með leiðréttingu á varúðarreikningi. Fjárhæð leiðréttingarinnar er færð í yfirlit yfir heildarafkomu.

Stjórnendur bankans meta fyrst hvort hlutlæg merki um virðisrýrnun séu til staðar vegna stærri fjáreigna. Útlán og kröfur sem ekki eru virðisrýrðar sértækt eru metnar vegna virðisrýrnunar sem hluti af lánasafni. Sameiginlegt mat útlána og krafna í lánasöfnum gerir ráð fyrir að útlán og kröfur hafi svipuð einkenni með tilliti til útlánaáhættu. Hlutlaus merki um virðisrýrnun lánasafna eru til staðar ef hlutlaus gögn gefa vísbendingar um lækkun á áætluðu framtíðargreiðsluflæði lánasafnsins og ef hægt er að mæla lækkunina með áreiðanlegum hætti en ekki hægt að tengja hana við einstök lán í lánasafninu.

Vaxtatekjur af virðisrýrðum lánnum og viðskiptakröfum eru færðar á þeim vöxtum sem notaðir eru til að núvirða framtíðargreiðsluflæði í þeim tilgangi að meta virðisrýrnun.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.21 (framhald)

#### b) Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna

Bankinn metur árlega hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna annarra en fjárfestingareigna og frestaðra tekjuskattsinneigna. Ef slík vísbending er til staðar metur bankinn endurheimtanlegt virði eignarinnar. Endurheimtanlegt virði viðskiptavildar og annarra ófjárhagslegra eigna sem hafa óskilgreindan líftíma eða eru ekki tilbúnar til notkunar er metið á sama tíma árlega. Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði reynist hærra en vænt endurheimtanlegt virði.

Endurheimtanlegt virði eignarinnar er sviptvirði eða gangvirði að frádregnum kostnaði eftir því hvort hærra reynist. Við virðismat er stuðst við núvirt sjóðsstreymi fyrir skatta sem tekur mið af tímavirði peninga og áhættu sem tengist eigninni. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

#### c) Útreikningur á endurheimtanlegu virði

Endurheimtanlegt virði útlána og krafna bankans er reiknað sem núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis. Afvöxtun útlána og krafna á föstum vöxtum er gerð með upphaflegri ávöxtunarkröfu. Útlán og kröfur á breytilegum vöxtum eru afvöxtuð á markaðsvöxtum.

Endurheimtanlegt virði annarra eigna er hvort sem hærra reynist, hreint söluverð eða nýtingarvirði. Við mat á nýtingarvirði er framtíðargreiðsluflæði núvirt miðað við vaxtaþrósentu fyrir skatta sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættu sem tengist viðkomandi eign. Ef um eign er að ræða sem ekki skapar greiðsluflæði er endurheimtanlegt virði ákvarðað fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

#### Endanlegar afskriftir útlána:

Þegar lán er óinnheimtanlegt er það afskrifað á móti varúðarframlagi útlána. Slík lán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum ferlum hefur verið lokið og fjárhæð tapsins hefur verið ákvörðuð.

#### d) Bakfærsla virðisrýrnunar

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja síðari hækkun endurheimtanlegs virðis á hlutlægan hátt við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var bókfærð.

Þegar fjáreign er yfirtekin með miklum afslætti hefur útlánatap þegar átt sér stað og endurspeglast í kaupverðinu. Slíkt útlánatap er hluti af væntu greiðsluflæði við útreikning virkra vaxta. Allar leiðréttingar á áætluðu greiðsluflæði eftir upphaflega færslu, þ.e. endurheimtur áður færðra afskrifta, eru færðar til hækkunar eða lækkunar á bókfærðu virði fjáreignarinnar og samsvarandi fjárhæð færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem notað er til að ákvarða endurheimtanlegt virði.

Virðisrýrnun er aðeins færð til baka að því marki sem nemur bókfærðu virði eignarinnar án virðisrýrnunar.

#### e) Skuldbreyting lána

Ef hægt er reynir bankinn að endurskipuleggja lán frekar en að ganga að veði. Slíkt kann að fela í sér breytingar á lánstíma og lánaskilmálum. Þegar búið er að semja aftur um skilmála er lánið ekki lengur talið í vanskilum. Stjórnendur yfirfara reglulega útlán sem endursamið hefur verið um til að ganga úr skugga um að öll viðmið standist og að líklegt sé að framtíðargreiðslur muni berast. Virðisrýrnun útlánanna er áfram metin sértækt eða sem hluti af lánasafni.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.22 Þóknatekjur og þóknagjöld

Þóknatekjur og þóknagjöld eru yfirleitt skráð á rekstrargrunni þegar viðkomandi þjónusta er veitt.

Þóknunum vegna lánaskuldbindinga þar sem líklegt er að dregið verði á lánið er frestað og þær færðar sem hluti af virkum vöxtum lánsins. Þegar ekki er gert ráð fyrir að dregið verði á lánið eru þóknanir færðar línulega yfir lánstímabilið. Þóknanir vegna sambankalána eru færðar sem tekjur þegar ferlinu er lokið og bankinn hefur ekki haldið eftir neinum hluta lánapakksins fyrir sjálfan sig eða hefur haldið hluta af sömu virku vöxtunum og aðrir þátttakendur.

Þóknatekjur og þóknagjöld sem stofnað er til vegna samningaviðræðna, þátttöku í samningaviðræðum, viðskipta fyrir þriðja aðila eins og til dæmis umsýslu á yfirtöku hlutabréfa eða annarra verðbréfa eða kaupa eða sölu fyrirtækja, eru skráð þegar undirliggjandi viðskiptum er lokið. Þóknatekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnum, önnur ráðgjöf og þjónusta eru færðar samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknatekjur fyrir eignastýringu sem tengist fjárfestingasjóðum eru skráðar hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sama á við um einkabankþjónustu, fjármálaskipulagningu og vörsluþjónustu sem er veitt samfelt yfir lengri tíma. Árangurstengdar þóknanir, eða hluti af þóknunum, eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð.

### 3.23 Hreinar fjármunatekjur (gjöld)

Hreinar fjármunatekjur fela í sér hreinan hagnað fjármálagerninga í flokki veltufjár, fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og leiðréttingar á gangvirði í áhættuvarnarreikningsskilum.

#### a) Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinn hagnaður (tap) af fjármálagerningum í flokki veltufjár felur í sér hagnað og tap tengt veltufjáreignum og veltufjárskuldum, þar með talið allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði, nema vöxtum (sem færðir eru undir vaxtatekjur og vaxtagjöld), og gengishagnað og tap (sem fært er undir hreinan gengishagnað eins og lýst er að neðan). Tekjur vegna arðgreiðslna veltufjáreigna eru skráðar í yfirlit um heildarafkomu þegar réttur bankans til þess að móttaka greiðslu hefur verið staðfestur.

Hagnaður og tap vegna breytinga á gangvirði afleiðna sem flokkaðar eru til veltuviðskipta, og sem teljast til efnahagslegra áhættuvarna fjáreigna eða fjárskulda, sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru taldar með í hreinum hagnaði af fjármálagerningum sem færðir eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

#### b) Hreinn hagnaður (tap) af fjármálagerningum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Hreinn hagnaður (tap) vegna fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning fela í sér hagnað og tap sem tengist fjáreignum og fjárskuldum færðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, þar með talið allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði nema vöxtum (sem færðir eru undir vaxtatekjur og vaxtagjöld) og gengishagnaður og gengistap (sem færður er undir hreinan gengishagnað). Tekjur vegna arðgreiðslna veltufjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar í yfirlit um heildarafkomu þegar réttur bankans til þess að móttaka greiðsluna hefur verið staðfestur.

Hagnaður vegna fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur einnig í sér hagnað og tap vegna breytinga á gangvirði afleiðna sem flokkaðar eru til veltuviðskipta og sem teljast til efnahagslegra áhættuvarna fjáreigna eða fjárskulda sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

### 3.24 Hreinn gengishagnaður (tap)

Hreinn gengishagnaður (tap) felur í sér allan gengismun vegna uppgjörs á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum og þýðingarmun peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum sem myndast vegna frávika frá upphaflega skráðu gengi á tímabilinu eða í fyrri reikningsskilum, nema mismunur sem myndast vegna fjármálagerninga sem færðir eru sem áhættuvarnir í hreinni fjárfestingu í erlendri starfsemi.

Hreinn gengishagnaður (tap) felur einnig í sér gengismun vegna þýðingarmunar ófjárhagslegra eigna og skulda sem færðar eru á gangvirði í erlendum gjaldmiðlum, hvers hagnaður og tap er einnig skráð í rekstrarreikningi.

Rekstrarreikningur inniheldur virðisrýrnun gengishagnaðar vegna lána í erlendri mynt til lántaka með greiðsluflæði í íslenskum krónum jafnað á móti gengishagnaði, þar sem bankinn gerir ekki ráð fyrir að endurheimta gengishagnað vegna þessara lána.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.25 Tekjuskattur

Tekjuskattur á hagnað eða tap tímabils felur í sér tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er skráður í yfirlit yfir heildarafkomu nema að því marki sem hann tengist liðum sem færðir eru beint í yfirlit yfir aðra heildarafkomu.

Tekjuskattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að greiða þurfi af tekjuskattskyldri afkomu ársins, miðað við skattprósentu sem í gildi er eða sem búð er að tilkynna að verði í gildi á reikningsskiladegi og allar breytingar sem gerðar hafa verið á skatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestuð tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbinding hefur verið reiknuð og færð í yfirlit yfir heildarafkomu. Útreikningurinn byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattskilum annars vegar og reikningsskilum hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Þessi mismunur stafar af því að skattskil eru gerð eftir öðrum reglum en reikningsskil. Einkum vegna þess að tekjur, sérstaklega af fjáreignum, eru bókaðar fyrir í reikningsskilum en í skattalegu uppgjöri. Tekjuskattsinneign er aðeins jafnað á móti tekjuskattsskuld í þeim tilvikum sem báðar hafa myndast vegna skattalegs uppgjors hjá sömu skattyfirvöldum.

Tekjuskattsinneign er aðeins færð að því marki sem líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður verði nægjanlegur til að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap. Tekjuskattsinneign er lækkuð að því marki sem dregur úr líkum á að yfirfæranlegt tap muni nýtast.

### 3.26 Bankaskattur

Bankaskattur er ófrádráttarbær skattur sem lagður var á fjármálafyrirtæki fyrir skattaárið 2010. Yfirlýstur tilgangur þessarar skattlagningar er að skapa tekjur fyrir ríkissjóð til þess að mæta auknum kostnaði vegna gjaldþrota íslensku bankanna í október 2008. Ennfremur er honum ætlað að þjóna því hlutverki að draga úr áhættusækni banka. Skatturinn er reiknaður sem 0,041% af heildarskuldum fyrri árs. Bankaskatturinn er sýndur í sérstakri línu á yfirlitinu yfir heildarafkomu.

Undir bankaskatt fellur einnig tímabundinn ófrádráttarbær skattur sem lagður er á fjármálafyrirtæki til að fjármagna vaxtabætur vegna íbúðalána. Skatturinn er í gildi fyrir skattaárin 2012 og 2013 en er fyrirframgreiddur árið á undan og er gjaldfærður samkvæmt því. Skatturinn er reiknaður sem 0,0875% af heildarskuldum fyrri árs.

### 3.27 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launum og launatengdum gjöldum, afskriftum af varanlegum rekstrarfjármunum, afskriftum óefnislegra eigna og öðrum rekstrarkostnaði eins og húsnæðiskostnaði, auglýsingakostnaði og tölvutengdum kostnaði.

### 3.28 Starfsþáttaskýrsla

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti bankans sem býður upp á vörur og þjónustu sem bera tekjur og tilfallandi gjöld, þar með talin viðskipti við aðra starfsþætti bankans. Vörur og þjónusta hvers starfsþátta felur í sér áhættu og umbun sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Stjórn og framkvæmdastjórn meta starfsþætti sérstaklega með tilliti til afkomu og skiptingu auðlinda. Bankanum er skipt upp í sex megin starfsþætti: Viðskiptabankasvið, Fyrirtækjasvið, Markaði, Eignastýringu, Fjárstýringu og Miðengi.

### 3.29 Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem höfðu áhrif á ársreikning samstæðunnar

Innleiðing á eftirfarandi nýjum reikningsskilastöðlum og breytingum á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir bankann þann 1. janúar 2011 höfðu eftirfarandi áhrif á ársreikning samstæðunnar:

Breyting á IFRS 7 Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf, sem stafar af endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (maí 2010), þar sem krafist er birtingu tölulegra upplýsinga um það að hve miklu leyti veðtryggingar og aðrar lánsfjárstyrkingar draga úr lánsfjárahættu vegna fjáreigna. Innleiðing á þessari breytingu hefur eingöngu leitt til upplýsingagjafar bankans í skýringum varðandi það að hve miklu leyti veðtryggingar og aðrar lánsfjárstyrkingar draga úr lánsfjárahættu vegna fjáreigna bankans þann 31. desember 2011. Samanburðarupplýsingar miðað við 31. desember 2010 eru ekki birtar.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.30 Innleiðing nýrra reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir bankann þann 1. janúar 2011 en höfðu engin áhrif á ársreikning samstæðunnarureikning bankans

Eftirfarandi nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi þann 1. janúar 2011 en höfðu engin áhrif á ársreikning samstæðunnarureikning bankans:

- a) Endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (maí 2010), að undanskilinni breytingunni sem gerð var á IFRS 7, Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf, sem stafar af þessum endurbótum (sjá skýringu 3.29 (a)).
- b) Breytingar á IAS 32, Fjármálagerningar: færsla og mat – Flokkun áskriftaréttinda.
- c) IFRIC 19, Ógilding fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga.
- d) Breytingar á IFRIC 14, IAS 19 – Hámark á réttindatengdum eignum, kröfur um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra.
- e) IAS 24, Upplýsingagjöf um tengda aðila (endurskoðaður 2009).

### 3.31 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem bankinn hefur innleitt fyrir gildistöku þeirra

Bankinn hefur ekki innleitt fyrir gildistöku neina nýja reikningsskilastaðla eða breytingar á reikningsskilastöðlum sem taka gildi eftir 1. janúar 2011.

### 3.32 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem taka gildi fyrir bankann fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar sem ekki hafa verið innleiddir af bankanum fyrir gildistöku þeirra

Eftirfarandi nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum taka gildi fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar og hafa ekki verið innleiddir af bankanum fyrir gildistöku þeirra:

- a) Breytingar á IAS 12, Tekjuskattar – Frestaður skattur: Endurheimta undirliggjandi eigna, sem innleiðir undanþágu frá núverandi matsreglum fyrir frestaðar tekjuskattsinneignir og tekjuskattsskuldbindingar vegna fjárfestingarfasteigna sem metnar eru samkvæmt gangvirðislikaninu í samræmi við IAS 40 Fjárfestingarfasteignir. Undanþágan á einnig við um fjárfestingarfasteignir yfirteknar í gegnum sameiningu fyrirtækja sem færðar eru í samræmi við IFRS 3 Sameiningar fyrirtækja, að því gefnu að þær séu metnar eftir upphaflega færslu samkvæmt gangvirðislikaninu. Við þessar tilteknu aðstæður ætti matið á tekjuskattsskuldbindingum og frestuðum tekjuskattsinneignum að endurspegla hrekjanlegar forsendur fyrir því að bókfært virði undirliggjandi eignar verði endurheimt að fullu með því að selja eignina. Forsendan er hrekjanleg einungis ef hægt er að afskrifa fjárfestingarfasteignina og henni er haldið innan viðskiptalíkans sem hefur það að markmiði að nýta að verulegu leyti allan efnahagslegan ávinning af eigninni yfir líftíma hennar. Ef breytingarnar verða samþykktar af Evrópusambandinu munu þær gilda fyrir bankann frá og með ársreikningi samstæðu fyrir árið 2012, með afturvirkri beitingu. Bankinn væntir þess að breytingarnar hafi ekki veruleg áhrif á ársreikning samstæðunnar.
- b) Breytingar á IFRS 7, Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf – Yfirfærsla fjáreigna, sem gerir kröfur um birtingu upplýsinga sem gera notendum reikningsskila kleift að (i) skilja tengslin á milli yfirfærðra fjáreigna sem ekki eru afskráðar að fullu og tengdra skulda, og (ii) meta eðli og áhættu áframhaldandi þátttöku einingar í afskráðum fjáreignum. Þessar breytingar munu gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2012. Upplýsinga í samræmi við þessar breytingar er ekki krafist fyrir tímabil sem hefjast fyrir innleiðingardag breytinganna. Bankinn er í því ferli að leggja mat á möguleg áhrif breytinganna á ársreikning samstæðunnar.
- c) Breytingar á IAS 1 – Framsetning liða í annarri heildarafkomu, þar sem gerðar eru kröfur um birtingu viðbótarupplýsinga um aðra heildarafkomu, þar sem liðum er skipt í tvo flokka: (a) liði sem ekki verða millifærðir síðar í rekstrarreikning, og (b) liði sem verða millifærðir í rekstrarreikning síðar, þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Úthluta ber tekjuskatti á einstaka liði í annarri heildarafkomu á sama grundvelli. Ef breytingarnar verða samþykktar af Evrópusambandinu munu þær gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2013, með afturvirkri beitingu. Bankinn ætlar ekki að innleiða breytingarnar fyrir gildistöku þeirra, sem að öðru leyti er ekki vænst að hafi veruleg áhrif á ársreikning samstæðunnar.



## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.32 (framhald)

- d) IAS 19, Starfskjör (breytt 2011), sem breytir reikningsskilum fyrir iðgjaldatengd eftirlaunakerfi og fyrir uppsagnarkjör. Mikilvægasta breytingin varðar reikningsskilin fyrir breytingar á réttindatengdum eftirlaunaskuldbindingum og eigna til greiðslu lífeyris. Breytingarnar gera kröfu um að breytingar á réttindatengdum eftirlaunaskuldbindingum og gangvirði eigna til greiðslu lífeyris séu færðar þegar þær verða til, og þ.a.l. afnema þær „vikmarkanálgunina“ sem heimiluð er samkvæmt gildandi reikningsskilastaðli IAS 19 (breytt 2004) og flýta færslu kostnaðar við réttindaávinnslu fyrri tímabila. Breytingarnar gera kröfu um að allur tryggingafræðilegur hagnaður eða tap verði fært þegar í stað í aðra heildarafkomu þannig að hrein lífeyriseign eða -skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning samstæðunnar endurspegli að fullu fjárhæð halla eða afgang. Ef hinn breytti IAS 19 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2013, með afturvirkri beitingu og tilteknum undanþágum frá henni. Bankinn ætlar ekki að innleiða IAS 19 (2011) fyrir gildistöku hans, sem að öðru leyti er ekki vænst að hafi veruleg áhrif á ársreikning samstæðunnar.
- e) IFRS 10 Samstæðureikningar, sem kemur í stað reglna í IAS 27 Samstæðureikningar og aðgreindir reikningar (breytt 2008), um samstæðureikninga og SIC-12, Samstæðureikningsskil – Einingar um sérverkefni. IFRS 10 inniheldur endurskoðaða skilgreiningu á yferráðum, sem felur í sér þrjá þætti: (a) vald yfir félaginu, (b) næmi fyrir, eða réttur til, breytilegrar arðsemi af aðkomu að félaginu, og (c) geta til að beita valdi sínu yfir félaginu til að hafa áhrif á fjárhæð arðsemi fjárfestis. IFRS 10 inniheldur ítarlegar leiðbeiningar um beitingu til að taka á því hvernig bregðast skuli við flóknum aðstæðum, þ.m.t. leiðbeiningar um hvernig ákvarða eigi hvenær fjárfestir, sem fer með minnihluta atkvæðisréttar í félagi, hefur eiginlegt vald yfir félaginu. IFRS 10 inniheldur aðferðir IAS 27 (2008) um gerð samstæðureikningsskila. Ef IFRS 10 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2013, með afturvirkri beitingu og tilteknum undanþágum frá henni. Bankinn ætlar ekki að innleiða IFRS 10 fyrir gildistöku hans og er í því ferli að leggja mat á möguleg áhrif IFRS 10 á samstæðureikning bankans. Innleiðing IFRS 10 gæti leitt til þess að bankinn sameini ekki lengur sum félög í ársreikningi samstæðunnar og sameini félög í samstæðureikningnum sem áður voru ekki sameinuð.
- f) IFRS 11 Fyrirkomulag um samrekstur, sem kemur í stað IAS 31 Hlutdeild í samrekstri, og setur meginreglur um reikningsskil allra eininga sem eiga hlutdeild í fyrirkomulagi sem er undir sameiginlegum yferráðum. Samkvæmt IFRS 11 ber að flokka og færa fyrirkomulag um samrekstur annaðhvort sem samrekstur eða samrekstrarfélög. Á hinn bóginn, samkvæmt IAS 31 eru þrjár tegundir af fyrirkomulagi um samrekstur: samrekstrarfélög, eignir undir sameiginlegum yferráðum og rekstur undir sameiginlegum yferráðum. Þar að auki gerir IFRS 11 kröfur um að samrekstrarfélög séu færð samkvæmt hlutdeildaraðferðinni en samkvæmt IAS 31 geta samrekstrarfélög verið færð annaðhvort samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eða miðað við hlutfallsleg reikningsskil. Samkvæmt IFRS 11 er fyrirkomulag um samrekstur flokkað eftir réttindum og skuldbindingum aðila að fyrirkomulaginu. Samrekstur verður til þegar samrekstraraðili á rétt á eignum og skuldbindingum tengdum fyrirkomulaginu og þar af leiðandi færir hann hlutdeildina sína í eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Samrekstrarfélag verður til þegar samrekstraraðili á rétt á hreinum eignum fyrirkomulagsins og þar af leiðandi færir hann hlutdeildina sína samkvæmt hlutdeildaraðferðinni. Ef IFRS 11 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2013, með afturvirkri beitingu og tilteknum undanþágum frá henni. Bankinn ætlar ekki að innleiða IFRS 11 fyrir gildistöku hans, sem að öðru leyti er ekki vænst að hafi veruleg áhrif á samstæðureikning bankans.
- g) IFRS 12 Upplýsingar um hagsmuni í öðrum félögum, sem inniheldur allar kröfur um upplýsingagjöf vegna fjárfestinga í öðrum dótturfélögum, fyrirkomulag um samrekstur, hlutdeildarfélögum og sérsniðin félög sem eru ekki sameinuð í samstæðu. Kröfurnar um upplýsingagjöf í IFRS 12 eru almennt víðtækari en kröfur gildandi reikningsskilastaðla. Upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt IFRS 12 verða að gera notendum reikningsskila einingar kleift að leggja mat á (a) eðli hagsmuna einingar í öðrum félögum og áhættu sem fylgir þeim, og (b) áhrif hagsmuna í öðrum félögum á fjárhagsstöðu, fjárhagslega afkomu og sjóðstreymi einingarinnar. Ef IFRS 12 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2013, með afturvirkri beitingu. Bankinn ætlar ekki að innleiða IFRS 12 fyrir gildistöku hans og er í því ferli að leggja mat á möguleg áhrif IFRS 12 á samstæðureikning bankans. Þó má búast við víðtækari upplýsingagjöf í framtíðinni.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.32 (framhald)

- h) IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og samrekstrarfélögum (breytt 2011), sem kemur í stað IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum (breytt 2003), og kveður á um reikningsskil fyrir fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og setur fram reglurnar um beitingu hlutdeildaraðferðarinnar við færslu fjárfestinga í hlutdeildarfélagum og samrekstrarfélögum. Stærsti hluti breytinganna sem gerðar voru á IAS 28 árið 2011 eru til komnar vegna þess að við staðalinn hefur verið bætt reglum er varða samrekstrarfélög. Grundvallarnálguninni á reikningsskilum fyrir hlutdeildarfélag sem eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferðinni hefur ekki verið breytt. Því er í IAS 28 (2011) gerð krafa um að félag með veruleg yfirráð yfir eða sameiginleg yfirráð yfir félagi færi fjárfestinguna í hlutdeildarfélaginu eða samrekstrarfélaginu samkvæmt hlutdeildaraðferðinni, nema þegar fjárfestingin uppfyllir tilteknar undanþágur. IAS 28 (2011) skýrir að heimilt sé að meta annaðhvort alla fjárfestinguna í hlutdeildarfélagi eða hluta hennar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat (eða IFRS 9, Fjármálagerningar, ef innleiddur), að vissum skilyrðum uppfylltum. IAS 28 (2011) inniheldur nákvæmari reglur varðandi fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og samrekstrarfélögum sem uppfylla skilyrði til að flokkast sem til sölu í samræmi við IFRS 5, Fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi. Ef IAS 28 (2011) verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2013, með afturvirkri beitingu. Bankinn ætlar ekki að innleiða IAS 28 (2011) fyrir gildistöku hans, sem að öðru leyti er ekki vænst að hafi veruleg áhrif á samstæðureikning bankans.
- j) IFRS 13 Mat á gangvirði, þar sem gangvirði er skilgreint, setur einn heildstæðan ramma utan um mat á gangvirði og setur fram tengdar kröfur um upplýsingagjöf. IFRS 13 veitir ítarlegar leiðbeiningar um beitingu varðandi mat á gangvirði og kemur í stað núgildandi leiðbeininga í einstökum alþjóðlegum reikningsskilastaðlum. Kröfurnar um upplýsingagjöf í IFRS 13 eru almennt víðtækari en kröfur gildandi reikningsskilastaðla. Beita verður IFRS 13 fyrir bæði fjárhagslega og ófjárhagslega liði þegar aðrir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gera kröfur um eða heimila mat á gangvirði, nema undir tilteknum kringumstæðum. Ef IFRS 13 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2013. Bankinn mun þurfa að beita matsreglunum í IFRS 13 framvirkt, frá og með byrjun þess reikningsárs sem bankinn innleiðir IFRS 13 og getur bankinn valið hvort hann birtir þær upplýsingar sem IFRS 13 gerir kröfu um einnig fyrir samanburðartímabil sem eru á undan innleiðingartímabilinu. Bankinn ætlar ekki að innleiða IFRS 13 fyrir gildistöku hans og er í því ferli að leggja mat á möguleg áhrif IFRS 13 á samstæðureikning bankans. Þó má búast við víðtækari upplýsingagjöf í framtíðinni.
- j) Breytingar á IAS 32 og IFRS 7 – Jöfnun fjáreigna og fjárskulda. Breytingarnar á IAS 32 skýra að félag hefur sem stendur framfylgjanlegan rétt til jöfnunar samkvæmt lögum, ef sá réttur er (a) ekki háður framtíðaratburði, og (b) framfylgjanlegur bæði í daglegum rekstri og í tilvikum vanskila, greiðsluþrots eða gjaldþrots einingar og allra mótaðila. Breytingarnar á IFRS 7 fela í sér nýjar kröfur um upplýsingagjöf sem myndi gera notendum reikningsskila kleift að leggja mat á áhrif, eða möguleg áhrif, fyrirkomulags um jöfnun á fjárhagsstöðu einingar, þ.m.t. áhrif réttar til jöfnunar sem tengist bókfærðum fjáreignum og fjárskuldum einingar. Ef breytingarnar á IAS 32 verða samþykktar af Evrópusambandinu munu þær gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2014. Ef breytingarnar á IFRS 7 verða samþykktar af Evrópusambandinu munu þær gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi og árs Slutareikningum hans fyrir árið 2013. Afturvirkar beitingar er krafist fyrir báðar breytingar á IAS 32 og IFRS 7. Bankinn ætlar ekki að innleiða þessar breytingar fyrir gildistöku þeirra og er í því ferli að meta möguleg áhrif þeirra á samstæðureikning bankans. Þó má búast við víðtækari upplýsingagjöf í framtíðinni.
- k) IFRS 9 Fjármálagerningar, kemur í stað þeirra hluta IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat, sem snúa að flokkun og mati á fjáreignum og fjárskuldum. Eftirfarandi eru meginatriði IFRS 9:
- Þess er krafist að fjáreignum sé skipt í tvo matsflokka: fjáreignir sem verða metnar á gangvirði eftir upphaflega færslu og fjáreignir sem verða metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eftir upphaflega færslu. Ákvörðunin verður að vera tekin við upphaflega færslu. Flokkunin ræðst af viðskiptalíkani einingar fyrir stjórnun fjármálagerninga hennar og eiginleikum samningsbundins sjóðstreymis gerningsins.
  - Gerningur er metinn á afskrifuðu kostnaðarverði eftir upphaflega færslu eingöngu ef hann er skuldagerningur og ef bæði markmið viðskiptalíkans einingar er að halda í eignina til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og ef samningsbundið sjóðstreymi eignarinnar felur í sér eingöngu afborganir höfuðstóls og vexti. Allir aðrir skuldagerningar munu verða metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.
  - Allir eiginfjárgerningar munu verða metnir á gangvirði eftir upphaflega færslu. Eiginfjárgerningar sem haldið er til veltuviðskipta verða metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fyrir alla aðra eiginfjárgerninga verður hægt að taka óafturkallanlega ákvörðun við upphaflega færslu um það hvort innleystur og óinnleystur hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum verða færð í gegnum aðra heildarafkomu frekar en í gegnum rekstrarreikning. Hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum verður ekki millifært síðar í rekstrarreikningi. Hægt verður að taka þessa ákvörðun fyrir hvern og einn gerning fyrir sig. Arður verður færður í rekstrarreikning svo lengi sem hann felur í sér arðsemi á fjárfestingu.
  - Afleiður sem eru innbyggðar í samningum þar sem grunnsamningurinn er fjáreign sem fellur undir gildissvið staðalsins munu ekki verða aðskildar. Þess í stað mun þurfa að ákvarða hvort meta eigi blandaða fjármálagerninginn í heild sinni á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði.

## Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

### 3.32 (framhald)

- IFRS 9 (2010) gerir almennt kröfu um að gangvirðisbreytingar vegna breytinga á lánsfjárahættu skulda, sem eining tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, séu færðar í aðra heildarafkomu, og að aðeins eftirstandandi fjárhæð heildarhagnaðar eða taps sé færð í rekstrarreikning. Ekki má millifæra fjárhæðir, sem hafa verið færðar í aðra heildarafkomu, yfir í rekstrarreikning síðar, en heimilt er að millifæra þær innan eiginfjár. Ef færsla hagnaðar eða taps í aðra heildarafkomu leiðir hins vegar til, eða eykur, reikningshaldslegt misræmi í rekstrarreikningi þá ber að færa alla gangvirðisbreytinguna í rekstrarreikning. Þar að auki verður allur hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum áfram fært í rekstrarreikning vegna lánsloforða og fjárhagslegra ábyrgðarsamninga sem eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Sem stendur hefur Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefið út tvær útgáfur af IFRS 9. Fyrsta útgáfan var gefin út árið 2009 og önnur útgáfan árið 2010. Útgáfan frá 2010 inniheldur allar reglur úr 2009 útgáfunni, óbreyttar, auk þess sem bætt var við reglum um flokkun og mat á fjárskuldum og afskráningu fjáreigna og fjárskulda. 2010 útgáfan kemur í stað 2009 útgáfunnar. Engu að síður, fyrir reikningsár sem hefjast fyrir 1. janúar 2015, er félögum heimilt að velja hvort þau vilji beita 2009 útgáfunni frekar en 2010 útgáfunni.

Ef IFRS 9 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2015. Við innleiðinguna á IFRS 9 getur bankinn valið um hvort hann vilji endurgera fyrri tímabil eða ekki. Þá mun bankinn þurfa að birta tilteknar upplýsingar um yfirfærsluna frá IAS 39 til IFRS 9. Bankinn ætlar ekki að innleiða IFRS 9 fyrir gildistöku hans og er í því ferli að meta möguleg áhrif hans. Miðað við eðli starfsemi bankans er gert ráð fyrir að staðallinn hafi viðtæk áhrif á samstæðureikning bankans.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Sameining félaga

#### 4. Kaup á rekstrareiningum

##### 4.1 Kaup á Byr hf.

###### a) Bakgrunnur

Þann 8. júlí gerði Íslandsbanki bindandi tilboð í áskrift nýrra hlutabréfa í viðskiptabankanum Byr hf. („Byr“). Áskriftarferlið hófst í kjölfar viljayfirlýsingar frá júní 2011. Þann 12. júlí 2011 undirritaði Íslandsbanki kaupsamning um kaup á öllu útistandandi hlutafé Byrs við Byr sparisjóð sem átti 88,2% og Fjármálaráðuneytið sem átti 11,8%.

Þann 27. nóvember 2011 eignaðist bankinn 100% hlutafjár í Byr í kjölfar samþykkis Alþingis, Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA.

Starfsemi Byr sameinaðist starfsemi bankans þann 1. desember 2011 og mun hið sameinaða félag starfa undir merkjum Íslandsbanka. Starfsemi Byrs var fyrst og fremst á sviði viðskiptabankaþjónustu og rak bankinn sex útibú á Akureyri, í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu. Fjögur af útibúum Byrs voru sameinuð útibúum Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi 2012.

###### b) Greining á hinni keyptu rekstrareiningu

Við sameininguna við Byr yfirtók Bankinn fjárfestingar þess í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum sem hér segir:

Dótturfélög sameinuð að fullu:	Starfsemi	Eignarhluti
D-1 ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Hringur eignarhaldsfélag ehf. ....	Eignarhaldsfélag	100%
Allianz Ísland hf. ....	Tryggingafélag	100%
Landkostaland ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Njarðarnes ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Rekstrarfélag Byrs hf. ....	Rekstrarfélag sjóða	100%
Sparibréf ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Sparvernd ehf. ....	Fjárfestingarfélag	100%
SPK fjárfesting ehf. ....	Fjárfestingarfélag	100%
SPN fjárfesting ehf. ....	Fjárfestingarfélag	100%
SPV fjárfesting hf. ....	Fjárfestingarfélag	100%
StjórnarZ ehf. ....	Engin starfsemi	100%
Dótturfélög í sölumeðferð:		
Básbryggja ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Bréfabær ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Fjárvari ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Costa Properties ehf. ....	Fasteignafélag	100%
Lava Capital ehf. ....	Eignarhaldsfélag	100%
Lava Capital Ltd. ....	Eignarhaldsfélag	100%

Dótturfélög eru tekin með í samstæðu jafnvel þótt þau séu eingöngu yfirtekin með það fyrir augum að verða seld og eru skilgreind í sölumeðferð samkvæmt IFRS 5.

Að auki eignaðist bankinn fimm óvirk fyrirtæki með sameiningunni.

4.1 (framhald)

Hlutdeildarfélög yfirtekin við sameiningu:	Starfsemi	Eignarhluti
Teris .....	Upplýsingatækniþjónusta	42,85%
Íslensk verðbréf hf. ....	Umsjón verðbréfasjóða	27,51%
FSP Holding ehf. ....	Eignarhaldsfélag	26,80%
Grófargil ehf. ....	Bókhaldsþjónusta	25,00%
Eignarhaldsfélagið ehf. ....	Eignarhaldsfélag	24,99%
Borgun hf. ....	Greiðslukortafyrirtæki	22,00%
Reiknistofa bankanna hf. ....	Greiðsluþjónustufyrirtæki	7,21%

Borgun hf. („Borgun“) var hlutdeildarfélag bankans fyrir sameininguna við Byr. Samanlögð hlutafjäreign í Borgun eftir sameininguna er 61,3%. Bankinn hefur því náð yfirráðum í félaginu í krafti samanlagðs atkvæðisréttar og hefur í kjölfarið endurflokkað Borgun sem dótturfélag.

c) Greining á keyptum eignum og skuldum

Bankinn hefur framkvæmt gangvirðismat á yfirteknum eignum og skuldum sem tekur mið af ástandi og óvissu.

Gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda sem yfirteknar voru er eftirfarandi:

Hreinar aðgreinanlegar eignir og skuldir Byrs	Gangvirði á yfirtökudegi
Handbært fé og innstæður í Seðlabanka Íslands .....	4.090
Skuldabréf og skuldagerningar .....	7.614
Hlutabréf og eiginfjárgæringar .....	1.773
Útlán til lánastofnana .....	853
Útlán til viðskiptavina .....	82.703
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....	1.121
Fjárfestingar í dótturfélögum .....	1.983
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	1.086
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	3.050
Aðrar eignir .....	8.775
<b>Eignir</b>	<b>113.048</b>
Innlán Seðlabanka Íslands .....	55
Innlán lánastofnana .....	5.701
Innlán viðskiptavina .....	117.705
Lántaka .....	82
Skattskuldir .....	122
Ábyrgðir .....	68
Aðrar skuldir .....	587
<b>Skuldir</b>	<b>124.320</b>
<b>Gangvirði aðgreinanlegra keyptra eigna og yfirtekinna skulda</b>	<b>( 11.273)</b>
Kaupvirði í formi útgefnis skuldabréfs .....	( 6.600)
<b>Viðskiptavild</b>	<b>( 17.873)</b>

#### 4.1 (framhald)

Viðskiptavild sem myndaðist vegna kaupanna má rekja til þeirra samlegðaráhrifa sem gert var ráð fyrir að náð yrði með samþættingu starfsemi Byrs við núverandi starfsemi bankans. Viðskiptavildin var virðisrýrð í heild sinni í árslok og er frádráttarbær frá skatti yfir 5 ára tímabil (sjá skýringu 41).

Heildargangvirði útlána og krafna er 83.556 milljónir króna en samningsbundnar fjárhæðir nema í heild 148.755 milljónum króna, þar af eru 65.199 milljónir króna sem ekki er gert ráð fyrir að hægt verði að innheimta.

#### d) Greining á kostnaði vegna sameiningarinnar

Heildar endurgjald bankans fyrir Byr var 6.600 milljónir króna í formi skuldabréfa útgefnum til Byrs Sparisjóðs og Fjármálaráðuneytisins. Fjárhæðin getur lækkað vegna lána eða annarra gildra krafna í eigu Byrs sem greiddar eru með skuldajöfnun á móti kröfum í Byr sparisjóð. Ennfremur getur fjárhæðin lækkað ef ein eða fleiri fullyrðingar eða ábyrgðir Byrs sparisjóðs eða Fjármálaráðuneytisins reynast rangar, ófullnægjandi eða villandi, eða upplýsingar úr gagnaherbergi Byrs reynast vera rangar, ófullnægjandi eða villandi.

Kostnaður bankans í tengslum við kaupin nam 743 milljónum króna vegna lögfræðiþóknana, endurskoðunarkostnaðar, kostnaðar við upplýsingaþjónustu og fleira. Þessi kostnaður hefur verið færður undir rekstrarkostnað í yfirliti yfir heildarafkomu.

#### e) Fjárhagsleg áhrif sameiningarinnar færð á núverandi reikningstímabil

Starfsemi Byrs sameinaðist starfsemi bankans og því er framlag Byrs til heildarrekkstrartekna og heildarhagnaðar sem fært er á núverandi tímabil ekki greinanlegt.

Frá sameiningunni 1. desember 2011 hefur hlutdeild dótturfélaga, sem urðu hluti af samstæðu bankans við sameininguna við Byr, í rekstrartekjum bankans numið 119 milljónum króna og hlutdeild í hagnaði hefur numið 59 milljónum króna. Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi skiluðu hreinum hagnaði sem nam 184 milljónum króna.

#### 4.2 Kaup á dótturfélögum sem eingöngu eru ætluð til sölu

Þann 12. janúar 2011 fékk bankinn yfirráð yfir Jarðborunum ehf., fyrirtæki sem sérhæfir sig í að bora eftir jarðvarma, með nýtingu kaupréttar til að eignast 100% hlut í félaginu. Kauprétturinn var hluti af endurskipulagningu fyrri eiganda. Félagið telst aflögð starfsemi samkvæmt IFRS 5 og hefur verið flokkað undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi. Bankinn samþykkti sölu á 82% eignahlut sínum í Jarðborunum í janúar 2012 sem gengið verður endanlega frá á fyrsta ársfjórðungi 2012.

Þann 4. febrúar 2011 eignaðist bankinn 62,9% eignarhlut í Bifreiðum og landbúnaðarvélum ehf., sem er bifreiða og landbúnaðarvélaumboð, og 62,9% eignarhlut í Ingvari Helgasyni ehf., sem er bifreiðaumboð, í gegnum eignarhaldsfélag sitt BLIH ehf., en það er í 100% eigu bankans. Yfirtakan átti sér stað í kjölfar fullnustu veðs. Bæði félögin teljast vera aflögð starfsemi samkvæmt IFRS 5 og hafa því verið flokkuð undir fastafjármuni og aflagða starfsemi í sölumæðferð. BLIH ehf. var selt 17. nóvember 2011.

Eftir fjárhagslega endurskipulagningu Icelandair Group hf. þann 28. febrúar 2011, en þar var bankinn í leiðandi stöðu, eignaðist eignastýringarfyrirtæki bankans, Miðengi, 71,1% eignarhlut í Bláfugli ehf., sem er flugþjónustufyrirtæki, og 71,1% eignarhlut í IG Invest ehf. sem er flugvélamíðlun og flugvélaeiga í gegnum eignarhaldsfélag sitt SPW ehf. sem er í 100% eigu bankans. Bæði félögin teljast til aflagðrar starfsemi samkvæmt IFRS 5 og hafa því verið flokkuð undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi.

Þann 22. desember 2011 fékk bankinn yfirráð yfir Höfðatorgi ehf., eiganda skrifstofubyggingar í Reykjavík, í kjölfar fullnustu veða. Félagið fellur undir skilgreininguna sem aflögð starfsemi samkvæmt IFRS 5 og hefur því verið flokkuð undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi.

#### 4.3 Kaup á eignarhlutum án yfirráða

Á reikningstímabilinu eignaðist bankinn 45% viðbótar eignarhlut í Kreditkortum hf. en fyrir átti bankinn 55% eignarhlut. Endurgjaldið var í formi 15,71% eignarhlutar í Borgun og gjaldfærði bankinn lækkan á eignarhlutum án yfirráða sem nemur 230 milljónum króna.

#### 4.4 Breytingar á eignarhaldi dótturfélaga

Á reikningstímabilinu seldi bankinn 15,71% af eignarhlut sínum í Borgun sem endurgjald fyrir 45% eignarhlut í Kreditkortum hf. Í kjölfar viðskiptanna fór bankinn ekki lengur með yfirráð yfir dótturfélagi sínu Borgun þar sem eignarhlutur bankans fór niður í 39,29% og því var fyrirtækið endurflokkað sem hlutdeildarfélag bankans.

#### 4.4 (framhald)

Bankinn færði tap að fjárhæð 58 milljónir króna vegna sölunnar og í yfirliti yfir heildarafkomu er það fært undir hrein fjármunagjöld. Samanburðarupplýsingar í yfirliti yfir heildarafkomu og efnahagsreikningi hafa ekki verið uppfærðar í samræmi við breytinguna.

Þann 27. nóvember 2011 eignaðist bankinn 22% eignarhlut í hlutdeildarfélagi sínu Borgun við sameininguna við Byr og varð heildar eignarhlutur bankans í Borgun því 61,3%. Bankinn náði því aftur yfirráðum yfir Borgun í krafti meirihlutaeignar sinnar í fyrirtækinu og endurflokkaði því Borgun sem dótturfélag. Borgun er hluti af bankanum við árslok 2011 og hlutdeild þess í heildarrekstrartekjum bankans eru 561 milljónir króna og hlutdeild í hagnaði bankans á tímabilinu er 15 milljónir króna.

#### 4.5 Sala dótturfélaga

Þann 28. mars 2011 seldi bankinn 100% eignarhlut sinn í Steypustöðinni hf. Fyrirtækið var flokkað undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi. Söluhagnaður er færður undir hagnað af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti.

Þann 30. júní 2011 seldi bankinn 90% eignarhlut sinn í Eik Fasteignafélagi ehf. Fyrirtækið var flokkað undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi. Söluhagnaður er færður undir hagnað af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti.

Þann 17. nóvember 2011 seldi bankinn 100% eignarhlut sinn í BLIH ehf. Fyrirtækið var flokkað undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi. Söluhagnaður er færður undir hagnað af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti.

Þann 22. desember 2011 seldi bankinn 100% eignarhlut sinn í Hlíðarsmára 3 ehf. Fyrirtækið var flokkað undir fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi. Söluþap er fært undir hagnað af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Starfsþættir

5. Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti bankans sem býður upp á þjónustu eða vörur sem fela í sér áhættu og umbun sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Viðskipti á milli starfsþátta eru samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum og skilyrðum. Enginn einn viðskiptavinur skapar 10% eða meira af samanlögðum tekjum bankans.

Reikningsskilaaðferðir aðgreindra starfsþátta eru í samræmi við reikningsskilaaðferðir bankans. Tilgreindur hagnaður starfsþáttarins er sá hagnaður sem kynntur er stjórnendum bankans og bankastjórn í þeim tilgangi að ráðstafa auðlindum og árangursmeta starfsþætti.

Bankanum er skipt niður í sex megin starfsþætti, byggt á vöruframbóði og þjónustu:

- a) Viðskiptabankasvið rekur útibú og eignafjármögnun. Útibúin þjónusta einstaklinga, lítil og meðalstór fyrirtæki frá 26 útibúum víða um landið.
- b) Fyrirtækjasvið veitir miðlungsstórum og stærri fyrirtækjum fjármálaþjónustu. Að auki stýrir sviðið endurskipulagningu lánasafns stærri fyrirtækja sem eiga í greiðsluferðileikum.
- c) Markaðir sjá um miðlun verðbréfa, erlends gjaldeyris og afleiða ásamt umsjón peningamarkaðsútlána og millibankaþjónustu. Sviðið býður þar að auki fjölbreytta þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar innanlands. Einnig veita þeir þjónustu í sjávarútvegsgeiranum á alþjóðavettvangi.
- d) Eignastýring býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu á sviði eignastýringar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Eignastýring samanstendur af VÍB sem starfar á sviði eignastýringar og Íslandssjóðum sem er rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingasjóða. Virðisbreytingar hjá Eignastýringu eru vegna útleiðingar lítillar lánabókar.
- e) Miðengi er eignaumsýslufyrirtæki sem heldur utan um fyrirtæki sem bankinn hefur fullnustað í kjölfar greiðslufalla, endurskipulagningar skulda og gjaldþrota viðskiptavina. Markmiðið er að selja fyrirtækin við fyrsta tækifæri.
- f) Fjárstýring heldur utan um óúthlutað eigið fé og sér um lausafjárstýringu, fjármögnun bankans og eignarhluti bankans í félögum.

Stoðeiningar bankans eru: Skrifstofa bankastjóra, Mannauðsstjórnun, Áhættustýring og lánaeftirlit, Lögfræðisvið, Fjármálasvið og Rekstrar- og upplýsingatæknisvið.

Fjármagni er úthlutað til starfsþátta á grundvelli lágmarks eiginfjárlutfalls eiginfjárþáttar A eins og það er ákvarðað af Fjármálaeftirlitinu eða 12% af meðaltali áhættuveginna eigna. Starfsþættirnir fá áhættulausa vaxtaávöxtun af þeirri fjárhæð. Eftirstöðvar eiginfjár eru færðar undir Fjárstýringu.

### Árið 2011

#### Rekstur

	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Eigna- stýring	Miðengi	Fjárstýring	Stoðeiningar og jöfnunarfærslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur .....	17.923	7.985	137	965	( 818)	5.936	( 903)	31.225
Hrein virðisbreyting .....	( 6.921)	7.447	-	( 1.863)	403	-	( 286)	( 1.220)
Hreinar þóknatekjur .....	3.071	186	1.179	1.404	( 31)	( 105)	262	5.966
Aðrar rekstrartekjur (gjöld) .....	47	2.550	( 96)	172	( 4)	591	1.221	4.480
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	14.119	18.168	1.220	678	( 450)	6.423	293	40.451
Rekstrarkostnaður .....	( 6.221)	( 835)	( 757)	( 836)	( 177)	( 169)	( 10.875)	( 19.870)
Iðgjald í Tryggingarsjóð .....	( 855)	( 0)	( 0)	( 63)	-	( 46)	( 1)	( 965)
Virðisrýrnun viðskiptavildar .....	-	-	-	-	-	-	( 17.873)	( 17.873)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	-	-	-	-	-	39	-	39
Hagnaður (tap) fyrir skatta	7.043	17.333	463	( 222)	( 628)	6.247	( 28.455)	1.782
Rekstrartekjur starfsþáttar frá ytri viðskiptavinum .....	18.203	25.423	1.156	91	( 450)	( 4.608)	636	40.451
Rekstrartekjur starfsþáttar frá öðrum starfsþáttum .....	( 4.084)	( 7.254)	64	587	-	11.030	( 343)	0



## Skýringar með ársreikningi samstæðu

5 (framhald)

31. desember 2011	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Eigna- stýring	Miðengi	Fjárstýring	Stoðeiningar og jöfnunar færslu	Samtals
Eignir starfsþáttar	380.905	183.908	1.099	7.175	26.820	193.311	2.697	795.915
Skuldir starfsþáttar	396.606	207	1.608	28.401	21.401	243.623	( 19.634)	672.212

### Árið 2010

#### Rekstur

	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Eigna- stýring	Miðengi	Fjárstýring	Stoðeiningar og jöfnunar færslu	Samtals
Hreinar vaxtatekjur .....	19.183	10.300	370	1.513	( 380)	4.440	( 553)	34.874
Hrein virðisbreyting .....	2.028	12.715	10	( 229)	( 408)	45	( 168)	13.993
Hreinar þóknunatekjur .....	3.970	302	1.625	1.404	( 55)	( 19)	153	7.380
Önnur (rekstrargjöld) tekjur .....	( 188)	506	87	1	238	( 1.015)	( 317)	( 687)
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	24.994	23.823	2.093	2.689	( 604)	3.450	( 885)	55.560
Rekstrarkostnaður .....	( 5.882)	( 796)	( 496)	( 811)	( 219)	( 304)	( 9.358)	( 17.866)
Iðgjald í Tryggingarsjóð .....	( 430)	( 1)	( 0)	( 29)	-	( 147)	0	( 607)
Virðisrýrnun viðskiptavildar .....	-	-	-	-	-	-	-	-
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	-	-	-	-	-	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir skatta	18.682	23.026	1.597	1.849	( 824)	3.000	( 10.243)	37.087

Rekstrartekjur starfsþáttar frá ytri viðskiptavinum .....	25.825	23.493	9.879	2.677	(604)	(5.149)	(561)	55.560
Rekstrartekjur starfsþáttar frá öðrum starfsþáttum .....	(831)	330	(7.786)	12	0	8.599	(324)	(0)

### 31. desember 2010

Eignir starfsþáttar	297.747	175.907	255	10.231	9.161	181.862	8.059	683.222
Skuldir starfsþáttar	292.385	929	468	19.195	6.236	240.154	2.392	561.759

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Yfirlit ársfjórðunga

#### 6. Starfsemi eftir ársfjórðungum:

2011	Fjórði árs- fjórðungur	Þriðji árs- fjórðungur*	Annar árs- fjórðungur*	Fyrsti árs- fjórðungur*	Samtals
Hreinar vaxtatekjur .....	7.074	7.848	8.242	8.061	31.225
Virðisbreyting útlána og krafna .....	( 465)	( 576)	409	( 664)	( 1.296)
Almenn virðisrýrnun .....	64	167	16	( 171)	76
Hreinar bóknanatekjur .....	1.600	1.353	1.298	1.715	5.966
Hreinar fjármunatekjur (gjöld) .....	2.986	131	( 330)	( 138)	2.649
Hreinn gengissagnaður .....	529	72	134	202	937
Önnur (rekstrargjöld) tekjur .....	( 74)	312	297	359	894
Rekstrarkostnaður .....	( 6.118)	( 4.378)	( 4.671)	( 4.703)	( 19.870)
Virðisrýrnun viðskiptavildar .....	( 17.873)	-	-	-	( 17.873)
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta .....	( 281)	( 252)	35	( 467)	( 965)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	39	-	-	-	39
(Tap) hagnaður fyrir skatta .....	( 12.519)	4.677	5.430	4.194	1.782
Tekjuskattur .....	3.022	( 1.030)	( 1.202)	( 865)	( 75)
Bankaskattur .....	( 173)	( 165)	( 289)	( 55)	( 682)
(Tap) hagnaður af áframhaldandi starfsemi .....	( 9.670)	3.482	3.939	3.274	1.025
Hagnaður (tap) tímabilsins af aflagðri starfsemi .....	190	( 198)	537	312	841
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b> .....	<b>( 9.480)</b>	<b>3.284</b>	<b>4.476</b>	<b>3.586</b>	<b>1.866</b>

\*Afkoma fyrstu sex mánuði ársins var könnuð af endurskoðendum bankans með áherslu á útlánasafnið, en milliuppgjör voru ekki endurskoðuð. Löggjöf um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta var breytt í júní 2011 sem leiddi til þess að breyting var gerð á áætluðum iðgjöldum til sjóðsins.

2010	Fjórði árs- fjórðungur	Þriðji árs- fjórðungur*	Annar árs- fjórðungur*	Fyrsti árs- fjórðungur*	Samtals
Hreinar vaxtatekjur .....	9.128	8.308	8.289	9.149	34.874
Virðisbreyting útlána og krafna .....	12.267	2.714	702	( 1.176)	14.507
Almenn virðisrýrnun .....	( 41)	137	( 49)	( 561)	( 514)
Hreinar bóknanatekjur .....	2.146	1.902	1.708	1.624	7.380
Hrein (fjármunagjöld) tekjur .....	( 548)	72	( 49)	( 385)	( 910)
Hreinn gengissagnaður (tap) .....	1.391	( 2.406)	179	( 127)	( 963)
Aðrar rekstrartekjur .....	490	217	392	87	1.186
Rekstrarkostnaður .....	( 4.795)	( 4.339)	( 4.690)	( 4.042)	( 17.866)
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta .....	270	( 314)	( 251)	( 312)	( 607)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	-	( 50)	50	-	-
Hagnaður fyrir skatta .....	20.308	6.241	6.281	4.257	37.087
Tekjuskattur .....	( 3.323)	( 1.544)	( 1.540)	( 807)	( 7.214)
Bankaskattur .....	( 221)	-	-	-	( 221)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .....	16.764	4.697	4.741	3.450	29.652
(Tap) hagnaður tímabilsins af aflagðri starfsemi .....	( 545)	164	( 35)	133	( 283)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....	<b>16.219</b>	<b>4.861</b>	<b>4.706</b>	<b>3.583</b>	<b>29.369</b>

\*Afkoma fyrstu sex mánuði ársins var könnuð af endurskoðendum bankans en milliuppgjör voru ekki endurskoðuð.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Fjáreignir og fjárskuldir

7. Eftirfarandi töflur sýna bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í samræmi við flokkun þeirra í IAS 39 Fjármálagerningar skráning og mat:

31. desember 2011	Skýringar	Veltufjár- eignir og skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Útlán og kröfur	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- virði	Samtals
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	26	-	-	57.992	-	57.992
<i>Útlán og kröfur</i>						
Útlán til lánastofnana .....	31-32	-	-	43.655	-	43.655
Útlán til viðskiptavina .....	33-34	-	-	564.394	-	564.394
<b>Útlán og kröfur</b>		-	-	666.041	-	666.041
<i>Skuldabréf og skuldagerningar</i>						
Skráð .....		23.095	31.610	-	-	54.705
Óskráð .....		-	3.957	-	-	3.957
<b>Skuldabréf og skuldagerningar</b>	29	23.095	35.567	-	-	58.662
<i>Hlutabréf og eiginfjárgerningar</i>						
Skráð .....		1.079	5.207	-	-	6.286
Óskráð .....		-	4.821	-	-	4.821
<b>Hlutabréf og eiginfjárgerningar</b>	30	1.079	10.028	-	-	11.107
Afleiðusamningar .....	28	339	-	-	-	339
<b>Fjáreignir samtals</b>		24.513	45.595	666.041	-	736.149
<i>Fjárskuldir</i>						
Fjárskuldir .....	44	9.346	-	-	-	9.346
Afleiðusamningar .....	28	4.027	-	-	-	4.027
Innlán Seðlabanka Íslands .....	45	-	-	-	73	73
Innlán lánastofnana .....	45	-	-	-	62.772	62.772
Innlán viðskiptavina .....	46-47	-	-	-	462.943	462.943
Lántaka .....	48	-	-	-	63.221	63.221
Vikjandi lán .....	49	-	-	-	21.937	21.937
<b>Fjárskuldir samtals</b>		13.373	-	-	610.946	624.319

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

7. (framhald)

31. desember 2010

	Skýringar	Veltufjár- eignir og skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Útlán og kröfur	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Samtals
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	26	-	-	30.799	-	30.799
<i>Útlán og kröfur</i>						
Útlán til lánastofnana .....	31-32	-	-	30.870	-	30.870
Útlán til viðskiptavina .....	33-34	-	-	515.161	-	515.161
<b>Útlán og kröfur</b>		-	-	576.830	-	576.830
<i>Skuldabréf og skuldagerningar</i>						
Skráð .....		36.201	30.338	-	-	66.539
Óskráð .....		-	1.485	-	-	1.485
<b>Skuldabréf og skuldagerningar</b>	29	36.201	31.823	-	-	68.024
<i>Hlutabréf og eiginfjárgerningar</i>						
Skráð .....		411	51	-	-	462
Óskráð .....		-	2.560	-	-	2.560
<b>Hlutabréf og eiginfjárgerningar</b>	30	411	2.611	-	-	3.022
Afleiðusamningar .....	28	70	-	-	-	70
<b>Fjáreignir samtals</b>		36.682	34.434	576.830	-	647.946
<i>Fjárskuldir</i>						
Fjárskuldir .....	44	9.090	-	-	-	9.090
Afleiðusamningar .....	28	429	-	-	-	429
Innlán Seðlabanka Íslands .....	45	-	-	-	26	26
Innlán lánastofnana .....	45	-	-	-	96.212	96.212
Innlán viðskiptavina .....	46-47	-	-	-	327.158	327.158
Lántaka .....	48	-	-	-	55.425	55.425
Víkjandi lán .....	49	-	-	-	21.241	21.241
<b>Fjárskuldir samtals</b>		9.519	-	-	500.062	509.581

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Upplýsingar um gangvirði fjármálagerninga

8. Gangvirði fjármálagernings er viðskiptaverð hans milli ótengdra aðila, sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna, greitt á viðskiptalegum forsendum á matsdegi. Þegar markaðsverð liggur ekki fyrir beitir bankinn verðmatsaðferðum sem byggja á ályktunum og forsendum sem eru í samræmi við þær sem markaðspátttakendur myndu miða við, við verðlagningu fjármálagerningsins. Í sumum tilfellum beitir bankinn nálgunaraðferðum. Þessar nálgunaraðferðir eru útskýrðar nánar hér fyrir neðan.

#### Fjármálagerningar á kostnaðarverði

Útlán í efnahagsreikningi bankans sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru þrenns konar: lánasafn sem keypt var af Glitni, lánasafn sem keypt var af Byr og ný lán sem eiga uppruna sinn í bankanum.

Útlán í lánasafninu sem keypt var frá Glitni eru færð með aðferð virkra vaxta og eru því núvirt með þeirri ávöxtunarkröfu sem ákvörðuð var við kaupin. Í ljósi þeirrar óvissu sem enn ríkir í efnahagsumhverfinu og lagalegrar og pólitískrar óvissu, t.d. í tengslum við erlend lán og kvótakerfið, er bankinn þeirrar skoðunar að ekki sé tímabært að endurmeta ávöxtunarkröfu hins yfirtekna lánasafns. Þetta er varfærið mat á gangvirði keypta lánsafnsins.

Lánasafn Byrs sem var nýlega keypt var bókað á gangvirði á kaupdegi og telur bankinn að núverandi bókfært virði þess endurspegli gangvirði að fullu.

Meirihluti þeirra lána sem gefin hafa verið út nýlega bera breytilega vexti og telur bankinn að ekki hafi orðið neinar marktækar breytingar á greiðslugetu skuldaranna frá útgáfu lánanna. Þar af leiðandi endurspeglast gangvirði þeirra að fullu í bókfærðu virði.

Á grundvelli þess sem að ofan greinir er það mat bankans að gangvirði lánsafnsins sé jafnt bókfærðu virði þess.

Flestar innstæður bera breytilega vexti og gangvirði þeirra er því jafnt bókfærðu virði. Bankinn reiknar gangvirði innstæðna, sem bundnar eru til lengri tíma með fasta vexti, með tímabilsnálgun, með því að reikna mismuninn á núverandi vaxtastigi hvers skuldbindingar og því vaxtastigi sem áætlað er að svipuð vara myndi bera í dag. Bankinn metur skuldagerninga og annað lánsfé á markaðsvirði þar sem það er mögulegt en aðrar skuldir eru metnar með sama hætti og innstæður.

Gangvirði handbærs fjár og innstæðna hjá Seðlabanka Íslands er talið vera jafnt bókfærðu virði þar sem innstæðurnar eru í eðli sínu til skamms tíma. Skuldbindingar í víkjandi lánnum bera breytilega vexti og bankinn telur að ekki hafi orðið neinar breytingar á fjármögnunarálagi frá því að lánin voru gefin út. Þar af leiðandi er gangvirði þeirra jafnt bókfærðu virði.

Eftirfarandi tafla sýnir gangvirði eigna og skulda bankans sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði:

	Bókfært virði 2011	Gangvirði 2011	Bókfært virði 2010	Gangvirði 2010
<b>Fjáreignir:</b>				
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	57.992	57.992	30.799	30.799
Útlán til lánastofnana .....	43.655	43.655	30.870	30.870
Útlán til viðskiptavina .....	564.394	564.394	515.161	515.161
<b>Fjáreignir samtals</b>	<b>666.041</b>	<b>666.041</b>	<b>576.830</b>	<b>576.830</b>
<b>Fjárskuldir:</b>				
Innlán Seðlabanka Íslands .....	73	73	26	26
Innlán lánastofnana .....	62.772	62.778	96.212	96.366
Innlán viðskiptavina .....	462.943	463.197	327.158	327.341
Lántaka .....	63.221	64.725	55.425	57.619
Víkjandi lán .....	21.937	21.937	21.241	21.241
<b>Fjárskuldir samtals</b>	<b>610.946</b>	<b>612.710</b>	<b>500.062</b>	<b>502.593</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 9. Þrepaskipting gangvirðis

Taflan að neðan flokkar fjármálagerninga, sem eru færðir á gangvirði, samkvæmt verðmatsaðferð. Mismunandi þrep hafa verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. þrep: Skráð verð (óleiðrétt) á virkum markaði sambærilegra eigna og skulda.
2. þrep: Matsverð sem byggir á greinanlegu skráðu verði sambærilegra eigna og skulda í 1. þrepi, annaðhvort beint eða óbeint (t.d. afleitt af verði).
3. þrep: Matsverð eigna og skulda sem byggir ekki á greinanlegum markaðsupplýsingum.

Taflan hér að neðan sýnir þrepaskiptingu gangvirðis fjáreigna og fjárskulda, sem eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi, 31. desember 2011:

Fjáreignir:	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerningar .....	55.359	887	2.416	58.662
Hlutabréf og eiginfjárgerningar .....	1.421	-	9.686	11.107
Afleiðusamningar .....	153	-	186	339
<b>Fjáreignir samtals</b>	<b>56.933</b>	<b>887</b>	<b>12.288</b>	<b>70.108</b>
<b>Fjárskuldir:</b>				
Fjárskuldir .....	9.346	-	-	9.346
Afleiðusamningar .....	337	-	3.690	4.027
<b>Fjárskuldir samtals</b>	<b>9.683</b>	<b>-</b>	<b>3.690</b>	<b>13.373</b>

Eitt ríkisskuldabréf (RIKH 18 1009) hefur verið flutt úr 2. þrepi yfir í 1. þrep frá 31. desember 2010 þar sem það var ranglega flokkað á síðasta ári. Engin önnur skuldabréf hafa verið flutt á milli liða.

Taflan hér fyrir neðan sýnir þrepaskiptingu gangvirðis fjáreigna og fjárskulda, sem eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi, 31. desember 2010:

Fjáreignir:	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerningar .....	35.627	30.591	1.806	68.024
Hlutabréf og eiginfjárgerningar .....	362	50	2.610	3.022
Afleiðusamningar .....	12	-	58	70
<b>Fjáreignir samtals</b>	<b>36.001</b>	<b>30.641</b>	<b>4.474</b>	<b>71.116</b>
<b>Fjárskuldir</b>				
Fjárskuldir .....	9.090	-	-	9.090
Afleiðusamningar .....	44	313	72	429
<b>Fjárskuldir samtals</b>	<b>9.134</b>	<b>313</b>	<b>72</b>	<b>9.519</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Hreinar vaxtatekjur

10. Hreinar vaxtatekjur sundurliðast þannig:

	2011	2010
<b>Vaxtatekjur:</b>		
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	1.449	1.189
Útlán og kröfur .....	49.217	57.517
Fjáreignir .....	541	860
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning .....	1.336	2.116
Aðrar eignir .....	128	94
<b>Vaxtatekjur samtals</b>	<b>52.671</b>	<b>61.776</b>
<b>Vaxtagjöld:</b>		
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands .....	( 1.789)	( 5.084)
Innlán viðskiptavina .....	( 12.149)	( 16.396)
Lántaka .....	( 5.668)	( 3.564)
Víkjandi lán .....	( 1.207)	( 1.060)
Fjárskuldir .....	( 392)	( 425)
Önnur vaxtagjöld .....	( 241)	( 373)
<b>Vaxtagjöld samtals</b>	<b>( 21.446)</b>	<b>( 26.902)</b>
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>31.225</b>	<b>34.874</b>
Vaxtamunur (hlutfall hreinna vaxtatekna af meðaleignum) .....	4,5%	5,0%

### Hrein virðisbreyting

11. Hrein virðisbreyting sundurliðast þannig:

	2011	2010
<b>Gjaldfærð virðisrýrnun:</b>		
Sértæk virðisrýrnun .....	( 16.545)	( 27.798)
(Gjaldfærð) bakfærð virðisrýrnun vegna gengismunar .....	( 5.081)	8.297
Hrein sértæk virðisrýrnun .....	( 21.626)	( 19.501)
Almenn virðisrýrnun .....	76	( 514)
Gjaldfærð virðisrýrnun (sjá skýringu 35) .....	( 21.550)	( 20.015)
<b>Hrein virðisbreyting útlána og krafna:</b>		
Tekjur vegna endurmetins greiðsluflæðis útlána .....	15.249	42.305
Sértæk virðisrýrnun .....	( 21.626)	( 19.501)
Hagnaður (tap) gengismunar (sjá skýringu 16) .....	5.081	( 8.297)
<b>Hrein virðisbreyting útlána og krafna</b>	<b>( 1.296)</b>	<b>14.507</b>

Gengishagnaður vegna viðskiptavina með erlend lán og sjóðstreymi í íslenskum krónum er virðisrýrður og honum jafnað á móti heildargengishagnaði (tapi) samkvæmt skýringu 16. Gengistap er fært eftir að hagnaður sem áður hefur verið virðisrýrður hefur verið bakfærður. Frekari umfjöllun um virðisrýrnun gengishagnaðar er að finna í skýringu 2.5 (d).

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Hreinar þóknanatekjur

12. Hreinar þóknanatekjur sundurliðast þannig:

	2011	2010
<b>Þóknanatekjur:</b>		
Eignastýring .....	1.205	1.265
Verðbréfavíðskipti .....	315	426
Greiðslumiðlun .....	4.214	6.477
Útlán og ábyrgðir .....	906	873
Erlend viðskipti .....	860	1.192
Ráðgjöf .....	279	555
Aðrar þóknanatekjur .....	919	518
<b>Þóknanatekjur samtals</b>	<b>8.698</b>	<b>11.306</b>
<b>Þóknanagjöld:</b>		
Millibankagjöld .....	( 536)	( 931)
Verðbréfavíðskipti .....	( 143)	( 16)
Uppgjör viðskipta .....	( 1.968)	( 2.799)
Önnur þóknanagjöld .....	( 85)	( 180)
<b>Þóknanagjöld samtals</b>	<b>( 2.732)</b>	<b>( 3.926)</b>
<b>Hreinar þóknanatekjur</b>	<b>5.966</b>	<b>7.380</b>

### Hreinar fjármunatekjur (gjöld)

13. Hreinar fjármunatekjur (gjöld) sundurliðast þannig:

	2011	2010
Hreint tap af veltufjárgerningum .....	( 429)	( 12)
Hreinn hagnaður (tap) af fjármálagerningum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur .....	3.136	( 898)
Tap við lok yfirráða yfir dótturfélagi .....	( 58)	-
<b>Hreinar fjármunatekjur (gjöld)</b>	<b>2.649</b>	<b>( 910)</b>

### Hreint tap af veltufjárgerningum

14. Hreint tap af veltufjárgerningum sundurliðast þannig:

	2011	2010
Hlutabréf og tengdar afleiður .....	52	91
Skuldabréf og tengdar afleiður .....	( 533)	( 95)
Aðrar afleiður .....	52	( 8)
<b>Hreint tap af veltufjárgerningum</b>	<b>( 429)</b>	<b>( 12)</b>

### Hreinn hagnaður (tap) af fjármálagerningum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur

15. Hreinn hagnaður (tap) af fjármálagerningum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur sundurliðast þannig:

	2011	2010
Hlutabréf .....	3.151	( 898)
Skuldabréf .....	( 15)	-
<b>Hreinn hagnaður (tap) af fjármálagerningum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur</b>	<b>3.136</b>	<b>( 898)</b>



## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Hreinn gengishagnaður (tap)

16. Hreinn gengishagnaður (tap) sundurliðast þannig:

	2011	2010
<b>Eignir:</b>		
Samþjöppunaráhætta er heiti á þeirri áhættu sem skapast þegar sameiginlegir áhættuþættir einkenna marga viðskiptavini bankans, svo sem atvinnugrein, efnahagslíf, landfræðileg staðsetning, tegund fjármálagerninga eða vegna innbyrðis tengsla mótaðila. Stórar áhættuskuldbindingar til einstakra aðila eða til hóps tengdra viðskiptavina þar sem greiðsluþrot eins eykur verulega líkur á greiðsluþroti annarra aðila í hópnum eru meðhöndlaðar sem samþjöppunaráhætta.

Útlánaáhætta skapast fyrst og fremst vegna útlána bankans og fyrirgreiðslu til viðskiptavina og lánastofnana en einnig vegna innstæðna hjá Seðlabanka Íslands og liða utan efnahagsreiknings eins og ábyrgða, lánsloforða og afleiðusamninga.

Íslandsbanki hefur markað sér stefnu varðandi útlánaáhættu og komið á fót ferli til þess að mæla áhættuna og stýra henni. Markmið útlánaáhættustýringar bankans er að ná jafnvægi milli áhættu og arðsemi og lágmarka neikvæð áhrif útlánaáhættu á fjárhagslega afkomu bankans.

Grunnurinn að öllum ákvörðunum í lánamálum hvílir á nákvæmri greiningu á fjárhagsstöðu mótaðila, greiningu á núverandi greiðsluflæði og mati á framtíðargreiðsluflæði ásamt almennri getu lántaka til þess að endurgreiða skuldbindingar sínar. Bankinn stýrir útlánaáhættu með því að setja mörk sem miðast við einstaka lántakendur, hópa lántakenda, lönd og atvinnugreinar. Bankinn mælir útlánaáhættu fyrir hvern mótaðila eða hóp tengdra viðskiptamanna í samræmi við innri og ytri viðmið um tengda aðila.

Bankinn beitir margvíslegum reglum og verklagi til að draga úr útlánaáhættu. Hefðbundna leiðin er að taka veð í eignum lántakanda. Helstu tegundir trygginga fyrir lánnum eru fasteignir, farartæki, tæki, skip og verðbréf. Þegar það á við er öðrum ráðum beitt til að draga úr útlánaáhættu.

Lánasafn það sem Íslandsbanki keypti af Glitni er stærsti hluti útlána bankans. Vegna þess að lánasafnið var keypt með miklum afslætti er vandasamt að beita hefðbundnum áhættumælikvörðum til að meta útlánaáhættu í lánasafninu.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 64. Hámarksútlánaáhætta

Bæði eignir sem koma fram á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags skapa útlánaáhættu fyrir bankann. Hámark útlánaáhættu vegna eigna sem fram koma á efnahagsreikningi er mælt með því að líta á bókfært virði eignanna. Hámark útlánaáhættu vegna skuldbindinga utan efnahags er mælt með því að líta til hámarksfjárhæðar sem bankinn er skuldbundinn til að lána sé eftir því óskað, eða greiða vegna ábyrgða, að frádregnum varúðarfærslum vegna þeirra. Hámarksútlánaáhætta vegna afleiðusamnings er reiknuð út með því að bæta framtíðar útlánaáhættu við markaðsvirði samningsins eins og lýst er í viðauka III tilskipunar Evrópuþingsins nr. 2006/48/EB (Basel II).

Útlánaáhætta er greind eftir atvinnugreinum. Bankinn notar innri atvinnugreinaflokkun sem er byggð á ISAT2008 atvinnugreinaflokkinum en hún er byggð á flokkunarviðmiðum European NACE Rev. 2.

Atvinnugreinaflokkun sem stuðst er við innanhúss var breytt á fyrri hluta ársins og því er samanburður við skýringar vegna útlánaáhættu í ársreikningi 2010 ekki við hæfi. Þessi breyting fól í sér endurflokkun á sumum viðskiptavinum bankans sem leiddi til tilfærslu milli atvinnugreina. Hluti útlánaáhættu vegna fjárfestingarféлага hefur til dæmis verið færður yfir í flokkana verslun og þjónusta og iðnaður til að endurspeglar betur undirliggjandi áhættuþætti.

Útlánaáhætta bankans, áður en tekið hefur verið mið af tryggingum eða öðrum þáttum sem draga úr útlánaáhættu, er sem hér segir:

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Útlánaáættta

64. Hámarksútlánaáættta:

Hámarksútlánaáættta 31.12.2011

	Ein- staklingar	Ríkis- stofnanir	Verslun og þjónusta	Byggingar- iðnaður	Orku- iðnaður	Fjármála- starfsemi	Útlán með ríkisábyrgð	Iðnaður	Fjárfestingar- félög	Opinberir aðilar og félagsamtök	Fasteigna- félög	Sjávarút- vegur	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	-	57.992	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	57.992
Útlán til lánaðfólka	-	-	-	-	-	43.655	-	-	-	-	-	-	43.655
Útlán til viðskiptavina	228.189	-	63.956	14.699	3.505	1.399	38.798	33.970	24.391	9.539	75.329	70.619	564.394
Yfirdráttán	14.506	-	6.636	3.522	28	1.185	-	3.557	488	1.287	1.073	1.200	33.482
Greiðslukort	15.769	-	1.566	129	5	17	8	194	22	117	39	29	17.895
Húsnæðislán	140.517	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	140.517
Eignaleigusamningar	11.177	-	8.906	2.744	16	7	-	3.703	193	772	1.188	551	29.257
Önnur lánsform	46.220	-	46.848	8.304	3.456	190	38.790	26.516	23.688	7.363	73.029	68.839	343.243
Skuldabréf og skuldagerningar	-	52.217	282	-	-	4.077	-	-	1.137	89	849	11	58.662
Afleðusamningar	10	58	71	54	2	1.161	-	13	41	-	1	70	1.481
Fjárhagslegar ábyrgðir	1.058	-	1.443	1.577	4	1.012	-	1.055	12	73	339	320	6.893
Óádragnar lánalínur	-	-	2.017	-	5.345	5.000	-	225	-	-	-	5	12.592
Ónýttar yfirdráttarheimildir	9.797	-	4.343	1.083	203	1.363	-	1.993	72	1.096	513	986	21.449
Ónýttar greiðslukortarheimildir	19.392	-	1.521	272	5	48	10	352	81	380	68	73	22.202
<b>Samtals</b>	<b>258.446</b>	<b>110.267</b>	<b>73.633</b>	<b>17.685</b>	<b>9.064</b>	<b>57.715</b>	<b>38.808</b>	<b>37.608</b>	<b>25.734</b>	<b>11.177</b>	<b>77.099</b>	<b>72.084</b>	<b>789.320</b>

Fjárhæðir eru í milljónum króna

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

## 64. (framhald)

Hámarksútlánaáhætta 31.12.2010

	Ein- staklingar	Ríkis- stofnanir	Verslun og þjónusta	Byggingar- iðnaður	Orku- iðnaður	Fjármála- starfsemi	Útlán með ríkisábyrgð	Iðnaður	Fjárfestingar- félög	Opinberir aðilar og félagsamtök	Fasteigna- félög	Sjávarút- vegur	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	-	30.799	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	30.799
Útlán til lánastofnana	-	-	-	-	-	30.870	-	-	-	-	-	-	30.870
Útlán til viðskiptavina	172.713	-	50.888	17.089	2.122	4.248	52.182	20.955	42.123	10.384	74.523	67.934	515.161
Yfirdráttarlán	7.943	-	3.963	2.794	254	1.046	-	3.037	676	1.347	605	973	22.638
Greiðslukort	14.307	-	710	94	0	15	6	229	16	76	33	26	15.512
Húsneðislán	105.637	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	105.637
Eignaleigusamningar	11.678	-	6.835	2.337	19	55	-	3.955	208	843	2.068	248	28.246
Önnur lánsform	33.148	-	39.380	11.864	1.849	3.132	52.176	13.734	41.223	8.118	71.817	66.687	343.128
Skuldabréf og skuldagerningar	-	64.087	-	-	324	2.129	-	-	659	-	825	-	68.024
Aflieðusamningar	16	15	1	-	-	155	-	2	6	-	-	16	211
Fjárhagslegar ábyrgðir	920	-	1.308	2.499	-	-	-	2.266	82	22	700	607	8.404
Óádragnar lánalínur	-	-	1.072	-	5.044	5.000	-	1.827	-	-	510	-	13.453
Ónýttar yfirdráttarheimildir	7.945	-	3.339	644	202	1.239	-	1.458	529	944	434	452	17.186
Ónýttar greiðslukortarheimildir	15.829	-	1.052	197	1	50	10	316	48	304	49	60	17.916
<b>Samtals</b>	197.423	94.901	57.660	20.429	7.693	43.691	52.192	26.824	43.447	11.654	77.041	69.069	702.024

Fjárhæðir eru í milljónum króna



## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 65. Tryggingar

Tryggingar og aðrar útlánavarnir eru mismunandi eftir tegundum lántaka og lánsforma. Lán til lánastofnana eru venjulega ótryggð. Helsta trygging fyrir lánveitingum til einstaklinga er veð í íbúðarhúsnæði. Þegar um fyrirtæki er að ræða tekur bankinn veð í fasteignum, fiskiskipum, reiðufé og verðbréfum sem og öðrum eignum þar á meðal viðskiptakröfum, birgðum, farartækjum og tækjum. Lán til ríkisstofnana og sveitarfélaga eru oftast en ekki ótryggð. Afleiðusamningar eru almennt gerðir samkvæmt ISDA rammasamningi með CSA-viðauka eða samsvarandi skilmálum með handveði í reiðufé eða ríkisskuldabréfum.

Bankinn notar í sumum tilfellum ábyrgðir til að draga úr útlánaáhættu, en þar sem ábyrgðir lækka ekki hámarks útlánaáhættu heldur flytja hana frá einum mótaðila til annars eru þær ekki taldar hafa fjárhagsleg áhrif hér. Kvaðir í lánasamningum eru einnig mikilvægar en lækka ekki hámarksútlánaáhættu.

Mat á tryggingum byggir á markaðsverði, opinberu mati Fasteignamats ríkisins eða áliti sérfræðinga bankans, eftir því hvað er tiltækt hverju sinni. Þegar um er að ræða fiskiskip eru aflaheimildir þess taldar með í matinu á fjárhagslegum áhrifum trygginga. Tryggingum er úthlutað samkvæmt fjárhæðum lánakrafna, ekki bókfærðu virði, og eru metnar án áhrifa yfirveðsetningar. Þetta þýðir að ef virði trygginga tiltekinna lána er hærra en fjárhæð kröfu, er mismunurinn undanskilinn til að endurspegla raunverulega áhættu bankans gagnvart útlánaáhættu.

Mat á tryggingum sem bankinn hefur til að veða á móti útlánaáhættu er sýnt að neðan:

	Fasteignir	Fiskiskip	Handbært fé og skuldabréf	Önnur veð	Samtals virðismat veða
<b>31. desember 2011</b>					
Útlán til lánastofnana	-	-	-	-	-
Útlán til viðskiptavina:	268.925	62.382	51.530	19.021	401.858
Einstaklingar .....	170.491	71	1.148	3	171.713
Verslun og þjónusta .....	15.728	-	725	10.504	26.957
Byggingariðnaður .....	7.757	-	457	1.270	9.484
Orkuíðnaður .....	2.517	-	83	149	2.749
Fjármálastarfsemi .....	44	-	47	-	91
Útlán með ríkisábyrgð .....	-	-	38.799	-	38.799
Íðnaður .....	7.362	-	294	5.703	13.359
Fjárfestingarfélög .....	2.933	-	8.901	389	12.223
Opinberir aðilar og félagasamtök .....	3.455	-	9	200	3.664
Fasteignafélög .....	54.679	154	675	-	55.508
Sjávarútvegur .....	3.959	62.157	392	803	67.311
Skuldabréf og skuldagerningar .....	-	-	-	-	-
Afleiðusamningar .....	-	-	600	-	600
<b>Samtals</b>	<b>268.925</b>	<b>62.382</b>	<b>52.130</b>	<b>19.021</b>	<b>402.458</b>

Fjárhagsleg áhrif trygginga eru nú birt í fyrsta sinn vegna breytinga á IFRS 7. Bankinn vinnur enn að skráningu nauðsynlegra upplýsinga um tryggingar vegna þessarar breytingar, sérstaklega vegna þeirra lána sem nýlega voru yfirtekin frá Byr (sjá skýringu 4). Heildarvirði trygginga bankans er því meira en taflan gefur til kynna. Samanburðarupplýsingar liggja ekki fyrir.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 66. Útlánagæði fjáreigna

Lán teljast virðisýrð ef bankinn væntir þess að endurgreiðslur þeirra verði ekki í samræmi við skilmála lánsins og ef fjárhagsleg endurskipulagning lánþega er talin líkleg til að leiða til þess að hluti af útlánu tapist. Í flestum tilvikum mun fjárhagsleg endurskipulagning ekki leiða til taps fyrir bankann vegna þess að eftirstöðvar lána eru að jafnaði hærri en bókfært virði lánsins þar sem lánasafnið var keypt með miklum afslætti.

Lán teljast einnig virðisýrð ef bankinn færir virðisýrðun til að vega á móti gengishreyfingum. Sú virðisýrðun gefur samt sem áður ekki til kynna tap bankans af kaupvirði lána.

Bókfært heildarvirði allra útlána sem gefa tilefni til virðisýrðunar er sýnt í töflunni yfir virðisýrð lán, jafnvel þótt hluti fjárhæðarinnar sé tryggður með veði.

	Hvorki í van- skilum né sérstaklega virðisýrð	Í vanskilum en ekki sérstaklega virðisýrð	Sérstaklega virðisýrð	Samtals
<b>31. desember 2011</b>				
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	57.992	-	-	57.992
Útlán til lánastofnana	43.655	-	-	43.655
Útlán til viðskiptavina:	408.462	70.963	84.969	564.394
Einstaklingar .....	177.724	40.138	10.327	228.189
Verslun og þjónusta .....	43.465	7.055	13.435	63.955
Byggingariðnaður .....	5.509	4.830	4.360	14.699
Orkuiðnaður .....	2.921	28	556	3.505
Fjármálastarfsemi.....	164	177	1.059	1.400
Útlán með ríkisábyrgð .....	38.798	-	-	38.798
Iðnaður .....	24.688	2.779	6.502	33.969
Fjárfestingarfélag.....	8.453	3.431	12.508	24.392
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	5.667	422	3.449	9.538
Fasteignafélög .....	36.343	9.235	29.751	75.329
Sjávarútvegur .....	64.730	2.868	3.022	70.620
Skuldabréf og skuldagerningar.....	58.662	-	-	58.662
Afleiðusamningar.....	1.481	-	-	1.481
<b>Samtals</b>	<b>570.252</b>	<b>70.963</b>	<b>84.969</b>	<b>726.184</b>

	Hvorki í van- skilum né sérstaklega virðisýrð	Í vanskilum en ekki sérstaklega virðisýrð	Sérstaklega virðisýrð	Samtals
<b>31. desember 2010</b>				
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	30.799	-	-	30.799
Útlán til lánastofnana	30.842	8	20	30.870
Útlán til viðskiptavina:	322.093	39.557	153.511	515.161
Einstaklingar .....	123.086	21.194	28.433	172.713
Verslun og þjónusta .....	25.075	3.442	22.369	50.886
Byggingariðnaður .....	8.326	2.680	6.082	17.088
Orkuiðnaður .....	1.003	15	1.104	2.122
Fjármálastarfsemi.....	4.229	8	11	4.248
Útlán með ríkisábyrgð .....	52.182	-	-	52.182
Iðnaður .....	7.858	1.727	11.370	20.955
Fjárfestingarfélag.....	12.423	1.409	28.292	42.124
Opinberir aðilar og félagasamtök.....	6.255	1.549	2.579	10.383
Fasteignafélög .....	25.653	6.582	42.290	74.525
Sjávarútvegur .....	56.003	951	10.981	67.935
Skuldabréf og skuldagerningar.....	68.024	-	-	68.024
Afleiðusamningar.....	211	-	-	211
<b>Samtals</b>	<b>451.969</b>	<b>39.565</b>	<b>153.531</b>	<b>645.065</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 67. Lán í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýð

Lán teljast vera í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýð ef samningsbundnar vaxta- eða höfuðstólsgreiðslur eru gjaldfallnar, en bankinn telur að ekki sé tilefni til sérstakrar virðisrýrnunar. Gert er ráð fyrir að þau lán verði endurskipulögð án taps fyrir bankann vegna afsláttar, fullnægjandi trygginga eða vegna þess að líklegt er talið að samningsbundnar greiðslur verði inntar af hendi.

Gæta verður að því að lánasafnið sem tekið var yfir frá Byr var metið á gangvirði á kaupdegi og hefur þar af leiðandi ekki verið virðisrýrt sérstaklega af bankanum eftir yfirtökuna. Hins vegar er stór hluti safnsins í vanskilum og því hefur fjárhæð lána sem eru í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýð hækkað á milli reikningstímabíla.

Fjárhæðir sem hér eru tilgreindar sýna heildareftirstöðvar lána sem eru í vanskilum án virðisrýrnunar en ekki aðeins gjaldfallnar greiðslur. Lán í vanskilum sem ekki hafa verið sérstaklega virðisrýð eru sem hér segir:

	Vanskil allt að 30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil yfir 90 daga	Vanskil útlána
<b>31. desember 2011</b>					
Útlán til lánastofnana.....	-	-	-	-	-
Útlán til viðskiptavina:					
Einstaklingar .....	12.856	4.198	2.011	21.073	40.138
Verslun og þjónusta .....	1.969	394	435	4.257	7.055
Byggingariðnaður .....	1.912	290	287	2.341	4.830
Orkuiðnaður .....	14	-	-	14	28
Fjármálastarfsemi.....	55	-	-	122	177
Útlán með ríkisábyrgð .....	-	-	-	-	-
Iðnaður .....	675	377	110	1.617	2.779
Fjárfestingarfélag.....	380	41	5	3.005	3.431
Opinberir aðilar og félagasamtök .....	289	24	11	98	422
Fasteignafélög .....	898	247	335	7.755	9.235
Sjávarútvegur .....	118	29	66	2.655	2.868
<b>Samtals</b>	<b>19.166</b>	<b>5.600</b>	<b>3.260</b>	<b>42.937</b>	<b>70.963</b>

	Vanskil allt að 30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil yfir 90 daga	Vanskil útlána
<b>31. desember 2010</b>					
Útlán til lánastofnana.....	8	-	-	-	8
Útlán til viðskiptavina					
Einstaklingar .....	5.189	2.577	685	12.743	21.194
Verslun og þjónusta .....	713	243	85	2.401	3.442
Byggingariðnaður .....	335	94	136	2.115	2.680
Orkuiðnaður .....	14	1	-	0	15
Fjármálastarfsemi.....	1	0	1	6	8
Útlán með ríkisábyrgð .....	-	-	-	-	-
Iðnaður .....	383	153	192	999	1.727
Fjárfestingarfélag.....	56	553	8	792	1.409
Opinberir aðilar og félagasamtök .....	1.355	103	72	19	1.549
Fasteignafélög .....	2.754	386	259	3.183	6.582
Sjávarútvegur .....	44	227	20	660	951
<b>Samtals</b>	<b>10.852</b>	<b>4.337</b>	<b>1.458</b>	<b>22.918</b>	<b>39.565</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 68. Stórar áhættuskuldbindingar

Þegar heildar áhættuskuldbindingar hóps tengdra viðskiptavina gagnvart bankanum fara umfram 10% af eiginfjárgrunni bankans þá er um stóra áhættuskuldbindingu að ræða. Stærð skuldbindinga í þessum skilningi er áhættuvegin skv. reglum FME 216/2007.

Eins og reglur FME kveða á um eru allir fjármálagerningar, bæði þeir sem fram koma á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags taldir með þegar fjárhæðir stórra áhættuskuldbindinga eru metnar. Bankinn notar eigin aðferð til að skilgreina tengsl milli viðskiptavina. Aðferðin endurspeglar túlkun bankans á a-lið 1. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem hópar tengdra viðskiptavina eru skilgreindir.

Taflan hér að neðan sýnir stórar áhættuskuldbindingar bankans, með og án leyfilegs frádrags, sem hlutfall af eiginfjárgrunni bankans.

Hópar tengdra viðskiptamanna	31.12.2011		31.12.2010	
	Brúttó	Nettó	Brúttó	Nettó
Áhættuskuldbinding 1 .....	56%	0%	44%	0%
Áhættuskuldbinding 2 .....	27%	0%	37%	1%
Áhættuskuldbinding 3 .....	15%	15%	15%	15%

Skuldbindingar eins hóps tengdra viðskiptamanna námu 15% af eiginfjárgrunni bankans og teljast þær vera eina stóra áhættuskuldbinding bankans. Heildarfjárhæð allra stórra áhættuskuldbindinga bankans er undir því hámarki sem lög leyfa sem er 400% af eiginfjárgrunni bankans. Engin stór áhættuskuldbinding er umfram 25% af eiginfjárgrunni sem er hámarkið sem kveðið er á um í lögnum.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Lausafjánhætta

69. Bankinn skilgreinir lausafjánhættu sem áhættuna af því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar sínar eða fyrirhugaðan vöxt, eða geta einungis gert það gegn kjörum sem eru umtalsvert hærri en gengur og gerist á markaði á hverjum tíma.

#### Stýring lausafjánhættu

Bankinn er að stærstum hluta fjármagnaður í gegnum innlán viðskiptavina. Fjárstýring bankans ber ábyrgð á fjármögnun bankans og lausafjánhættu. Dagleg umsýsla lausafjár bankans er í höndum Millibankamarkaða.

Áhættustýring mælir og hefur eftirlit með lausafjánhættu bankans og gefur um hana skýrslur til viðeigandi aðila.

Stefna bankans um stýringu lausafjánhættu gerir ráð fyrir að laust fé bankans skuli á hverjum tíma duga til að mæta skuldbindingum næstu 12 mánaða.

Töflurnar hér að neðan sýna samningsbundnar vaxta- og höfuðstólsgreiðslur vegna fjárhagslegra skuldbindinga bankans. Samtölur fyrir hverja tegund skuldbindinga eru því hærri en samsvarandi tölur á efnahagsreikningi bankans. Greiðsluflæði skuldbindinga sem ekki er fyrirfram ákveðið, t.d. vegna breytilegra vaxta, verðtryggingar eða gengistryggingar, er áætlað út frá spá um þróun undirliggjandi þátta.

Fyrir samningsbundnar skuldbindingar eru fjárhæðir brotnar niður á tímabil eftir því hvenær samningsbundnar höfuðstólsgreiðslur og áætlaðar greiðslur á vöxtum falla til. Óbundnar innstæður og aðrar skuldbindingar sem ekki hafa samningsbundinn gjalddaga eru flokkaðar miðað við að viðskiptavinur krefji bankann um greiðslu við fyrsta tækifæri.

Í tengslum við sameiningu Byrs og Íslandsbanka höfðu innstæðueigendur Byrs rétt á að taka út bundnar innstæður fyrir lok bindistímans á tímabilinu 5. desember 2011 til 3. janúar 2012 samkvæmt 106. gr. laga nr. 161/2002. Þar af leiðandi eru allar innstæður sem teknar voru yfir frá Byr flokkaðar sem óbundnar við árslok 2011.

#### Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2011

Fjárskuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldtagi	Samtals
Skortstöður .....	9.346	-	-	-	-	-	9.346
Innlán frá Seðlabanka Íslands .....	73	-	-	-	-	-	73
Innlán lánastofnana .....	49.527	12.209	1.077	-	-	-	62.813
Innlán viðskiptavina .....	351.478	53.730	28.670	25.411	12.907	-	472.196
Lántaka .....	333	2.226	7.108	43.423	27.381	2.145	82.616
Víkjandi lán .....	-	298	559	6.124	38.288	-	45.269
Aðrar fjárhagslegar skuldbindingar .....	22.379	13.188	3.156	570	392	148	39.833
<b>Fjárskuldir samtals</b>	<b>433.136</b>	<b>81.651</b>	<b>40.570</b>	<b>75.528</b>	<b>78.968</b>	<b>2.293</b>	<b>712.146</b>

Skuldbindingar utan efnahags sýna samningsbundnar skuldbindingar bankans gagnvart viðskiptavinum, annað hvort vegna loforða um lánveitingar eða vegna ábyrgða sem veittar hafa verið þriðja aðila. Fjárhæðir eru hámarksfjárhæðir og er ekki tekið tillit til þess að bankinn gæti lækkað yfirdráttarheimildir og greiðslukortarheimildir áður en þær verða fullnýttar. Þessar skuldbindingar tilheyra fyrsta gjalddagatímabilinu þar sem bankinn gæti, í hverju tilfelli fyrir sig, verið krafinn um að mæta þeim samningsbundnu skuldbindingum strax.

Liðir utan efnahags	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldtagi	Samtals
Fjárhagslegar ábyrgðir .....	6.893	-	-	-	-	-	6.893
Óáðregnar lánalínur .....	12.592	-	-	-	-	-	12.592
Ónýttar yfirdráttarheimildir .....	21.449	-	-	-	-	-	21.449
Ónýttar greiðslukortarheimildir .....	22.202	-	-	-	-	-	22.202
<b>Samtals</b>	<b>63.136</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>63.136</b>

Heildar skuldbinding aðrar en afleiður og

liðir utan efnahags .....	496.272	81.651	40.570	75.528	78.968	2.293	775.282
---------------------------	---------	--------	--------	--------	--------	-------	---------

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 69. (framhald)

Taflan hér að neðan sýnir greiðsluflæði þeirra afleiðuskuldbindinga bankans sem hafa neikvætt markaðsvirði í árslok 2011. Afleiðusamningar með jákvætt markaðsvirði í árslok 2011 eru sundurliðaðir sérstaklega. Fyrir afleiður sem gerðar eru upp án nettunar er greiðsluflæði fyrir báða leggina sýnt þar sem ekki er hægt að beita skuldajöfnun við uppgjör.

Afleiður - skuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
<b>Afleiður gerðar upp brúttó</b>							
Innstreymi .....	-	6.258	2.498	78.562	25.000	-	112.318
Útstreymi .....	-	(6.131)	(2.979)	(94.688)	(25.074)	-	(128.872)
<b>Samtals</b>	-	127	(481)	(16.126)	(74)	-	(16.554)
Afleiður gerðar upp nettó .....	-	(38)	-	-	-	-	(38)
<b>Samtals</b>	-	89	(481)	(16.126)	(74)	-	(16.592)

Flokkun eigna eftir gjalddaga byggir á samningsbundnum gjalddaga. Fyrir lán sem voru tekin yfir með miklum afslætti við stofnun bankans og hafa ekki enn verið endurskipulögð þá er samningsbundin greiðsla lækkuð til samræmis við bókfært virði kröfunnar. Fyrir skuldabréf og skuldagerninga í fjárfestingarbók er flokkun eftir gjalddögum byggð á samningsbundnum gjalddögum, en þegar um skuldabréf og skuldagerninga í veltubók er að ræða er byggt á þeim tíma sem áætlað er að þurfi til að selja eignina.

Fjáreignir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka .....	22.937	35.055	-	-	-	-	57.992
Skuldabréf og skuldagerningar .....	6.617	16.494	82	152	31.361	3.956	58.662
Hlutabréf og eiginfjárgæringar .....	-	-	525	48	-	10.534	11.107
Útlán til lánastofnana .....	22.027	21.556	-	-	72	-	43.655
Útlán til viðskiptavina .....	-	50.523	46.877	169.833	297.161	-	564.394
Aðrar fjáreignir .....	-	2.567	237	2	-	380	3.186
<b>Heildarfjáreignir</b>	<b>51.581</b>	<b>126.195</b>	<b>47.721</b>	<b>170.035</b>	<b>328.594</b>	<b>14.870</b>	<b>738.996</b>

### Afleiður - eignir

#### Afleiður gerðar upp brúttó

Innstreymi .....	-	8.069	773	33.058	-	-	41.900
Útstreymi .....	-	(7.976)	(692)	(32.860)	-	-	(41.528)
<b>Samtals</b>	-	93	81	198	-	-	372
Afleiður gerðar upp nettó .....	-	21	-	-	-	-	21
<b>Samtals</b>	-	114	81	198	-	-	393

Töflurnar hér að neðan sýna samanburðartölur fyrir eignir og skuldir miðað við árslok 2010. Í samstæðuársreikningi fyrir 2010 víxluðust formerki inngreiðslna og útgreiðslna á afleiðusamningum og þá voru skuldbindingar vegna greiðslukorta ofmetnar. Þetta hefur verið leiðrétt í töflunni hér að neðan.

### Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2010

Fjárskuldbindingar	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Skortstöður .....	9.090	-	-	-	-	-	9.090
Innlán frá Seðlabanka Íslands .....	26	-	-	-	-	-	26
Innlán lánastofnana .....	58.439	18.419	11.051	8.705	-	-	96.614
Innlán viðskiptavina .....	243.797	39.600	3.965	36.165	8.716	-	332.243
Lántaka .....	1.899	2.084	6.458	33.754	29.887	-	74.082
Víkjandi lán .....	-	266	822	6.019	29.671	-	36.778
Aðrar fjárhagslegar skuldbindingar .....	15.712	6.687	9.237	527	507	1.011	33.681
<b>Fjárskuldbindingar alls</b>	<b>328.963</b>	<b>67.056</b>	<b>31.533</b>	<b>85.170</b>	<b>68.781</b>	<b>1.011</b>	<b>582.514</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

69. (framhald)

<b>Liðir utan efnahags</b>	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Fjárhagslegar ábyrgðir .....	8.404	-	-	-	-	-	8.404
Óáðregnar lánalínur .....	13.453	-	-	-	-	-	13.453
Ónýttar yfirdráttarheimildir .....	17.186	-	-	-	-	-	17.186
Ónýttar greiðslukortheimildir .....	17.916	-	-	-	-	-	17.916
<b>Samtals</b>	<b>56.959</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>56.959</b>

Samtals fjárskuldir aðrar en afleiður og

liðir utan efnahags ..... 385.922 67.056 31.533 85.170 68.781 1.011 639.473

<b>Afleiður - skuldir</b>	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
<b>Afleiður gerðar upp brúttó</b>							
Innstreymi .....	-	10.811	1.267	57.837	25.000	-	94.915
Útstreymi .....	-	( 10.797)	( 1.403)	( 60.757)	( 25.113)	-	( 98.070)
<b>Samtals</b>	<b>-</b>	<b>14</b>	<b>( 136)</b>	<b>( 2.920)</b>	<b>( 113)</b>	<b>-</b>	<b>( 3.155)</b>
Afleiður gerðar upp nettó .....	-	-	-	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>-</b>	<b>14</b>	<b>( 136)</b>	<b>( 2.920)</b>	<b>( 113)</b>	<b>-</b>	<b>( 3.155)</b>

<b>Fjáreignir</b>	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka .....	23.934	6.865	-	-	-	-	30.799
Skuldabréf og skuldagerðingir .....	4.492	30.378	1	4	31.111	2.038	68.024
Hlutabréf og eiginfjárgæringar .....	-	-	-	-	-	3.022	3.022
Útlán til lánastofnana .....	7.027	23.501	-	-	342	-	30.870
Útlán til viðskiptavina .....	4.542	57.662	36.782	156.700	259.475	-	515.161
Aðrar fjáreignir .....	-	1.235	766	30	513	548	3.092
<b>Heildarfjáreignir</b>	<b>39.995</b>	<b>119.641</b>	<b>37.549</b>	<b>156.734</b>	<b>291.441</b>	<b>5.608</b>	<b>650.968</b>

**Afleiður - eignir**
**Afleiður gerðar upp brúttó**

Innstreymi .....	-	3.685	-	-	-	-	3.685
Útstreymi .....	-	( 3.672)	-	-	-	-	( 3.672)
<b>Samtals</b>	<b>-</b>	<b>13</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>13</b>
Afleiður gerðar upp nettó .....	-	-	-	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>-</b>	<b>13</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>13</b>

Liður í því að stýra lausafjánhættu bankans felst í því að eiga safn auðseljanlegra eigna til þess að mæta óvæntu útstreymi fjármagns eða tímabundnum takmörkunum í aðgengi að nýrri fjármögnun. Þessar eignir lúta ströngum skilyrðum varðandi útlánaáættu, seljanleika og næmi fyrir verðsveiflum á markaði. Taflan hér að neðan sýnir heildarfjánhæð og samsetningu lausafjárshafnsins í árslok 2011 og 2010.

<b>Lausafjárstaða</b>	31.12.2011	31.12.2010
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	57.992	30.799
Óveðsett verðbréf sem eru hæf sem veð í viðskiptum við Seðlabanka Íslands .....	55.024	54.881
Erlend ríkisskuldabréf .....	16.323	30.378
Skammtímastöður við lánastofnanir .....	36.695	28.332
Lausafjárlína við íslenska ríkið .....	25.000	25.000
<b>Varasjóður lausafjár</b>	<b>191.034</b>	<b>169.390</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Markaðsáhætta

70. Markaðsáhætta er skilgreind sem áhættan á að verðbreytingar á mörkuðum, svo sem breytingar á vöxtum, hlutabréfaverði og gengi gjaldmiðla, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga bankans og þar með afkomu og eigið fé hans.

#### Stýring markaðsáhattu

Vilji bankans til að taka markaðsáhattu er ákvarðaður af stjórn bankans. Efnahagsnefnd ákveður mörk fyrir einstök eignasöfn og einstaka fjármálagerninga í samræmi við stefnu bankans um stýringu markaðsáhattu sem samþykkt er af stjórn. Áhættustýring ber ábyrgð á eftirliti með markaðsáhattu og gefur viðeigandi aðilum skýrslur þar um með tilliti til þeirra áhættumarka sem ákveðin hafa verið. Markmið markaðsáhattustýringar er að stýra markaðsáhattu bankans þannig að hún sé innan fyrirframskilgreindra og ásættanlegra marka.

Bankinn gerir greinarmun á markaðsáhattu í veltubók annars vegar og fjárfestingarbók hins vegar. Markaðsáhætta í veltubók er aðallega til komin af opnum stöðum í hlutabréfum, skuldabréfum og erlendum gjaldmiðlum. Eignir og skuldbindingar í veltubók eru bókfærðar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar endurspeglast strax í rekstrarreikningi. Markaðsáhætta í fjárfestingarbók stafar einkum af mismæmi í vaxtaskilmálum og myntsamsetningu eigna og skulda. Skýr mörk eru sett varðandi slíkt mismæmi bæði með innri reglum bankans og í lögum og reglugerðum.

### Vaxtaáhætta

71. Vaxtaáhætta er skilgreind sem þau neikvæðu áhrif sem óhagstæðar hreyfingar á vöxtum geta haft á eigið fé eða afkomu bankans.

Bankinn beitir næmismælingum eins og punktvirði til þess að mæla og stýra vaxtaáhættu bankans. Punktvirði segir til um hvernig markaðsvirði undirliggjandi stöðu breytist ef vaxtaferlar hliðrast upp um 0,01% (einn punkt).

72. Vaxtaáhætta í veltubók

Veltubók fjárfestir aðallega í ríkisskuldabréfum og íbúðabréfum en þau eru með ríkisábyrgð. Þessar stöðutökur geta falið í sér skortstöður.

Ríkisskuldabréf eru annaðhvort verðtryggð eða óverðtryggð og með allt að 10 ára meðallíf tíma. Íbúðabréf eru hins vegar verðtryggð og með allt að 14 ára meðallíf tíma. Allar skuldabréfastöður eru takmarkaðar með punktvirðismörkum sem gilda jafnt innan dags og í dagslok. Að auki setur bankinn sér mörk á gnóttstöður og skortstöður í hverjum skuldabréfaflokki. Áhættustýring hefur eftirlit með mörkum veltubókar og eru öll brot tilkynnt til efnahagsnefndar bankans.

Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, gnóttstaða	31.12.2011			31.12.2010		
	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði	Markaðsvirði	Binditími	Punktvirði
Verðtryggð .....	379	9,22	(0,35)	2.124	9,01	(1,91)
Óverðtryggð .....	17.231	0,32	(0,55)	34.078	0,86	(2,92)
<b>Samtals</b>	<b>17.610</b>	<b>0,51</b>	<b>(0,90)</b>	<b>36.202</b>	<b>1,33</b>	<b>(4,83)</b>

Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, skortstaða	31.12.2011			31.12.2010		
	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði	Markaðsvirði	Binditími	Punktvirði
Verðtryggð .....	962	7,89	0,76	1.129	4,74	0,54
Óverðtryggð .....	364	8,17	0,30	7.961	1,32	1,05
<b>Samtals</b>	<b>1.326</b>	<b>7,97</b>	<b>1,06</b>	<b>9.090</b>	<b>1,75</b>	<b>1,59</b>

<b>Hrein staða veltubókar skuldabréfa</b>	<b>16.284</b>	<b>(0,09)</b>	<b>0,16</b>	<b>27.112</b>	<b>1,20</b>	<b>(3,24)</b>
---	---------------	---------------	-------------	---------------	-------------	---------------



## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 72. (framhald)

Í lausafjár safni bankans er umtalsvert magn erlendra ríkisvixla en bankinn setur sem skilyrði að lánsþæfismat útgáfuríkjanna sé a.m.k. AA-. Binitími vixlanna er allt að 6 mánuðir og er punktvirði þeirra -0,3 milljónir króna (31. desember 2010: -0,6 milljónir króna).

Erlend ríkisskuldabréf	31.12.2011		31.12.2010	
	Markaðsvirði	Punktvirði	Markaðsvirði	Punktvirði
Land				
Danmörk .....	3.205	(0,08)	-	0,00
Finnland .....	794	(0,00)	-	0,00
Frakkland .....	1.588	(0,01)	5.380	(0,06)
Þýskaland .....	-	0,00	3.844	(0,04)
Holland .....	3.179	(0,05)	5.379	(0,10)
Noregur .....	2.033	(0,06)	1.953	(0,06)
Bretland .....	-	0,00	3.473	(0,02)
Bandaríkin .....	5.522	(0,13)	10.695	(0,34)
<b>Samtals</b>	<b>16.321</b>	<b>(0,33)</b>	<b>30.724</b>	<b>(0,62)</b>

### 73. Vaxtanæmi í veltubók

Til að greina næmi veltubókar fyrir vaxtabreytingum gerir bankinn ráð fyrir að bæði verðtryggðir og óverðtryggðir innlendir vextir breytist um 100 punkta en að vextir í erlendri mynt breytist minna í samræmi við minna flökt. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif raunhæfar breytingar á vöxtum hafa á eigið fé bankans og rekstrarreikning að öllu öðru óbreyttu.

Næmisgreining á skuldabréfum og öðrum skuldagerningum í veltubók	31.12.2011		31.12.2010		
	Samsíða hliðrun vaxtaferils (punktar)	Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
<b>Mynt</b>					
ISK, óverðtryggt .....	100	( 41)	41	138	( 138)
ISK, verðtryggt .....	100	( 7)	7	125	( 125)
CHF .....	40	-	-	-	-
EUR .....	20	1	( 1)	4	( 4)
GBP .....	40	-	-	1	( 1)
JPY .....	20	-	-	-	-
USD .....	40	5	( 5)	13	( 13)
Aðrar myntir samtals .....	40	6	( 6)	3	( 3)
<b>Samtals</b>		<b>( 36)</b>	<b>36</b>	<b>284</b>	<b>( 284)</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 74. Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók er afleiðing af kjarnastarfsemi bankans. Þessi vaxtaáhætta er aðallega í tengslum við hættu á tapi vegna sveiflna í framtíðargreiðsluflæði eða gangvirði fjármálagerna vegna vaxtabreytinga en það endurspeglar þá staðreynd að eignir og skuldbindingar bankans hafa mismunandi gjalddaga og eru verðlagðar miðað við mismunandi vaxtastig.

Bankinn á í flokki ríkisskuldabréfa, sem metin eru á gangvirði, að fjárhæð 30,8 milljarðar króna (2010: 30,3 milljarðar króna). Bréfin bera breytilega vexti og er vaxtaáhættan því tiltölulega lítil.

Bankinn notar hefðbundna mælikvarða til að meta vaxtanæmi eigna, skulda og tekna.

Vaxtaendurskoðunartímabil í fjárfestingarbók miðað við 31. desember 2011:

Fjáreignir	3-12		1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
	0-3 mánuðir	mánuðir					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka .....	56.016	-	-	-	-	-	56.016
Skuldabréf og skuldagerningar .....	32.218	1.153	1.069	370	1.398	4.458	40.666
Útlán til lánastofnana .....	43.551	104	-	-	-	-	43.655
Útlán til viðskiptavina .....	420.171	27.158	35.739	63.895	1.914	15.517	564.394
<b>Eignir samtals</b>	<b>551.956</b>	<b>28.415</b>	<b>36.808</b>	<b>64.265</b>	<b>3.312</b>	<b>19.975</b>	<b>704.731</b>
Liðir utan efnahags .....	59.201	-	10.007	3.115	113	-	72.436
<b>Skuldir</b>							
Skortstöður .....	-	3.567	1.815	477	-	-	5.859
Innlán Seðlabanka Íslands .....	73	-	-	-	-	-	73
Innlán lánastofnana .....	61.711	1.061	-	-	-	-	62.772
Innlán viðskiptavina .....	456.329	3.383	759	807	1.665	-	462.943
Lántaka .....	7.221	-	-	6.679	49.133	188	63.221
Vikjandi lán .....	21.937	-	-	-	-	-	21.937
<b>Skuldir samtals</b>	<b>547.271</b>	<b>8.011</b>	<b>2.574</b>	<b>7.963</b>	<b>50.798</b>	<b>188</b>	<b>616.805</b>
Liðir utan efnahags .....	62.484	-	9.862	3.070	-	-	75.416
<b>Hreinn vaxtajöfnuður</b>							
<b>31. desember 2011</b>	<b>1.402</b>	<b>20.404</b>	<b>34.379</b>	<b>56.347</b>	<b>( 47.373)</b>	<b>19.787</b>	<b>84.946</b>

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 74. (framhald)

Vaxtaendurskoðunartímabil í fjárfestingarbók miðað við 31. desember 2010:

Fjáreignir	3-12		1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
	0-3 mánuðir	mánuðir					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka .....	28.966	-	-	-	-	-	28.966
Skuldabréf og skuldagerningar .....	31.142	659	-	-	-	22	31.823
Útlán til lánastofnana .....	30.520	350	-	-	-	-	30.870
Útlán til viðskiptavina .....	389.089	37.855	9.481	60.557	2.572	15.607	515.161
<b>Eignir samtals</b>	<b>479.717</b>	<b>38.864</b>	<b>9.481</b>	<b>60.557</b>	<b>2.572</b>	<b>15.629</b>	<b>606.820</b>
Liðir utan efnahags .....	47.903	-	-	-	-	-	47.903
<b>Fjárskuldir</b>							
Innlán Seðlabanka Íslands .....	26	-	-	-	-	-	26
Innlán lánastofnana .....	86.856	1.037	8.319	-	-	-	96.212
Innlán viðskiptavina .....	322.274	2.521	-	1.420	943	-	327.158
Lántaka .....	432	-	-	808	52.639	1.546	55.425
Víkjandi lán .....	21.241	-	-	-	-	-	21.241
<b>Skuldir samtals</b>	<b>430.829</b>	<b>3.558</b>	<b>8.319</b>	<b>2.228</b>	<b>53.582</b>	<b>1.546</b>	<b>500.062</b>
Liðir utan efnahags .....	48.216	-	-	-	-	120	48.336
<b>Hreinn vaxtajöfnuður</b>							
<b>31. desember 2010</b>	<b>48.575</b>	<b>35.306</b>	<b>1.162</b>	<b>58.329</b>	<b>(51.010)</b>	<b>13.963</b>	<b>106.327</b>

### 75. Vaxtanæmi í fjárfestingarbók

Til að greina næmi fjárfestingarbókar fyrir vaxtabreytingum gerir bankinn ráð fyrir að óverðtryggðir innlendir vextir breytist um 100 punkta. Gert er ráð fyrir minni breytingum á erlendum vöxtum á sama hátt og í næmisgreiningunni í veltubókinni. Þá er gert ráð fyrir að verðtryggðir innlendir vextir breytist minna en óverðtryggðir innlendir vextir þar sem þeir eru miðsæknari. Taflan hér að neðan sýnir hvaða áhrif þessar vaxtabreytingar hefðu á rekstrarreikning bankans.

Næmisgreining skuldabréfa og annarra skuldagerna í fjárfestingarbók	31.12.2011		31.12.2010		
	Samsíða hliðrun vaxtaferils (punktar)	Hagnaður eða tap			
		Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
<b>Mynt</b>					
ISK, verðtryggt .....	40	935	(935)	684	
ISK, óverðtryggt .....	100	487	(487)	(62)	
CHF .....	40	(5)	5	5	
EUR .....	20	(3)	3	(3)	
GBP .....	40	1	(1)	-	
JPY .....	20	3	(3)	2	
USD .....	40	8	(8)	(1)	
Aðrar myntir samtals .....	40	(1)	1	(1)	
<b>Samtals</b>		<b>1.425</b>	<b>(1.425)</b>	<b>624</b>	
				<b>(624)</b>	

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Gjaldeyrisáhætta

76. Gjaldeyrisáhætta er áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna gengissveiflna í erlendum gjaldmiðlum, vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum eða vegna misræmis í samsetningu eigna eða skuldbindinga í erlendum myntum.

Greiningin á gjaldeyrisáhættunni hér að neðan er byggð á samningsbundnum gjaldmiðli sérhvers undirliggjandi samnings. Að auki eru þeir liðir utan efnahagsreiknings sem bera gjaldeyrisáhættu taldir með í heildargjaldeyrisjöfnuði bankans. Fjárhæðir liða utan efnahagsreiknings í töflunni hér að neðan endurspeglar nafnverðsfjárhæðir afleiðna og stundarsamninga. Megnið af óleiðréttum gjaldeyrisjöfnuði bankans stafar af lánum í erlendri mynt til viðskiptavina sem hafa tekjur í íslenskum krónum. Þegar eignir voru keyptar frá Glitni var það mat bankans að endurheimtur þessara lána yrðu takmarkaðar í íslenskum krónum. Bankinn hefur varúðarfært alla gengishækkun þessara lána frá kaupunum. Hækki samningsvirði lánanna í íslenskum krónum hækkar varúðarfærslan að sama skapi en það er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Eftirlitsaðilar hafa heimilað leiðréttingu á gjaldeyrisjöfnuði bankans þ.a. tekið sé tillit til þess að endurheimtur erlendra lána þeirra viðskiptavina sem hafa tekjur í íslenskum krónum séu einnig í íslenskum krónum. Töflurnar hér að neðan sýna gjaldeyrisáhættu bankans 31. desember 2011 og 31. desember 2010, bæði með og án leiðréttingarinnar og að teknu tilliti áhrifa samninga utan efnahags. Þá eru fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi undanskildar.

#### Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2011

Eignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka .....	491	124	63	36	10	226	950
Skuldabréf og skuldagerningar .....	5.919	5.890	-	-	-	5.238	17.047
Hlutabréf og eiginfjárgerningar .....	630	122	213	-	-	-	965
Útlán til lánastofnana .....	18.866	10.355	1.492	1.236	382	5.220	37.551
Útlán til viðskiptavina .....	60.941	18.176	4.813	22.681	25.082	2.473	134.166
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....	20	433	-	-	-	-	453
Aðrar eignir .....	-	-	-	-	-	-	-
<b>Heildareignir</b>	<b>86.867</b>	<b>35.100</b>	<b>6.581</b>	<b>23.953</b>	<b>25.474</b>	<b>13.157</b>	<b>191.132</b>

#### Skuldir

Innlán lánastofnana .....	2.511	380	135	11	2	95	3.134
Innlán viðskiptavina .....	21.307	19.451	4.557	725	536	8.547	55.123
Lántaka .....	-	-	-	-	-	14	14
Víkjandi lán .....	21.937	-	-	-	-	-	21.937
Aðrar skuldir .....	-	-	-	-	-	-	-
<b>Heildarskuldir</b>	<b>45.755</b>	<b>19.831</b>	<b>4.692</b>	<b>736</b>	<b>538</b>	<b>8.656</b>	<b>80.208</b>

Brúttó gjaldeyrisjöfnuður á efnahag .....	41.112	15.269	1.889	23.217	24.936	4.501	110.924
---	--------	--------	-------	--------	--------	-------	---------

Aðlögun gjaldeyrisjöfnuðar vegna FX útlána með ISK sjóðstreymi .....	16.007	3.075	806	12.638	13.210	912	46.648
---	--------	-------	-----	--------	--------	-----	--------

Hreinn gjaldeyrisjöfnuður á efnahag	25.105	12.194	1.083	10.579	11.726	3.589	64.276
-------------------------------------	--------	--------	-------	--------	--------	-------	--------

#### Liðir utan efnahags

Eignir utan efnahags .....	4.265	17.238	38	239	2.459	76	24.315
Skuldir utan efnahags .....	21.176	25.427	294	11.106	15.011	1.891	74.905

Hreinn gjaldeyrisjöfnuður utan efnahags	( 16.911)	( 8.189)	( 256)	( 10.867)	( 12.552)	( 1.815)	( 50.590)
---	-----------	----------	--------	-----------	-----------	----------	-----------

Hreinn gjaldeyrisjöfnuður 31. desember 2011 .....	8.194	4.005	827	( 288)	( 826)	1.774	13.686
--	-------	-------	-----	--------	--------	-------	--------

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

76. (framhald)

### Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2010

Eignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka .....	405	191	114	38	15	349	1.112
Skuldabréf og skuldagerningar .....	15.018	10.695	3.473	-	-	1.953	31.139
Hlutabréf og eiginfjárgæringar .....	12	51	-	-	-	-	63
Útlán til lánastofnana .....	16.620	6.403	1.173	30	200	2.589	27.015
Útlán til viðskiptavina .....	67.094	26.092	5.333	41.579	36.613	3.501	180.212
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum .....	218	-	-	-	-	-	218
Aðrar eignir .....	195	373	42	-	-	3	613
<b>Heildareignir</b>	<b>99.562</b>	<b>43.805</b>	<b>10.135</b>	<b>41.647</b>	<b>36.828</b>	<b>8.395</b>	<b>240.371</b>
<b>Skuldir</b>							
Innlán lánastofnana .....	7.701	6.920	5.412	-	11	590	20.635
Innlán viðskiptavina .....	15.791	13.165	2.732	465	1.202	4.935	38.290
Lántaka .....	134	-	-	-	-	32	166
Víkjandi lán .....	21.241	-	-	-	-	-	21.241
Aðrar skuldir .....	647	696	302	-	-	45	1.689
<b>Heildarskuldir</b>	<b>45.514</b>	<b>20.781</b>	<b>8.446</b>	<b>465</b>	<b>1.213</b>	<b>5.602</b>	<b>82.021</b>
Brúttó gjaldeyrisjöfnuður á efnahag .....	54.048	23.024	1.689	41.182	35.615	2.793	158.350
Aðlögun gjaldeyrisjöfnuðar vegna FX útlána með ISK sjóðstreymi .....	37.057	12.362	1.551	26.412	24.194	1.620	103.196
Hreinn gjaldeyrisjöfnuður á efnahag	16.991	10.662	138	14.770	11.421	1.173	55.155
<b>Liðir utan efnahags</b>							
Eignir utan efnahags .....	3.877	5.995	1.151	1.258	2.578	156	15.015
Skuldir utan efnahags .....	24.945	22.015	1.280	6.967	13.514	688	69.409
Hreinn gjaldeyrisjöfnuður utan efnahags	( 21.069)	( 16.020)	( 129)	( 5.709)	( 10.936)	( 532)	( 54.394)
Hreinn gjaldeyrisjöfnuður 31. desember 2010 .....	( 4.078)	( 5.358)	9	9.061	485	641	759

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### 77. Næmisgreining gjaldeyrisáhættu

Taflan hér að neðan sýnir hvernig veiking eða styrking hvers gjaldmiðils hefur áhrif á gjaldeyrisjöfnuð bankans að því gefnu að öðrum áhættuþáttum sé haldið óbreyttum. Breytingin sem sýnd er tekur mið af því að í mesta lagi 1% líkur séu á því að áhrif breytingar verði meiri en taflan gefur til kynna á hverju 10 daga tímabili og er þar byggt á gengishreyfingum síðustu 365 daga. Notuð er óhagstæð hreyfing í hverjum gjaldmiðli til að meta áhrif á rekstur og eigið fé bankans.

#### Næmisgreining gjaldeyrisáhættu 31. desember 2011

Gjaldmiðill (breyting)	Áhrif breytingar
EUR (2%) .....	( 164)
USD (3%) .....	( 120)
CHF (9%) .....	( 26)
GBP (2%) .....	( 17)
JPY (5%) .....	( 41)
Aðrar (4%) .....	( 71)
<b>Samtals</b>	<b>( 439)</b>

#### Næmisgreining gjaldeyrisáhættu 31. desember 2010

Gjaldmiðill (breyting)	Áhrif breytingar
EUR (4%) .....	( 163)
USD (4%) .....	( 214)
CHF (4%) .....	( 362)
GBP (4%) .....	-
JPY (4%) .....	( 19)
Aðrar (5%) .....	( 32)
<b>Samtals</b>	<b>( 790)</b>

## Hlutafjárahætta

78. Hlutafjárahætta í veltubók bankans er til komin af eigin viðskiptum bankans og viðskiptavakt með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands. Mörk eru sett á heildar markaðsvirði bæði eignasafna og einstakra félaga í því augnamiði að draga úr hlutafjárahættu og samþjöppunaráhættu í eignum bankans. Eignarhlutir í félögum og hlutabréf í fjárfestingarbók eru annaðhvort metin á gangvirði í rekstrarreikningi eða teljast vera fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi.

### 79. Næmisgreining á hlutafjárahættu

Taflan hér að neðan sýnir hvaða áhrif raunhæfar breytingar á verðmæti hlutabréfa í eigu bankans gætu haft á eigið fé bankans og tekjur. Gert er ráð fyrir 20% breytingu á verði eigna í veltubók og 40% breytingu á verði eigna í fjárfestingarbók.

Næmisgreining á hlutabréfum	31.12.2011		31.12.2010		
	Hagnaður eða tap				
Eignasafn	Breyting á verðmæti	Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
Veltubók .....	20%	( 79)	79	( 85)	85
Fjárfestingarbók .....	40%	( 5.117)	5.117	( 1.045)	1.045
<b>Samtals</b>		<b>( 5.196)</b>	<b>5.196</b>	<b>( 1.130)</b>	<b>1.130</b>

## Afleiðusamningar

80. Bankinn notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu. Bankinn ber tiltölulega litla óbeina áhættu vegna skuldsettra viðskipta viðskiptavina þar sem bankinn hefur tekið veð vegna hugsanlegs taps. Aðrir afleiðusamningar sem bankinn á vegna tilfallandi viðskipta nema óverulegum fjárhæðum.

## Verðtryggingaráhætta

81. Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skuldbindinga. Virði þessara eigna og skuldbindinga breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma og allar breytingar í neysluverðsvísitölunni hafa áhrif á afkomu bankans. Þann 31. desember 2011 var heildarvirði verðtryggðra eigna 22,2 milljörðum króna meira en heildarvirði verðtryggðra skulda (31. desember 2010: 25,1 milljarðar króna). Þannig leiðir 1% hækkun á vísitölunni til 222 milljóna króna hagnaðar fyrir bankann og 1% lækkun leiðir til samsvarandi taps þegar aðrir áhættuþættir eru óbreyttir.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Stýring eiginfjár

#### 82. Áhætta og eiginfjárgrunnur

Íslenskar reglur um eiginfjárbörf eru byggðar á tilskipun Evrópusambandsins um eigið fé fjármálafyrirtækja (CRD). Lágmark eigin fjár samkvæmt reglunum er 8% af áhættuvegnum eignum.

Fjármálaeftirlitið setti bankanum strangari skilyrði um eigið fé þegar bankinn var settur á stofn og fékk starfsleyfi frá FME. Eiginfjárlutfall bankans, að meðtöldum víkjandi lánum, verður að vera að lágmarki 16%. Þar af skal eiginfjárbáttur A vera að lágmarki 12%.

Bankinn notar staðalaðferð (e. standardised approach) til að reikna eiginfjárbörf sína vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu. Eiginfjárbörf vegna rekstraráhættu er reiknuð með grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Markaðsáhætta er metin samkvæmt leiðrétum gjaldeyrisjöfnuði sem nánar er greint frá í skýringu 76.

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn bankans, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutfall bankans í árslok 2011 og 2010.

	2011	2010
<b>Eiginfjárbáttur A</b>		
Hlutfé .....	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur .....	55.000	55.000
Annað eigið fé .....	2.661	2.498
Óráðstafað eigið fé .....	55.133	53.174
Hlutdeild minnihluta .....	909	791
Reiknuð skattinneign .....	( 2.629)	( 283)
Óefnislegar eignir .....	( 544)	( 187)
<b>Samtals eiginfjárbáttur A</b>	<b>120.530</b>	<b>120.993</b>
<b>Eiginfjárbáttur B</b>		
Víkjandi lán .....	21.937	21.241
<b>Eiginfjárgrunnur samtals</b>	<b>142.467</b>	<b>142.234</b>
<b>Áhættugrunnur</b>		
- Vegna útlánaáhættu .....	532.301	440.586
- Vegna markaðsáhættu	16.695	14.766
Markaðsáhætta, veltubók .....	1.895	4.583
Gjaldeyrisáhætta .....	14.800	10.183
- Rekstraráhætta .....	80.423	79.079
<b>Áhættugrunnur alls</b>	<b>629.419</b>	<b>534.431</b>
<b>Eiginfjárlutföll</b>		
Eiginfjárlutfall A .....	19,1%	22,6%
Eiginfjárlutfall .....	22,6%	26,6%

Árið 2010 mat bankinn eiginfjárbörf sína með svonefndu ICAAP ferli og skilaði til FME sérstakri skýrslu þar um. Mat bankans á eiginfjárbörf með ICAAP ferlinu er lykillbáttur í eiginfjár- og áhættustýringu bankans.

FME mat skýrslu bankans skv. sérstöku eftirlitsferli (SREP). Niðurstöður matsins voru kynntar bankanum á fjórðungnum og sýna að eiginfjárstaða bankans er vel yfir viðmiðunarmörkum sem bankinn hefur sett sér og einnig vel yfir þeim mörkum sem FME hefur sett bankanum.

Í grein 86 laga um fjármálafyrirtæki (161/2002) er kveðið á um aðgerðir vegna ónógs eiginfjár fjármálafyrirtækis. Hafi stjórn eða framkvæmdastjórn fjármálafyrirtækis ástæðu til að ætla að eiginfjárgrunnur þess sé undir lögbundu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eiginfjárgrunn til að uppfylla lögbundið lágmark. Séu úrræði fjármálafyrirtækisins ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða liði frestur án þess að til viðeigandi aðgerða sé gripið skal afturkalla starfsleyfi fjármálafyrirtækisins.

## Skýringar með ársreikningi samstæðu

### Rekstraráhætta

83. Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi sem rekja má til ófullnægjandi verkferla, mistaka starfsfólks og kerfisbilana eða ytri atvika. Lögfræðileg áhætta fellur undir þessa skilgreiningu bankans, sem og orðsporsáhætta og regluvörsluáhætta.

Bankinn hefur sett á laggirnar kerfi til að stýra og meta rekstraráhættu hvarvetna í bankanum. Samkvæmt þessu kerfi þá er stýring rekstraráhættu framkvæmd með samræmdum hætti innan allra rekstrareininga bankans þar sem meginábyrgðin á mati og stýringu á rekstraráhættu liggur hjá hverri starfseiningu fyrir sig.

Bankinn notar grundvallaraðferð til að meta eiginfjárförf vegna rekstraráhættu.